

**SKOÐUN** Pawel Bartoszek skrifar að álit Feneyjanefndarinnar geymi þó nokkrar sprengjur. 15



**MENNING** Raftónlistarmaðurinn Trentemöller hlakkar til að koma fram á Sónar-hátíðinni. 26



**SPORT** Formaður knattspyrnudeildar Fram er mjög ósáttur við yfirlýsingar Stevens Lennon. 30


Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

93%

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
15. febrúar 2013
39. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Sveitarfélög í vanda

Alls 21 af 76 sveitarfélögum landsins ræður að óbreyttu ekki við skuldir sínar nema gripið verði til sérstakra úrræða. 10

**Aldrei dæmdar** Aldrei hefur kona verið dæmd á Íslandi fyrir að brjóta kynferðislega gegn barni. Þetta sýna niðurstöður tveggja rannsókna. 2

**Póknanir slitastjórna** Póknanir allra slitastjórna gætu verið opinberaðar. Heildarkostnaður við slitastjórn og skilanefnd Landsbankans nemur 1,7 milljörðum króna. 4

**Hjúkrunarfræðingar gefa tóninn** Velferðarráðherra segir að vinnu við endurskoðun stofnanasamninga annarra stétta verði haldið áfram. 8




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | NA | 8 |
| Akureyri | 1° | | NNA | 6 |
| Egilsstaðir | 1° | | NV | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | | NA | 3 |
| Reykjavík | 1° | | NA | 6 |

**Bjart með köflum** sunnan og vestan til en dálítil úrkoma norðanlands. Strekkingur allra austast en annars fremur hægur vindur. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Veitingastaðir | Fólk




# Útlendingar eiga innan við 1,5 prósent jarða á Íslandi

Jarðir sem útlendingar eiga að fullu eru 0,37 prósent af öllum jörðum á Íslandi. Þegar jörðum sem þeir eiga hluta í er bætt við nær talan 1,33 prósentum. Lagabreytinga er von til að takmarka eignarhald útlendinga.

**JARÐAMÁL** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur kynnt ríkisstjórninni frumvarp sem gerir það að kröfu að fólk utan hins Evrópska efnahagssvæðis (EES) þurfi að vera íslenskir ríkisborgarar til að kaupa land á Íslandi. Þá er reglugerð í undirbúningi sem kveður á um að borgarar innan EES-svæðisins geti aðeins keypt hér á landi með því skilyrði að einhver efnahagsstarfsemi fari fram á jörðunum.

Ögmundur segir að með þessu sé verið að koma í veg fyrir að útlendingar geti sankað að sér jörðum. „Þú getir ekki einfaldlega verið að safna hér jörðum bara til að safna jörðum og láta eins og þú lifir á tunglinu. Komir af og til á jarðirnar og síðan dofnar smám saman yfir byggðinni vegna þess að það er engin efnahagsstarfsemi sem fylgir eignarhaldinu."

Jarðir að fullu í eigu útlendinga eru 28 talsins, eða 0,37 prósent allra jarða, og að auki eiga þeir hluta í 73 jörðum, eða 1,33 prósentum allra jarða. Samtals eiga þeir, að fullu eða hluta, 101 jörð.

Þetta þarf þó ekki að vera tæmandi listi þar sem útlendingar geta átt í eignarhaldsfélögum. Langflest þeirra eiga aðeins eina jörð.

Magnús Leópoldsson fasteignasali segir örfá tilvik koma upp árlega þar sem útlendingar kaupa jarðir. Langoftast séu það menn sem eru mjög tengdir Íslandi, hafa komið árum saman til veiða, svo dæmi sé nefnt. Ögmundur segir líka mikilvægt að taka á jarðasöfnun einstaklinga. Auðmenn safni að sér jörðum og þurfi ekki að horfa í peninginn sem hækki jarðaverð.

„Það hefur orðið verðsprenging á landi af völdum auðmanna, ekki bara erlendra heldur innlendra líka. Þetta hefur keyrt úr hófi fram og gert það að verkum að það hefur reynst mjög erfitt fyrir fjölskyldur sem vilja halda bújörðum í landbúnaði að gera nákvæmlega það."

Magnús segist ekki kannast við jarðasöfnun. Helst hafi það verið fyrirtækið Lífsval, en Landsbankinn er nú að selja jarðir þess.

### Jarðir sem útlendingar eignuðust*

| | |
|---|---|
| 2006: | ■■■■■■ |
| 2007: | ■ |
| 2008: | ■ |
| 2009: | ■■■ |
| 2010: | |
| 2011: | ■ |
| 2012: | ■ |

*Fjöldi jarða sem útlendingar eignuðust að fullu.

„Ég hef í 28 ár verið að selja jarðir og ég veit ekki um neinn sem safnar þeim. Ég teldi það þvert á móti vera kost hjá sumum að kaupa sér meira land." - kóp / sjá síðu 12



**OKKAR HLUTI Í HÖRPU** Fjöldi kvenna og karla kom saman í Hörpu í hádeginu í gær og dansaði af krafti gegn kynbundnu ofbeldi. Viðburðurinn er hluti af alþjóðlegu átaki, Milljarður rís upp, þar sem einn milljarður jarðarbúa um heim allan dansar saman til að sýna konum og stúlkum samhug vegna kynbundins ofbeldis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rappari til Keflavíkur:

## Tinie Tempah kemur fram

**MENNING** Enski rapparinn Tinie Tempah kemur fram á Keflavík Music Festival 5. til 8. júní næstkomandi.



TINIE TEMPAH

Frægðarsól Tinie Tempah hefur risið hratt frá því að hann var uppgötvaður árið 2009.

Árið 2010 var tvímælalaust hans ár en þá gaf hann út sitt fyrsta lag, Pass Out. Lagið náði efsta sæti breska vinsældalistans og hélt sætinu í tvær vikur. Þriðja smáskífa hans, Written in the Stars, náði einnig efsta sæti listans. Tempah var tilnefndur til fjögurra Brit-verðlauna árið 2011 og hlaut tvenn, fyrir besta nýja atriðið og besta lagið. trs / sjá síðu 34

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar verða ekki greiddar fyrr en daggjöld hækka:

## Hrafnista er hætt að borga

**LÍFEYRISMÁL** Sjómannadagsráð, eigandi Hrafnistuheimilanna, hefur hætt að greiða áfallnar lífeyrisskuldbindingar til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Þetta samþykkti stjórnin að gera frá og með síðastliðnum þriðjudegi og tilkynnti Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra og Katrínu Júlíusdóttur, fjármála- og efnahagsráðherra, um ákvörðunina í bréfi. Ástæðan er sú að svokölluð daggjöld hafa ekki fengist leiðrétt.

Fleiri aðildarfyrirtæki í Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) íhuga einnig að hætta greiðslu lífeyrisskuldbindinganna. Um er að ræða skuldbindingar vegna B-deildar LSR og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.

Í lok árs 2011 var áfallin tryggingafræðileg skuld vegna B-deildar LSR 543 milljarðar króna og óuppgerð áfallin skuldbinding 461 milljarður króna. Stærstur hluti hennar lendir á íslenska ríkinu, eða um 400 milljarða króna. Ef fleiri aðilar sem hafa greitt áfallnar lífeyrisgreiðslur hætta að greiða, líkt og Hrafnista, mun hlutdeild ríkisins aukast. Samtals greiddu Hrafnistuheimilin 335 milljónir króna vegna þeirra á árunum 2001-2012 og var áætlað að þau myndu greiða 56 milljónir króna á þessu ári. - þsj / sjá síðu 6

### Deilan snýst um daggjöld

Daggjöld eru föst krónutala sem greidd er fyrir hvert hjúkrunarrými stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Samkvæmt reglugerð er þeim ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis. Afstaða SFV og aðildarfyrirtækja þess er sú að daggjöldin eins og þau eru í dag eigi ekki að ná yfir lífeyrisskuldbindingar. Því er fjármálaráðuneytið ósammála.


Veisluþjónusta
Ráðstefnuþjónusta
Glæsileg pinnaborð
Brúðkaup - Fermingar
Árshátíðir - Afmæli

Cocktail.is
Veisluþjónusta

Sími: 899-8994

Lionssalurinn Lundur
cocktail@cocktail.is
cocktail.is • salur.is





SÉRVERKEFNI
- Hreingerningar
- Iðnaðarþrif
- Bónvinna
- Parketþrifinsun
- Steinteppaþrif

www.iss.is

## SPURNING DAGSINS



### Kristján hefurðu áhyggjur af því að bókum verði stafrænt?

**„Ég hef frekar áhyggjur af því að þeim verði rafrænt!“**

Kristján B. Jónasson hætti nýlega sem formaður Félags bókaútgefenda. Hann segir margar hættur blasa við vegna uppgangs rafbóka því ólögleg dreifing gæti skaðað útgáfuiðnaðinn mikið.

Hrossakjötshneykslið vindur upp á sig með degi hverjum og breiðist til æ fleiri landa:

# Verkjalyf fyrir hesta leyndust í matvöru

**BRETLAND, AP** Talið er að sex hrossaskrokkar hafi endað í matvælum í Frakklandi þrátt fyrir að merki um verkjalyf fyrir hesta hafi fundist í skrokkunum.

Matvælastofnun breska ríkisins á nú í samvinnu við frönsk stjórnvöld um að rekja hvert kjötið úr skrokkunum sex fór.

Á miðvikudaginn hvatti Evrópusambandið stjórnvöld í öllum aðildarríkjum til þess til að gera nákvæmar rannsóknir næstu vikurnar á unnum kjötvörum til að komast að því hversu mikið sé um að hrossakjöt sé selt sem nautakjöt.

Hrossakjötshneykslið, sem hófst í Frakklandi, hefur nú breiðst út til æ fleiri landa. Meðal annars hefur hrossakjöt fundist í hamborgurum á Írlandi og í Noregi hafa vörur verið fjarlægðar úr verslunum.

Flóknar viðskiptaleiðir með hráefni í matvæli torvelda alla yfirsýn og auðvelda framleiðendum að komast fram hjá reglum. Þannig hefur til dæmis hrossakjöt frá Rúmeníu á endanum lent í frosnu lasanja í breskum verslunum, eftir að hafa farið í gegnum fyrirtæki í Lúxemborg og Frakklandi.

Evrópulögreglan Europol er byrjuð að rannsaka hvort skipulögð glæpastarfsemi sé að baki matvörusvikum af þessu tagi. - gb



**SLÁTURHÚS Í RÚMENÍU** Þarna er slátrað bæði hrossum og nautum. NORDICPHOTOS/AFP




**1.500 MILLJARÐA KRÓNA FÉLAG** Framkvæmdastjóri nýja félagsins, Doug Parker, (til hægri) og forstjóri hins gamla AA, Tom Horton, eftir fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

US Airways og American Airlines sameinast í eitt:

## Stærsta flugfélag í heimi

**BANDARÍKIN** Bandarísku flugfélögin American Airlines og US Airways tilkynntu samruna fyrirtækjanna í gær. Saman verða félögin að því stærsta í heimi, en Delta Airlines hefur hingað til trónað á toppnum. Sameinað félag verður kallað American Airlines.

Fjölmiðlar vestanhafs segja samrunann gera heildarverðmæti hins nýja félags um ellefu milljarða Bandaríkjadala, eða tæplega 1.500 milljarða íslenskra króna. Stjórnir flugfélaganna tveggja eru sagðar hafa hist á miðvikudag, sem markar lokakafla í viðræður sem staðið hafa yfir síðan í ágústmánuði í fyrra.

Kröfuhafar American Airlines munu eiga meginþorra í félaginu, eða um 72 prósent. Framkvæmdastjórinn verður þó yfirmaður US Airways, Doug Parker. - sv

Gagnrýnir Hæstarétt:

## Formaður segir dóminn mistök

**ALÞINGI** Björgvin G. Sigurðsson, formaður allsherjar- og menntamálanefndar, segir Hæstarétt hafa gert mistök þegar komist var að þeirri niðurstöðu í dómi að gróft ofbeldi gegn konu í Hafnarfirði hafi ekki verið kynferðisbrot. Einn sakborninga stakk fingri upp í leggöng og endaþarm konunnar og klemmdi saman, en Hæstiréttur úrskurðaði málið sem líkamsárás, eins og greint hefur verið frá í fréttum undanfarið.

Nefndin fundaði um dóminn í gærmorgun. Björgvin sagði í samtali við Vísi að dómurinn vekti mikla undrun og furðu svo vægt væri til orða tekið. Dómarar hafi einfaldlega gert mistök. - sv

Innanríkisráðherra á Indlandi:

## Fundað um ættleiðingar

**SAMFÉLAGSMÁL Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hélt í gær í heimsókn til Indlands ásamt fulltrúum Íslenskrar ættleiðingar.**

**Íslensk ættleiðing mun ræða við yfirvöld í Indlandi um ættleiðingarmál. Einnig verða fulltrúarnir viðstaddir ráðstefnu, en viðamiklar breytingar á ættleiðingarkerfinu í Indlandi standa yfir. Þá mun barnaheimili Anju Roy verða heimsótt, en börn þaðan hafa komið til Íslands.** - þeb



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

# Konur eru gerendur í 8 prósentum tilvika

**Aldrei hefur kona verið dæmd á Íslandi fyrir að brjóta kynferðislega á barni. Í um átta prósentum tilvika eru konur gerendur samkvæmt íslenskum rannsóknum. Ein kona var dæmd fyrir brot gegn annarri árið 2007 í fyrsta sinn síðan 1838.**

**DÓMSMÁL** Engin kona hefur verið dæmd fyrir kynferðisbrot gegn barni hér á landi. Niðurstöður tveggja íslenskra rannsókna sem gerðar hafa verið á þolendum kynferðisbrota benda þrátt fyrir það til að gerendur séu konur í 7,5 til 8,5 prósentum tilvika þegar þolendur eru börn. Ein kona var sakfelld fyrir kynferðisbrot árið 2007 gegn annarri konu, sem var í fyrsta sinn síðan árið 1838 sem kona er dæmd fyrir kynferðisbrot.

Hrefna Ólafsdóttir félagsráðgjafi gerði viðamikla tíðnirannsókn á þolendum kynferðisbrota árin 2000 og 2001. Þar voru gerendur í langflestum tilvikum karlmenn, en konur voru um 7,5 prósent. Hrefna segir mikilvægt að slík tíðnirannsókn verði endurtekin bráðlega, þar sem umræðan hafi opnast mikið á undanförnum árum.

Félagsráðgjafarnir Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir gerðu rannsókn á þolendum kynferðisbrota árið 2006 út frá svörum þeirra. Af 94 gerendum í rannsókninni voru átta konur, sem gerir um 8,5 prósent.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir mikilvægt að hafa í huga að opinberar tölur og dómar sem falla endurspegli ekki endilega veruleikann og oft síður en svo.

„Brot af þessu tagi, sem sæta svo mikilli þöggun, eru illa til þess fallin að gefa rétta mynd af veruleikanum,“ segir hún. „Niðurstöðum erlendra rannsókna á kyni gerenda ber ekki saman um hversu hátt hlutfall kvenna brýtur kynferðislega gegn börnum en rannsóknir sýna í auknum mæli að hlutur kvenna sem gerenda eykst og eru þessar konur oft í hópi ungra gerenda.“

Svala stendur fyrir málþingi í Háskóla Reykjavíkur á föstudag þar sem rætt verður um gerendur í kynferðisbrotamálum gegn börnum.

sunna@frettabladid.is



**ENGAR KYNFERÐISBROTAKONUR Í KVENNAFANGELSINU** Einungis ein kona hefur verið dæmd fyrir kynferðisbrot á Íslandi. Konan fékk skilorðsbundinn dóm fyrir að brjóta á annarri fullorðinni konu árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

### Flestar tengjast fjölskyldu barnsins

Fram kemur í rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur að gerendur kynferðisbrota séu í langflestum tilvikum karlmenn. Konur reyndust þó vera 7,5 prósent af heildarfjölda gerenda sem rannsóknin náði til.

Í tíðnirannsókn Hrefnu voru 98 konur og 24 karlar sem höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku.

- ➜ Kona tengdist fjölskylduþolanda í 3,1% tilvika.
- ➜ Kona var ókunnug fjölskyldu í 2,5% tilvika.
- ➜ Kona var foreldri eða sinnti foreldrahlutverki í 1,9% tilvika.

Þá kom einnig fram í niðurstöðum Hrefnu að konur misnota drengi í 29% tilvika og stúlkur í 3% tilvika. Hrefna bendir á að taka verði mið af því að svarendur voru orðnir fullorðnir þegar spurt var.

### ➜ Leitað til Stígamóta vegna kvenna

Árið 2011 leituðu 278 einstaklingar til Stígamóta vegna kynferðisbrota. Gerendur brotanna voru samtals 452, þar af tíu konur, sem gerir hlutfall ofbeldiskvenna um 2,2%. Þetta rímar við tölur fyrri ára.






Skaut kærustu sína að næturlagi á heimili sínu í Pretoríu:

# Pistorius ákærður fyrir morð

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Suðurafríski hlaupakappinn Oscar Pistorius var handtekinn í fyrrinótt og síðar ákærður fyrir að hafa orðið kærustu sinni að bana.

Kærasta hans, fyrirsætan Reeva Steenkamp, fannst látin á heimili hans í höfuðborginni Pretoríu, með fjögur skotsár á höfði og handlegg. Þetta gerðist um fjögurleytið að nóttu til í afgirtu hverfi auðmanna, þar sem Pistorius býr í glæsihúsi.

Í suðurafrískum fjölmiðlum var fullyrt að Pistorius hefði haldið að hún væri innbrotsþjófur. Nokkrir fjölmiðlar leiddu líkur að því að hún hefði ætlað að koma honum á óvart á Valentínusardaginn. Lögreglan vildi þó ekki staðfesta slíkar vangaveltur.

Lögreglan staðfesti hins vegar að hún hefði áður þurft að skipta sér af atvikum á heimili Pistoriusar.

Þá hefur lögreglan rætt við vitni, bæði nágranna og aðra sem „heyrðu hvað gerðist fyrr um kvöldið og þegar skotin riðu af“ að því er haft er eftir Denise Beukes, talskonu lögreglunnar.

Pistorius er einn þekktasti íþróttamaður Suður-Afríku. Hann keppti á Ólympíuleikunum í London í sumar og varð þá fyrstur til að taka þátt í hlaupaíþróttum á Ólympíuleikum með tvo gervifætur. - gb



**HANDTEKINN** Oscar Pistorius leiddur út af heimili sínu í lögreglufylgd. NORDICPHOTOS/AFP



BÚÐU TIL ÞINN EIGIN SÓFA
SPARIÐ 70.000
FULLT VERÐ: 249.800
179.800
SILKEBORG HORNSÓFI
Efni: PELLISIMA leður. Stærð: B300 x D200 x H85 sm. Fæst í brúnu.
Hægt er að kaupa stakar einingar til að stækka sófann.
Horn verð: 69.950 Sæti verð: 59.950
SPARIÐ 18.000
FULLT VERÐ: 34.950
16.950
LUDVIG SKRIFBORÐ
Hvítt skrifborð í háglans með silfurlituðum járnfótum. 2 skúffur og
sniðug hirsla undir borðplötunni. Stærð: B120 x H75 x D55 sm.
MYRKVUNARGARDÍNA
STÆRÐ: 60 X 170 SM.
2.495
DARK MYRKVUNARGARDÍNUR
Þykkar og góðar myrkvunargardínur. Litur: Hvítt. Stærðir:
60 x 170 sm. 2.495 80 x 170 sm. 2.995 100 x 170 sm. 3.495
110 x 170 sm. 3.995 120 x 170 sm. 4.295 140 x 170 sm. 4.695
150 x 170 sm. 4.995 160 x 170 sm. 5.495 180 x 170 sm. 5.995
200 x 170 sm. 6.495 90 x 250 sm. 4.495 150 x 250 sm. 5.995
FRÁBÆR TILBOÐ!
KRONBORG OF DENMARK
FRÁBÆR HANDKLÆÐI
HREIN EFNI
MAIN HANDKLÆÐI
Einstaklega vönduð og
góð handklæði úr 100%
bómullarfrotté. Nokkrir litir.
Frábært verð! Einlit handklæði:
Þvottastykki 30 x 30 sm. 199
Lítið handklæði 40 x 60 sm. 499
Gestahandklæði 50 x 100 sm. 995
Baðhandklæði 70 x 140 sm. 1.995
Stórt handklæði 100 x 150 sm. 2.995
Röndótt handklæði, fást í nokkrum litum.
Gestahandklæði 50 x 100 sm. 995
Baðhandklæði 70 x 140 sm. 1.995
STÆRÐ: 30 X 30 SM.
199
HREIN EFNI
60°
Koddi
50 x 70 sm.
5.995
KRONBORG OF DENMARK
SÆNG + KODDI
SÆNG + KODDI FULLT VERÐ: 22.945
16.990
26%
Fylling: 90% andadúnn
Þvottur: 60°C
Burðargeta: 9
KRONBORG GREENLAND ANDADÚNSÆNG
Notaleg og góð sæng fyllt með 750 gr. af andadúni og andafiðri.
Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Stærð: 135 x 200 sm. 16.950
KOMIÐ AFTUR
king cole
MERINO BLEND
DK GARN
Frábært prjónagarn
sem fæst í mörgum
flottum litum. 100%
hrein ull.
Superwash. 50 gr.
dokka.
1 DOKKA
349
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
TILBOÐIN GILDA 15.02 til 17.02
KEYPTU 2 OG SPARAÐU 1.000
57 LÍTRA
2.995
57 LÍTRA PLAST-
KASSI Á HJÓLUM
Með smelltu loki og á
hjólum. St. 59 x 41 x 33 sm.
1 stk. 2.995 nú 2 stk. 4.990

## GENGIÐ
14.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,65 | 129,27 |
| Sterlingspund | 199,46 | 200,42 |
| Evra | 171,39 | 172,35 |
| Dönsk króna | 22,968 | 23,102 |
| Norsk króna | 23,276 | 23,414 |
| Sænsk króna | 20,244 | 20,362 |
| Japanskt jen | 1,376 | 1,384 |
| SDR | 196,13 | 197,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,6419

Umfang lögbrota sem tengjast bankahruninu kom rannsakendum FME á óvart:

# Helmingi hrunmála vísað til saksóknara

**VIÐSKIPTI** „Það er óhætt að segja að umfang brotanna hafi komið á óvart,“ sagði Sigurveig Guðmundsdóttir, yfirmaður vettvangs- og verðbréfaeftirlits Fjármálaeftirlitsins (FME), á fundi með fréttamönnum í gær, þar sem hún fór yfir rannsóknir sínar á málum sem tengdust bankahruninu.

Tilefni fundarins var það að FME telur að rannsóknum þess á hrunmálum sé nú lokið.

Alls rannsakaði FME 205 mál sem tengdust bankahruninu frá haustinu 2008 þar til á þessu ári. Þar af var helmingur málanna, 103 mál, kærður til sérstaks saksóknara eða þeim vísað þangað til rannsóknar. Fjórum var lokið með stjórnvaldssekt og 98 felld niður.

Algengasta tegund brota sem fóru til sérstaks saksóknara er umboðssvik, samtals 47. Þá koma innherjasvik við sögu í 22 málum og markaðsmisnotkun í átján málum.

Senn er von á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um sparisjóðakerfið, en aðspurð sagðist Sigurveg ekki eiga sérstaklega von á því að þar kæmu upp á yfirborðið mál sem hefðu ekki þegar verið rannsökuð hjá embættinu. - sh

**➜ Afdrif mála sem FME rannsakaði**




Önnur hækkun frá hruni:

## Fitch hækkar lánshæfismatið

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings hefur hækkað lánshæfismat Íslands fyrir langtímaskuldbindingar í erlendri mynt. Ísland var hækkað í BBB flokk úr BBB- og lánshæfismatið BBB+ var staðfest fyrir langtímaskuldbindingar í innlendri mynt. Þetta er í annað sinn sem Fitch hækkar lánshæfismat Íslands frá hruni.

Fitch hefur staðfest lánshæfismatið F3 fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendri mynt og hækkað landseinkunnina (e. country ceiling) í BBB úr BBB-. Horfur fyrir lánshæfismat á langtímaskuldbindingum eru stöðugar. - sv

**UMFERÐ**

### Viðvörunarljós fyrir strætó

Ný umferðarljós hafa nú verið sett upp við sérstaka akbraut sem ætluð er strætisvögnum eingöngu meðfram Kleppsvegi við Laugarásbíó. Þegar strætó er ekið til vesturs loga ljós á móti bílum sem ekið er út af bílastæðinu norðan Laugarásbíós. Þetta eru fyrstu og einu ljós sinnar tegundar á landinu.

**LEIÐRÉTT**

Í frétt um sigurhljómsveit Ljóðaslamms Borgarbókasafnsins misritaðist nafn Margrétar Rósu Dóru-Harrysdóttur. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Ekki er rétt sem sagði í frétt blaðsins í gær að fulltrúi Sjálfstæðisflokks hefði ekki skrifað undir tillögur meirihluta nefndar um aðgang stjórnmálahreyfinga og frambjóðenda að fjölmiðlum í aðdraganda kosninga. Hið rétta er að það var fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni, Sunna Gunnars Marteins, sem ekki var með í umsögninni. Sunna segir að vegna anna í flokksstarfinu hafi sér ekki gefist tími til að kynna sér innihald umsagnarinnar nógu ítarlega í tæka tíð áður en senda þurfti hana til allsherjarnefndar Alþingis.

# Þóknanir allra slitastjórna gætu verið opinberaðar

Slitastjórn Glitnis segir að héraðsdómur verði að afla sér upplýsinga um þóknanir allra slitastjórna ef hann ætlar að fjalla um meintar ofgreiðslur hennar. Kostnaður við þrotabú Landsbankans er 1,7 milljarður króna.

**VIÐSKIPTI** Ef krafa fimm lífeyrissjóða um að Héraðsdómur Reykjavíkur láti slitastjórn Glitnis skila meintum ofgreiddum þóknunum í þrotabúið verður tekin til efnislegrar meðferðar er óhjákvæmilegt að dómurinn afli sér allra upplýsinga um þóknanir annarra slitastjórna líka.

Þetta er mat slitastjórnar Glitnis sem sett er fram í svarbréfi hennar vegna kröfu lífeyrissjóðanna. Fréttablaðið hefur bréfið, sem var sent á þriðjudag, undir höndum.

Lífeyrissjóðirnir fimm; Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Festa lífeyrissjóður, vilja meina að Steinunn Guðbjartsdóttir, Páll Eiríksson og fyrirtæki þeirra hafi oftekið sér um 400 milljónir króna í þóknanir fyrir störf við þrotabúið. Alls höfðu þau fengið 842 milljónir króna greiddar um mitt síðasta ár.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að engir kröfuhafar Kaupþings og LBI (gamla Landsbankans) hefðu farið fram á sundurliðaðan kostnað vegna þóknana þeirra. Slitastjórnir þeirra beggja hafa ekki viljað opinbera slíka sundurliðun.

Af upplýsingum sem hægt er að finna á heimasíðu LBI má þó reikna út að heildarkostnaður við slitastjórn og skilanefnd bankans hafi verið 1,7 milljarðar króna fram á mitt síðasta ár. Það er helmingi meiri kostnaður en slitastjórn Glitnis hefur greitt sér. Slitastjórn Kaupþings hefur hvorki viljað afhenda upplýsingar um þær þóknanir sem greiddar hafa verið til slitastjórnar og skilanefndar bankans né launakostnað Kaupþings.



**BRÉF** Krafa lífeyrissjóðanna byggir á því að þær þóknanir sem slitastjórn Glitnis hefur tekið sér séu óhóflegar. Slitastjórnin, sem Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson mynda, hafnar því. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í bréfi slitastjórnar Glitnis til héraðsdóms segir að „telji héraðsdómur að erindið sé tækt til efnismeðferðar er óhjákvæmilegt að héraðsdómur leiti upplýsinga um kostnað og tímagjald sambærilegra sérfræðinga eigi þessi samanburður um þóknun og tímagjald að fara fram enda byggir krafa lífeyrissjóðanna á því að tímagjald Glitnis sé óhóflegt og standist ekki samanburð við sambærileg störf sérfræðinga hjá öðrum sambærilegum slitastjórnum“.

thordur@frettabladid.is

### Burlington borgar mikið fyrir þjónustu

Í bréfi slitastjórnar segir að stærsti einstaki kröfuhafinn í Glitni hafi sent henni tölvupóst yfir tímagjald þeirra lögmanna á Íslandi sem hann hafi leitað til. Tímagjald þeirra hafi verið 44.074 til 60.350 krónur og tímagjald fulltrúa þeirra á bilinu 29.595 til 40.800 krónur. Stærsti kröfuhafi Glitnis er Burlington Loan Management, sem er í stýringu bandaríska vogunarsjóðsins Davidson Kempner. Samtals á hann kröfur upp á 191,5 milljarða króna í bú Glitnis. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur Burlington að mestu skipt við Logos hérlendis. Slitastjórn Glitnis rukkar sjálf á bilinu 29.500 til 35.500 krónur á tímann auk virðisaukaskatts. Í bréfinu segir að á síðasta skiptafundi LBI hafi verið upplýst munnlega að tímagjald allra slitastjórnarmanna væri 35 þúsund krónur auk virðisaukaskatts. Það er jafnt efri mörkum þess sem slitastjórnarmenn Glitnis rukka.

Fiskbúðin Höfðabakka
Fiskbúð • Kjötborð • Heitur matur í hádeginu
Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070
Lúðusneiðar
1.990 kr/kg
Nautalundir
6.390 kr/kg
Nautahakk
1.690 kr/kg
Opið laugardaga 11:00 – 16:00

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**AUSTLÆG ÁTT** verður ríkjandi á landinu um helgina. Strekkingur verður með austurströndinni í dag en á morgun vex vindur sunnan- og vestanlands og gæti orðið stormur allra syðst um tíma aðfaranótt sunnudags. Á sunnudag verður víða úrkoma.




**Á morgun**
Strekkingur og svo hvasst með suðurströnd og vestanlands annars hægari.




**Sunnudagur**
Strekkingur/hvasst sunnan- og vestanlands annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Berlín | XX° | Friedrichshafen | 2° | Las Palmas | 21° | New York | 9° | París | 9° |
| Aþena | 10° | Billund | 1° | Gautaborg | 2° | London | 9° | Orlando | 20° | San Francisco | 18° |
| Basel | 5° | Frankfurt | XX° | Kaupmannahöfn | 2° | Mallorca | 16° | Ósló | -3° | Stokkhólmur | 1° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# Nýjar *vörur*



Bolur
*1.699*



Hettupeysa
*4.999*



**Hettupeysa** st. S-XL vnr. 873801 **4.999**
**Marcus gallabuxur** st. 28-40 vnr. 862953 **8.999**

**Bolur** st. S-XL vnr. 874461 **2.999**
**Pre End gallabuxur** st. 31-42 vnr. 873429 **9.999**

**Cargobuxur** st. S-XL vnr. 861450 **6.999**



**Jakki**
st. S-XXL
vnr. 874561
**7.999**



**Bolur**
st. S-XL
vnr. 874455
**1.699**



**Peysa**
st. S-XL
vnr. 874573
**3.999**



**Bolur**
st. M-XL
vnr. 874446
**1.999**



**Skór**
st. 36-46
vnr. 881764
**7.999**



**Bolur**
st. S-XXL
vnr. 520737
**3.499**



**Boxer**
st. S-XL
vnr. 878010, 878012
**1.699**



**Bolur**
st. S-XXL
vnr. 592209
**3.999**



**Buxur**
st. 30.-36
vnr. 873792
**6.999**

**Hammerthor**
**Sokkar**
st. 40-46
vnr. 859974, 863832, 867996
**799-899**





**Jakki**
st. S-XL
vnr. 877279
**8.999**

**Skór**
st. 36-46
vnr. 860336, 860353
**5.999**



Gildir til 17. febrúar á meðan birgðir endast.

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg lögbýli eru á Íslandi?
**2.** Hvaða verki tekur Högni í Hjaltalín þátt í að setja upp í Þjóðleikhúsinu?
**3.** Hvar í Evrópu var mest fjölgun erlendra ferðamanna í fyrra?

**SVÖR**

**1.** Um sex þúsund og fimm hundruð. **2.** Englum alheimsins. **3.** Á Íslandi.

Utanríkisráðherra um þverrandi skilning Evrópusambandsins á sérstöðu Íslands í EES-samstarfinu:

# „ESB er orðið hundleitt á EES“

**UTANRÍKISMÁL** „ESB er orðið hundleitt á EES, finnst mér stundum, og orðið hundleitt á tvíhliðasamningunum við Sviss. Þess vegna hefur ESB sagt, með verkum sínum sem rakin eru í skýrslunni, að það hefur lítinn vilja til að leggja sig mikið fram til að búa til sérstöðu fyrir þessi ríki.“

Þetta sagði Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra á þingi í gær þar sem rætt var um árlega skýrslu ráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að skilningur ESB á málflutningi og óskum EFTA-ríkjanna á vettvangi EES-samningsins virðist hafa farið minnkandi síðustu ár og samskipti hafa gerst nokkuð stirð og formleg. Þá hefur Íslandi reynst erfitt að fá viðurkennda sérstöðu í ýmsum málum.

„Það liggur alveg ljóst fyrir að það hefur dregið úr viljanum til að veita undanþágur innan EES,“ sagði Össur í gær og bætti því við að það væri skynjun Íslendinga að stofnanaminni ESB gagnvart EES væri að þverra og minni skilningur en áður gagnvart sérstöðu Íslands.

Í kaflanum um mál sem tengjast EES segir að stífni ESB hafi meðal annars komið fram með þeim hætti að sambandið hafi „staðfastlega hafnað aðlögunartextum sem Ísland hefur óskað eftir“. - þj

**„Það liggur alveg ljóst fyrir að það hefur dregið úr viljanum til að veita undanþágur innan EES.**

*Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra*







BÓKABÚÐ FORLAGSINS

*Fiskislóð 39*

*OPIÐ ALLA VIRKA DAGA*
kl. 10–18
*OG LAUGARDAGA*
kl. 11–15

FORLAGIÐ

*Kaffi á könnunni og næg bílastæði*


# Hrafnista borgar ekki lífeyrisskuldbindingar

Eigandi Hrafnistu hefur sent bréf til tveggja ráðuneyta og tilkynnt að hann sé hættur að greiða áfallnar lífeyrisskuldbindingar. Hann telur daggjöld ekki eiga að ná yfir greiðslu þeirra. Fleiri fyrirtæki í velferðarþjónustu gætu fylgt í kjölfarið.

**LÍFEYRISMÁL** Sjómannadagsráð, eigandi Hrafnistuheimilanna, hefur hætt að greiða áfallnar lífeyrisskuldbindingar til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Þetta samþykkti stjórnin að gera frá og með síðastliðnum þriðjudegi og tilkynnti Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra og Katrínu Júlíusdóttur, fjármála- og efnahagsráðherra, ákvörðun sína í bréfi. Fréttablaðið hefur bréfið undir höndum.

Heimildir blaðsins herma að fleiri aðilar, sem eiga aðild að Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), íhugi að hætta einnig greiðslu lífeyrisskuldbindinga. Ákvörðun um hvort af því verði mun verða tekin á næstu stjórnarfundum þeirra.

Deilan snýst um hvort svokölluð daggjöld til reksturs hjúkrunarheimila eigi einnig að ná yfir lífeyrisskuldbindingar eða ekki. Daggjöld eru föst krónutala sem greidd er fyrir hvert hjúkrunarrými stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum. Samkvæmt reglugerð er þeim ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis. Afstaða SFV og aðildarfyrirtækja þess er sú að daggjöldin, eins og þau eru í dag, eigi ekki að ná yfir lífeyrisskuldbindingar. Því er fjármálaráðuneytið ósammála.

Í bréfinu segir að SFV hafi „í mörg ár reynt að fá daggjöld til reksturs hjúkrunarheimila leiðrétt, meðal annars þannig að daggjaldagreiðslur feli í sér upphæðir til greiðslu lífeyrisskuldbindinga [...] Þær tilraunir hafa því miður engu skilað, að því er virðist vegna afstöðu fjármálaráðuneytis, þrátt fyrir góðan ásetning margra. Áhugaleysi stjórnvalda við að leysa úr þessu máli er með eindæmum. Það sannar fjöldi ítrekaðra tölvupósta, bréfa og fundarbeiðna frá SFV um málið, þar sem erindum er stundum svarað með mjög „ómarkvissum“ hætti eða alls ekki svarað“.

Forsvarsmenn Hrafnistu segi að í kjölfar mikillar hagræðingarkröfu á síðustu árum sé ljóst að daggjöld dugi einungis til að veita heimilisfólki lágmarksþjónustu. „Óhjákvæmilegt er að greiðsla umræddra lífeyrisskuldbindinga skerði þjónustu heimilisfólks Hrafnistuheimilanna. Til fróðleiks má geta þess að þessar greiðslur námu um 335 milljónum króna á árunum 2001-2012.“ Fjárhæðin er áætluð um 56 milljónir króna fyrir Hrafnistuheimilin árið 2013.

thordur@frettabladid.is



**HRAFNISTA** Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hafa árum saman barist fyrir því að fá daggjöld til reksturs hjúkrunarheimila leiðrétt. Nú hefur Hrafnista ákveðið að senda alla reikninga sem berast vegna áfallinna lífeyrisskuldbindinga til velferðarráðuneytisins.

### Stór óuppgerð skuld ríkisins

Í lok árs 2011 var áfallin tryggingafræðileg skuld vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) 543 milljarðar króna og óuppgerð áfallin skuldbinding 461 milljarður króna. Stærstur hluti hennar lendir á íslenska ríkinu, eða um 400 milljarðar króna. Ef fleiri aðilar sem hafa greitt áfallnar lífeyrisgreiðslur hætta að greiða, líkt og Hrafnista, mun hlutdeild ríkisins aukast.

Ef byrjað hefði verið að greiða niður þessa skuld á síðasta ári myndu opinberir aðilar þurfa að greiða um átta milljarða króna á ári. Þær greiðslur myndu ná hámarki árið 2024, þegar þær yrðu um 18 milljarðar króna á ári, en þær síðan lækka jafnt og þétt eftir það.


FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1968

## Framboð í trúnaðarstöður FRV

*Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.*

*Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.*

*Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegi 22.03.2013*

*Reykjavík 15. febrúar 2013*

***Stjórn Félags Rafeindavirkja***



LAUGARDAGSKAFFIÐ
MEÐ ATLA FANNARI OG HAUK MORÐINGJA
SVART OG SYKURLAUST KL. 15 - 17
X 97.7


Inflúensan náði hámarki fyrr á árinu en er enn í fullum gangi víða í Evrópu:

# Flensan í rénun hér á landi

**HEILBRIGÐISMÁL** Tilkynningum um inflúensulík einkenni hefur fækkað mikið undanfarna viku og er inflúensan greinilega í rénun, að sögn landlæknisembættisins.

Flensufaraldurinn var heldur fyrr á ferðinni nú en undanfarin ár en virðist að öðru leyti hafa verið svipaður faröldrum síðustu ára. Flensan náði hámarki upp úr miðjum janúar, í þriðju til fimmtu viku ársins.

Ellefu einstaklingar greindust með staðfesta inflúensu samkvæmt veirufræðideild Landspítalans, að því er fram kemur á vef landlæknis. Sex þeirra reyndust vera með svínainflúensu, fjórir með inflúensu A og einn með inflúensu B.

Þá greindust níu einstaklingar með RS-veirusýkingu í síðustu viku og er talið að veirusmitunum fari nú fækkandi.

Inflúensan er enn útbreidd víðast hvar í Evrópu, samkvæmt tölum frá Sóttvarnastofnun Evrópu. Þá er fjöldi tilvika talsvert meiri víðast en hér á landi og flensan enn að bæta í.

Landlæknisembættið minnir á að þó dregið hafi úr fjölda tilfella af inflúensu, RS-veiru og öðrum öndunarfæraveirum, dreifast þær áfram á milli manna. Því er fólk hvatt til að dvelja heima meðan það er veikt, hylja vit sín við hósta og hnerra og þvo sér vel um hendur. - þeb



**HALDA SIG HEIMA** Landlæknir minnir á að þótt flensan sé í rénun eigi fólk að grípa til sömu ráðstafana og áður til að hindra smit.

# Helgar tilboð

**Iceland**

**Gildir föstudag, laugardag og sunnudag**



Esju BBQ grísabelti
**489** kr. kg



Esju svínakótilettur
**989** kr. kg



Esju tortillur - verð frá
**1.099** kr. kg

*Mikið úrval af tortilla vefjum*




**Alltaf svona ÓDÝRT hjá okkur!**

*Fjölbreytt úrval af pizzum í Iceland*

**20%**
kynningarafsláttur á öllum Iceland pizzum



Opið frá kl. **11–20** alla daga
**Engihjalla og Granda**

**Fjölbreytt og spennandi vöruval, frábært verð!**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## SMÁSTIRNI SVÍFUR FRAM HJÁ JÖRÐU

Stór loftsteinn með eyðileggingarmátt á við vetnissprengju svífur hratt í átt að jörðu og mun fara fram hjá henni um klukkan hálf átta í kvöld. Engin hætta er á að smástirnið muni rekast á Jörðina en það mun svífa nær okkur en flestir gervihnettir á sporbraut um Jörðu.






Loftsteinagígurinn í Arizona, 1.200 metrar í þvermál og 170 metra djúpur. Varð til þegar loftsteinn sem var um það bil 50 metrar í þvermál rakst á jörðina fyrir 50.000 árum.

Tunguska í Rússlandi. Smástirni svipað stórt og 2012 DA14 sprakk í lofthjúpi Jarðar yfir Síberíu árið 1908 og lagði 2.000 ferkílómetra af skógi í eyði.

HEIMILD: GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA © GRAPHIC NEWS

# Fleiri stéttir taka upp stofnanasamninga

Í kjölfar almenns félagsfundar í gær fer Sjúkraliðafélag Íslands fram á viðræður við Landspítalann um endurskoðun á stofnanasamningi við spítalann. Heilbrigðisráðherra segir þing og ríkisstjórn þurfa að finna út úr fjármögnun frekari kjarabóta.

**VINNUMÁL** Sjúkraliðafélag Íslands boðaði síðdegis í gær til almenns félagsfundar til að kynna stöðu og horfur í kjaramálum í kjölfar þess að skrifað var undir nýjan stofnanasamning milli hjúkrunarfræðinga og Landspítalans.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, segir að í kjölfarið verði farið fram á viðræður við Landspítalann um endurskoðun stofnanasamnings sjúkraliða við spítalann á svipuðum nótum og gengið hafi verið frá við hjúkrunarfræðinga. Þær viðræður séu hluti af áframhaldandi vinnu í takt við stefnu stjórnvalda og vilyrði um að hækka laun kvennastétta. „Þetta á að ganga yfir allar heilbrigðisstofnanir ríkisins,“ segir hún.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra var spurður út í stöðuna í kjaraleiðréttingum heilbrigðis- og kvennastétta í óundirbúnum fyrirspurnum á Alþingi í gærmorgun. Þar sagðist hann fagna því að samningar hefðu náðst milli stjórnar Landspítalans og hjúkrunarfræðinga og vonast til að sem flestir vildu starfa áfram við spítalann.

Lausn á vanda hjúkrunarfræðinga, sem setið hefðu eftir í launaþróun, sagði hann litið á sem fyrsta skrefið í umfangsmeiri aðgerðum til að sporna við kynbundnum launamun hjá hinu opinbera. Guðbjartur sagði að ríkið hefði sett um 400 milljónir króna í að leysa vanda hjúkrunarfræðinga. „Og auðvitað verður haldið áfram að vinna stofnanasamninga fyrir aðrar stéttir sem hafa eftir því leitað,“ sagði hann og kvað tóninn hafa verið sleginn í þeim efnum. „Þingið mun koma að því ásamt ríkisstjórn að finna út með hvaða hætti og hvaða upphæðum við eyðum til að leysa það mál.“

olikr@frettabladid.is



**SJÚKRALIÐAR FUNDA** Formaður Sjúkraliðafélagsins kynnti sjúkraliðum fyrirætlanir um kjarabætur til handa kvennastéttum í heilbrigðisgeira í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Tölur um uppsagnir liggja fyrir í dag

Landspítalinn gaf hjúkrunarfræðingum sem ekki vildu verða af 30 þúsund króna álagsgreiðslu frest til miðnættis í gær til að draga uppsagnirnar til baka. Í dag ættu því að liggja fyrir tölur um hversu margir af þeim um 300 sem sagt höfðu upp störfum hafa dregið uppsagnir til baka.


MYNDARLEGUR
www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE AND BEYOND



ENNEMM / SÍA / NM55673

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

OPIÐ LAUGARDAG
FRÁ 12–16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l / 100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Ef þig langar að prófa Discovery skaltu ekki hika við að hafa samband við okkur í síma 525 8000 eða koma við og skreppa í reynsluakstur.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

B|L
BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# netto
Kræsingar & kostakjör

NÝTT KORTATÍMABIL



## LANGSKORINN LAMBAHRYGGUR

26% AFSLÁTTUR

**1.398**

ÁÐUR 1.889 KR/KG

- 35% FOLALDASNITSEL ~~áður 2.398~~ NÚ 1.559 KR/KG
- 21% FOLALDALUND ~~áður 3.789~~ NÚ 2.993 KR/KG
- 21% FOLALDARAGÚ ~~áður 1.898~~ NÚ 949 KR/KG
- 35% FOLALDAGÚLLAS ~~áður 2.198~~ NÚ 1.429 KR/KG



## MIKIÐ ÚRVAL AF FOLALDAKJÖTI

FOLALDAGÚLLAS

**1.429**

ÁÐUR 2.198 KR/KG

## BERJADAGAR Í NETTÓ

JARÐARBER 250G
BLÁBER 125G
HINDBER 125G
KIRSUBER 200G
BRÓMBER 125G
RIFSBER 125G



50% AFSLÁTTUR

EMERGE
ORKUDRYKKU



50% AFSLÁTTUR

**60**

ÁÐUR 119 KR/STK

**Tilboðin gilda 14. - 17. feb.**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

SKULDIR SVEITARFÉLAGA

# Mörg sveitarfélög í skuldavanda

Alls 21 af 76 sveitarfélögum landsins ræður að óbreyttu ekki við skuldir sínar nema gripið verði til úrræða á borð við eignasölu. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna hefur þó heldur verið að styrkjast frá árinu 2009 en þetta kemur fram í nýrri skýrslu Íslandsbanka um sveitarfélögin.




**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is


## ÞRÓUN TEKNA OG VELTUFJÁR FRÁ REKSTRI (A- og B-hluti)




HEIMILD: UPPLÝSINGAVEITA SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

## ÞRÓUN SKULDA OG SKULDBINDINGA (A- og B-hluti)




HEIMILD: UPPLÝSINGAVEITA SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ríflega fjórðungur íslenskra sveitarfélaga stendur að óbreyttu ekki undir skuldum sínum. Rekstur og fjárhagsstaða sveitarfélaganna hefur þó heldur verið að styrkjast frá árinu 2009 eftir það högg sem bankahrunið olli þeim. Þetta er meðal þess sem er til umfjöllunar í nýrri skýrslu Íslandsbanka um fjármál íslenskra sveitarfélaga. Skýrslan kemur út í dag.

Í skýrslunni er leitast við að gefa innsýn í rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaganna með hliðsjón af þeim fjárhagslegu viðmiðum sem lögfest hafa verið í nýjum sveitarstjórnarlögum en byggt er á gögnum úr ársreikningum sveitarfélaganna fyrir árið 2011.

Staða sveitarfélaganna hefur verið nokkuð til umræðu síðustu misseri enda léku bankahrunið og afleiðingar þess mörg þeirra ansi grátt. Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hækkuðu skuldir sveitarfélaganna umtalsvert á árinu 2008 en þá hækkun má að stærstum hluta rekja til gengisfalls krónunnar og áhrifa þess á verðtryggðar og gengistryggðar skuldir þeirra.

Það er þó ekki þar með sagt að skuldavanda sveitarfélaganna megi einungis rekja til krónunnar því skuldir þeirra, að undanskildum lífeyrisskuldbindingum, hækkuðu samanlagt um 82 milljarða króna á árunum 2006 og 2007.

Fram kemur í skýrslunni að fjárhagsstaða sveitarfélaga landsins hafi þó heldur verið að styrkjast frá 2009 enda hafa flest þeirra gripið til hagræðingaraðgerða og lagt áherslu á niðurgreiðslu skulda. Þá hafa fjárfestingar og framkvæmdir verið í lágmarki.

### 21 sveitarfélag í alvarlegum vanda

Í skýrslu Íslandsbanka er gerð tilraun til að svara þeirri spurningu hvaða sveitarfélög geta að óbreyttu staðið undir skuldum sínum og hvaða sveitarfélög geta það ekki.

Með það fyrir augum skoðaði bankinn skuldahlutföll og veltufé frá rekstri sveitarfélaganna. Metur bankinn það sem svo að ef skuldahlutfall sveitarfélags er 150% og veltufé frá rekstri lægra en 7,5% af heildartekjum sé líklegt að það geti ekki staðið við greiðslur af lánum öðruvísi en með viðbótarlántöku eða öðru innstreymi fjármagns.

Með þessi viðmið til hliðsjónar er hægt að skipta sveitarfélögum landsins í fjóra hópa. Kemur í ljós að af 76 sveitarfélögum landsins geta 55 þeirra, eða ríflega 72%, að óbreyttu staðið undir skuldum sínum sé litið á bæði A- og B-hluta þeirra. Þar af eru 44 lítið skuldsett en 11 mikið skuldsett. Í hópi þeirra lítið skuldsettu eru til dæmis Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Akranes og Akureyri. Í hópi þeirra mikið skuldsettu eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Kópavogur, Borgarbyggð, Fjarðabyggð, Árborg og Fljótsdalshérað.

Alls 21 sveitarfélag getur hins vegar varla ráðið við skuldabyrði sína án til dæmis sölu eigna. Í þeirra hópi eru átta sveitarfélög, til dæmis Skagafjörður og Húnaþing vestra, sem þrátt fyrir það skulda hlutfallslega lítið. Hin þrettán sveitarfélögin eru þau sem verst standa en þeirra á meðal eru Reykjanesbær, Sandgerði, Stykkishólmur, Ísafjörður og Norðurþing auk Álftaness sem hefur síðan sameinast Garðabæ.

Fram kemur í skýrslunni að margar ástæður geti verið fyrir mismunandi fjárhagsstöðu sveitarfélaganna, til dæmis ólíkt atvinnulíf, íbúaþróun og breyting á tekjustofnum. Þá virðast lítil tengsl vera á milli fjárhagsstöðu og íbúafjölda sveitarfélaga þótt þau stærstu standi flest ágætlega.

### B-hluta fyrirtæki skekkja myndina

Sú mynd af skuldastöðu sveitarfélaganna sem hér hefur verið dregin upp getur þó verið villandi þar sem horft hefur verið til bæði A- og B-hluta. Ýmsar hömlur geta verið á tilfærslu fjármuna frá fyrirtækjum í B-hluta til A-hluta. Því getur skuldastaða sveitarfélaga með sterka B-hluta litið betur út á pappírnum en tilefni er til.

Því segir í skýrslu Íslandsbanka: „Það er því lykilatriði að til þess að sveitarfélög geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum þarf A-hlutinn að geta staðið undir rekstri og skuldbindingum sveitarfélagsins.“

Sé einungis litið á A-hluta sveitarfélaganna breytist skuldamyndin nokkuð. Þannig getur A-hluti rekstrar ríflega 61% sveitarfélaga staðið undir núverandi skuldbindingum en sú tala er ríflega 72% þegar litið er á bæði A- og B-hluta.

Bendir þetta til þess að mörg sveitarfélög reki sterk B-hluta fyrirtæki. Er það helst hjá stærri sveitarfélögum þar sem B-hlutinn fegrar myndina. Þó eru einnig dæmi þess að B-hluta fyrirtæki geri myndina dekkri, svo sem í tilfelli Reykjavíkurborgar þar sem skuldir Orkuveitu Reykjavíkur hafa mikil áhrif á skuldamynd sveitarfélagsins.

### Landsvæði misskuldsett

Í skýrslunni er fjárhagsstaða sveitarfélaga einnig skoðuð eftir landshlutum. Kemur í ljós að landshlutarnir eru mjög misskuldsettir. Þannig er skuldahlutfall sveitarfélaga á Suðurnesjum 270,7% en sama hlutfall er einungis 126,8% hjá sveitarfélögum á Norðurlandi vestra.

Þó ber að hafa í huga að skuldahlutfallið eitt og sér segir ekki alla söguna. Þjónusta við íbúa getur verið mismikil og eru framkvæmdir sem ráðist var í fyrir hrun og miðuðu að því að auka þjónustu ein helsta skýring bágrar skuldastöðu margra sveitarfélaga.

Þannig leiðir skýrsla Íslandsbanka í ljós að veltufé frá rekstri, þeir peningar sem eftir eru frá rekstrinum til að greiða af skuldum, er hlutfallslega minnst hjá þeim sveitarfélögum þar sem stöðugildi eru flest. Bendir það til þess að sveitarfélög með mikla þjónustu séu skuldsettari en hin sem eru með minni þjónustu.

## HAGSTÆRÐIR EFTIR LANDSVÆÐUM

| | Höfuðborgarsv. | Suðurnes | Vesturland | Vestfirðir | Norðurland v. | Norðurland ey. | Austurland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Íbúafjöldi | 203.594 | 21.242 | 15.368 | 6.955 | 7.299 | 29.018 | 10.213 |
| Stöðugildi á hverja 100 íbúa | 5,7 | 4,9 | 6,6 | 7,4 | 8,2 | 7,8 | 7,0 |
| Veltufé/tekjur ** | 19,8% | 11,7% | 10,5% | 4,0% | 5,5% | 10,6% | 15,4% |
| Launakostnaður/tekjur * | 46,2% | 37,4% | 55,9% | 53,1% | 53,5% | 54,4% | 46,6% |
| Skuldahlutfall *** | 258,4% | 270,7% | 142,0% | 150,0% | 126,8% | 132,9% | 199,2% |
| Fjöldi sveitarfélaga | 7 | 5 | 10 | 9 | 13 | 8 | |
| Fjöldi sveitarfélaga með íbúafjölda undir 1.000 | 1 | 0 | 5 | 8 | 5 | 8 | 6 |
| Ferkílómetrar | 1.043 | 818 | 9.522 | 8.842 | 12.592 | 22.694 | 15.706 |

* Vegið meðaltal á landsvæði
** Veltufé á móti tekjum höfuðborgarsvæðisins er um 14% sé Orkuveita Reykjavíkur tekin út úr útreikningunum
*** Skuldahlutfall höfuðborgarsvæðisins er 132,3% ef Orkuveita Reykjavíkur er tekin út úr útreikningunum

## Tvískipt starfsemi sveitarfélaga

Starfsemi íslenskra sveitarfélaga er skipt í tvennt, í svokallaða A- og B-hluta. Til A-hluta telst hin lögbundna starfsemi sveitarfélaga sem fjármögnuð er að hluta eða að fullu með skatttekjum auk tilfallandi verkefna. Nefna má rekstur leik- og grunnskóla, æsku- og íþróttamál, félagsþjónustu, skipulagsmál og málefni fatlaðra. Til B-hluta telst hins vegar rekstur fyrirtækja og stofnana sem eru í meirihlutaeigu sveitarfélagsins auk þeirra sem eru á ábyrgð þess en eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Nefna má hafnir, veitufyrirtæki og fyrirtæki sem sjá um sorphirðu í þessu samhengi.

## Reglur um fjárhagsstöðu að finna í nýju sveitarstjórnarlögunum

Ný sveitarstjórnarlög tóku gildi í upphafi árs 2012. Veigamestu breytingarnar frá eldri lögum voru gerðar á kaflanum um fjármál sveitarfélaga. Í lögunum er nú kveðið á um að sveitarstjórnum beri að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að ná fram þessu markmiði eru ákveðnar kvaðir settar á sveitarstjórnir en þeirra veigamestar eru kvaðir um að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum og að heildarskuldir A- og B-hluta séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Stór hluti íslenskra sveitarfélaga uppfyllir að vísu ekki seinna skilyrðið sem stendur en sveitarfélögum var veittur tíu ára frestur til að uppfylla það.


LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur 2013



**Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna verður haldinn mánudaginn 18. mars kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.**

DAGSKRÁ FUNDARINS

» Venjuleg ársfundarstörf
» Önnur mál

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á ársfundinum. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Reykjavík, 24. janúar 2013
Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

live.is

# VISSIR ÞÚ AÐ 16" WILSONS PIZZAN ER 40% STÆRRI EN STÓR DOMINOS PIZZA




**samkvæmt mælingum DV þann 23.jan þar sem Dominos pizzan mældist 13,5". Uppgefin stærð er 14,5" sem gerir 16" Wilsons pizzuna 22% stærri**



## af því tilefni verðum við með 40% afslátt af öllum pizzum af matseðli yfir helgina!

dæmi..

### 16" Rambo

Pizzasósa, ostur, kjúklingur, pepperoni, sveppir, jalapeno, cheddarostur

~~2790~~

**1674** kr.



### 16" Hawaiian

Pizzasósa, ostur, skinka, ananas

~~2090~~

**1254** kr.



### 16" Double pepp

Pizzasósa, auka ostur, tvöfalt pepperoni, chilli (litið)

~~2390~~

**1434** kr.



**581 15 15  wilsons.is**

Ánanaustum  Gnoðavogi 44  Eddufelli 6  Vesturlandsvegi




## MEST VERÐMÆTI Í LÖGBÝLUM Í HVERJUM LANDSHLUTA*

* Þeir fimm jarðeigendur í hverjum landshluta sem eiga mestu verðmætin í lögbýlum samkvæmt fasteignamati.




Allar tölur eru í milljónum, nema fjöldi lögbýla.

# Fasteignamat lögbýla 121 milljarður

Virði allra lögbýla á Íslandi samkvæmt fasteignamati nemur 121,3 milljörðum króna. Hefur snaraukist á síðustu árum. Ríkisjörðum hefur fækkað umtalsvert. Alls eiga yfir 600 eignarhaldsfélög 760 lögbýli. Jarðir í fullri eigu útlendinga eru 0,37 prósent allra jarða á landinu.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is
Páll Hilmarsson
pallih@gogn.in



Kind er kind er kind og sullur er sullur er sullur segir í ágætri bók. Það er hins vegar ekki svo að jörð sé jörð sé jörð. Jarðirnar eru mjög misstórar, að ekki sé nú talað um verðmætar. Grímsstaðir á Fjöllum ná til að mynda yfir 300 ferkílómetra en síðan er fjöldi lögbýla ekkert nema lóð undir gróðurhús, svo dæmi sé nefnt.

Hér kemur hins vegar að öðrum vanda, ekki eru til uppmælingar á nema broti af þeim jörðum sem skráðar eru. Það er því ógerningur að segja til um hver heildarstærð lögbýla á Íslandi er. Meira um það síðar.

Annað er að erfitt er að gera sér grein fyrir verðmæti jarða, enda liggur verðmætið auðvitað í því hvað einhver er tilbúinn að greiða fyrir viðkomandi jörð, óháð því hvað aðrir telja eðlilegt verð. Þjóðskrá hefur hins vegar á skrá fasteignamat allra jarða á Íslandi sem hafa landnúmer. Fréttablaðið bar saman lögbýlaskrá og fasteignaskrá í uppflettikerfi Þjóðskrár á vefnum og sú keyrsla leiðir í ljós að heildarfasteignamat lögbýla á landinu er 121,3 milljarðar króna. Það segir auðvitað ekki allt um raunverulegt verðmæti en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er fasteignamatið þó yfirleitt nokkuð nærri lagi, að meðaltali. Það mun vera heldur vægt mat.

Ljóst er að fasteignamat jarða hefur hækkað umtalsvert undanfarin ár. Í svari við fyrirspurn á Alþingi, frá árinu 1996, kemur fram að heildarfasteignamat þeirra 638 jarða sem ríkið átti þá nam 3,8 milljörðum króna. Fréttablaðið skoðaði heildarfasteignamat þeirra 322 jarða sem ríkið er eigandi að í dag og er það 7,6 milljarðar króna. Helmingi færri jarðir eru því helmingi verðmætari nú sautján árum síðar. Skyldi engan undra, fasteignamat almennt hefur snarhækkað á síðustu árum og áratugum.

Rétt er að taka það fram að fasteignamatið tekur ekki einungis til jarðarinnar sjálfrar, heldur alls sem á henni er, svo sem húsakosts, og einnig þeirra hlunninda sem jörðinni fylgja. Æðarvarp á jörð þýðir því hærra fasteignamat, svo dæmi sé tekið.

### Eignarhaldsfélög

Eins og sést hér fyrir ofan eru til upplýsingar um fjölda jarða í eigu einstaklinga og félaga. Það er því hægt að brjóta niður upplýsingar um eignarhald á jörðum, að nokkru leyti. Gallinn er sá að á bak við félögin, sem flest eru eignarhaldsfélög, geta verið margir einstaklingar. Og til að flækja málið enn frekar geta þeir verið af hvaða þjóðerni sem er. Yfir 600 eignarhaldsfélög eiga, að hluta eða heild, 760 lögbýli á Íslandi. Í umræðunni um hve margar jarðir útlendingar eiga verður að hafa það í huga. Til eru tölur um þær jarðir sem eru skráðar á einstaklinga með erlent ríkisfang, en við það geta bæst jarðir, eða jarðahlutar, sem eru í eigu eignarhaldsfélaga.

Langflest eignarhaldsfélög eiga aðeins í einni jörð. Þar getur verið um að ræða félagsskap erfingja eða ábúenda, svo dæmi séu tekin, en einnig fyrirtækja, veiðifélaga eða fjárfestingafélaga. Í þessu, eins og mörgu öðru í málaflokknum, getur því reynst erfitt að ákvarða nákvæmlega hvernig eignarhaldi er háttað. Kannski er svarið við spurningunni um hver á Ísland einfaldlega, það er ekki vitað.

### Lítil jarðasöfnun

Jarðasöfnun hefur verið mörgum áhyggjuefni og eins og komið verður inn á síðar í þessum greinaflokki hafa þær áhyggjur náð inn á borð ríkisstjórnarinnar og í tveimur ráðuneytum er verið að vinna að lögum og reglugerð sem gæti komið í veg fyrir hana. Einnig er unnið að því að takmarka eignarhald útlendinga á íslenskum jörðum.

Sé saga síðustu ára skoðuð sést hins vegar að jarðasöfnun hefur ekki verið mikil. Af eignarhaldsfélögunum eiga fimmtán þeirra í þremur jörðum eða fleirum og af þeim aðeins sjö í fjórum eða fleirum. Jarðasöfnun síðustu ára hefur, að flestu ef ekki öllu leyti, verið bundin við fyrirtækið Lífsval.

Lífsval á eitt og sér í dag 29 lögbýli og fjögur í félagi við aðra, meðal annars Nýjabæ í Skaftárhreppi sem Lífsval á í félagi við ríkissjóð. Félagið var stofnað beinlínis til þess að safna jörðum og keypti fjölda jarða, oftar en ekki á verði sem var yfir markaðsverði. Kaupin reyndust félaginu ofviða og í dag er það að hluta í eigu lánardrottins síns, Landsbankans, sem er, í gegnum Hömlur ehf., 36. stærsti hluthafinn. Hömlur ehf. á því hlut í jörðum Lífsvals, en að auki á fyrirtækið, og þar með ríkisbankinn Landsbankinn, fimm jarðir að fullu og eina með öðrum.

### Óttinn við útlendinga

Einu sinni þótti það forfrömunarmerki ef útlendir auðmenn keyptu jarðir í íslenskum sveitum. Menn skildu kannski ekki búskaparhugmyndir barónsins á Hvítárbökkum en voru ánægðir með umsvif hans. Nú óttast menn umsvif útlendinga, enda hafa tímarnir breyst og áhyggjur af til að mynda auðlindum í jörðu, svo sem vatni, vaxið.

Staðreyndin er sú að útlendingar eru á meðal eigenda í 73 jörðum og eiga 28 að fullu. Jarðir í fullri eigu útlendinga eru 0,37 prósent af heildarfjöldanum og sé þeim sem þeir eiga hlut í bætt við nær talan 1,33 prósentum. Aftur skal þó varað við því að útlendingar geta átt fleiri jarðir í gegnum eignarhaldsfélög. Heiðarlax ehf. er til að mynda í fullri eigu Svisslendingsins Rudolphs Walters Lamprecht, en fyrirtækið á þrjár jarðir að fullu og eina í félagi við annan. Lamprecht á síðan þrjú lögbýli í eigin nafni. Aðeins þau koma fram í opinberum tölum um jarðir í eigu útlendinga. Nánar verður rætt við Lamprecht í blaðinu á morgun.

Þetta gerir það að verkum að erfitt er að slá því föstu hve margar jarðir útlendingar eiga á Íslandi, nokkuð sem einhverjum gætu þótt tíðindi, miðað við þær áhyggjur sem ríkja um eignarhald þeirra. Óhætt er þó að slá því föstu að útlendingar eiga hlutfallslega fáar jarðir á Íslandi.



**ÚTLENDINGUR Á, ÍSLENDINGUR LEIGIR** Barón Felix von Longo-Liebenstein á tvær jarðir á Íslandi, Kastalabrekku og Ráðagerði, sem eru báðar í útleigu. Hér má sjá Kastalabrekku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fjöldi eignarhaldsfélaga




Alls eiga **635** eignarhaldsfélög **760** lögbýli á Íslandi. Af þeim eiga langflest, eða **561** félag, aðeins eitt lögbýli.

**Á MORGUN** Sjónum beint að svissneskum jarðeiganda.

COOLER MASTER · ASUS · acer · ace · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • BLEK • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR

## AÐEINS 2 DAGAR EFTIR !

SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR
GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR
STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • MÝS
HÝSINGAR • MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR

2000 VÖRUR Á ÚTSÖLU

SÝNINGAREINTÖK OG ÚTLITSGALLAÐ Á BOTNVERÐI

EINA ÚTSALA ÁRSINS !

STÓRÚTSALA SAMTÍMIS Í 6 VERSLUNUM UM ALLT LAND

OPIÐ 10 - 18

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á TL.IS

tl.is

TÖLVU LISTINN




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

Óttinn við náttúruverndarlögin:

# Barist við vindmyllur

Nærri sextán þúsund manns hafa undirritað eftirfarandi yfirlýsingu á vefnum Ferðafrelsi.is: „Við undirrituð mótmælum nýju frumvarpi til náttúruverndarlaga á þeim forsendum að lögin hefti för almennings um íslenska náttúru og skerði aðgengi til útivistar á Íslandi.“ Með undirskrift er skorað á þingmenn að samþykkja ekki lögin óbreytt.



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Miðað við þennan fjölda undirskrifta og skrif ýmissa sem tengjast undirskriftasöfnuninni mætti ætla að í frumvarpi til náttúruverndarlaga væri að finna stórfelldar takmarkanir á möguleikum fólks til að ferðast um landið.

Við lestur þeirra kafla sem varða almannarétt, útivist og umgengni og einnig kaflans um akstur utan vega kemur í ljós að þær takmarkanir á möguleikum til ferðalaga og útivistar í íslenskum óbyggðum eru litlar og snúast eingöngu um að vernda náttúruna þar sem hún er allra viðkvæmust. Hér eru tekin til nokkur atriði en óhætt er að mæla með að hver lesi og dæmi fyrir sig. Kaflarnir tveir eru rétt um 2.200 orð.

Samkvæmt frumvarpinu á gangandi, hjólandi og ríðandi fólk að fara eftir merktum leiðum „eins og kostur er“ eins og hnykkt er á. Fólk á einnig að gæta þess að valda ekki spjöllum eða truflun sem virðist nú ekki svo ósanngjarnt, eða hvað?

Við alfaraleið má tjalda venjulegum tjöldum og ferðavagna má nota á tjaldstæðum en einnig á „svæðum á óræktuðu landi sem tengjast vegum eða slóðum sem heimilt er að aka á og ekki er hætta á skemmdum á náttúrunni“. Að vísu getur Umhverfisstofnun „takmarkað eða bannað að tjöld séu reist þar sem veruleg hætta er á að náttúra landsins geti beðið tjón af“. Felast miklar takmarkanir í þessu?

Umhverfisstofnun getur líka með rökstuðningi, staðfestingu ráðherra og auglýsingu í stjórnartíðindum „í verndarskyni takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum ef hætta er á verulegu tjóni af völdum ágangs á svæðið“. Þá má loka svæðum tímabundið vegna ágangs eða annarra aðstæðna sem teljast geta valdið tjóni. Hvern langar að ferðast um svæði sem færð eru rök fyrir að þoli ágang illa? Er þá ekki betra að eiga þau inni þar til ástandið hefur batnað? Þessi svæði fara ekki neitt.

Takmörkun á akstri vélknúinna ökutækja felst í því að ekki má aka utan vega og að vegir skulu skilgreindir í kortagrunni sem Landmælingar Íslands annast. Hér á að taka tillit til þess hvort akstur sé líklegur til að hafa í för með sér einhvers konar spjöll á náttúrunni. Sem sagt skilgreina á hvað er vegur og hvað ekki. Hlýtur þetta nú ekki að vera eðlilegasta mál í heimi á 21. öldinni?

Í þessu samhengi hafa vaknað áhyggjur af því að hreyfihamlaðir eigi þess þá ekki kost að ferðast um öræfi Íslands. Í frumvarpinu er þó heimild til að veita undanþágur frá banni við akstri utan vega vegna sérstakra aðstæðna sem geta væntanlega falist í að komast ekki um á tveimur jafnfljótum.

Ekki annað hægt en að spyrja sig hvort ekki sé verið að berjast við vindmyllur, og til hvers þá?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**Nýsköpunarsjóður tónlistar – Musica Nova**
**Styrkir vegna starfsársins 2013**

Sjóðurinn auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til nýsköpunar í tónlist. Flytjendur og tónleikahaldarar geta sótt um styrk til að panta tónverk og skal styrkfjárhæðin aðeins notuð til þess. Umsækjendur ábyrgjast frumflutning verksins.

**Í umsókn skal taka fram:**
- höfund tónverks
- tímalengd verks
- flytjendur
- hljóðfæraskipan
- áætlaða tímasetningu frumflutnings
- upphæð sem sótt er um

Þá skal fylgja fjárhagsáætlun verkefnisins sem og ferilskrá umsækjanda (flytjanda/tónleikahaldara)

**Umsóknir berist til:**
Nýsköpunarsjóðs tónlistar – Musica Nova
Laufásvegi 40
101 Reykjavík

**Umsóknarfrestur rennur út fimmtudaginn 28. febrúar 2013 (póststimpill gildir)**

**Nýsköpunarsjóður tónlistar er styrktur af** Reykjavíkurborg

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**104 x 74**

Um flest eru til reglur og sumar þeirra ansi ítarlegar. Til að mynda eru öll lög um kosningar mjög nákvæm, sem er líka eins gott. Nú hefur stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd lagt fram frumvarp um breytingar á kosningalögum sem lýtur að breidd kjörseðla. Lagatextinn talar fyrir sig sjálfur, en þar segir að fyrir liggi að verði framboðslistar fleiri en sautján „mun ekki vera hægt að prenta kjörseðla til samræmis við kröfur greinarinnar um að ætla hverju framboði um 6 sm breidd þar sem ekki er unnt með góðu móti að prenta á stærri pappírsörk en 104 sm x 74 sm“. Nú liggur því fyrir þingmönnum að taka afstöðu til þess hvort með góðu móti sé hægt að koma á framfæri upplýsingum um hvert framboð á þessum tilgreindu sex sentímetrum.



**Betur útskýrt**

Og fyrst við erum byrjuð í lagamálinu: „Með greininni er því lagt til að verði framboð fleiri en sautján skuli skipta listunum upp og prenta í láréttum röðum. Verði framboð t.d. átján verða níu og níu í hvorri röð. Verði tvær láréttar raðir fylltar verða framboðin því orðin 34 en verði framboðin fleiri skal bætt við láréttri röð eða röðum. Jafnframt er lagt til að þess skuli ætíð gætt að í röðunum sé sem jafnastur fjöldi lista.“



**Til fyrirmyndar**

Oft og tíðum erum við sparari á lofsen lastyrðin og því er við hæfi að hrósa Gylfa Magnússyni, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra. Hann baðst, í Fréttablaðinu í gær, afsökunar á gömlum ummælum þar sem hann spáði því að Ísland yrði Kúba norðursins væri Icesave-samningum hafnað. Þetta er til fyrirmyndar hjá Gylfa. Nú er bara að sjá hvort fleiri, bæði stuðningsmenn og andstæðingar samningsins, muni feta í fótspor Gylfa og sýna sanna auðmýkt. Vel gert Gylfi.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Innsiglað klám

INTERNETIÐ



Salvar Þór Sigurðarson
tölvunarfræðingur

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra kynnti nýlega fyrir ríkisstjórn áform sín um að spyrna við dreifingu kláms á Íslandi. Þau snúast meðal annars um að kanna hvernig hægt sé að hefta aðgang að grófu klámefni á netinu. Þetta skal gert með tilliti til þess að klámnotkun hafi færst í aukana hér á landi og að hún geti haft bein áhrif á viðhorf ungs fólks til kynlífs og kynfrelsis.

Ég ætla ekki að eyða þessu plássi í að tjá mig um réttmæti þessara áforma. Nóg hefur verið rætt um það á internetinu undanfarnar vikur. Það sem ég get hins vegar tjáð mig um er hversu tæknilega mögulegt er að hafa eftirlit með efni sem sótt er á netinu: Það er ómögulegt á meðan leyfilegt er að dulkóða netsamskipti.

Dulkóðun snýst í stuttu máli um að umrita skilaboð frá A til B þannig að enginn milliliður geti lesið þau. Framan af var þessi tækni helst notuð í stríðsrekstri, en með tilkomu internetsins hefur þörfin fyrir dulkóðun stigmagnast. Nú til dags reiðum við okkur á dulkóðun þegar við notum heimabanka, skilum skattframtali, pöntum vörur á netinu og stundum önnur netsamskipti þar sem við viljum tryggja að enginn sé að hnýsast.

Eftirspurn eftir öruggum samskiptum á netinu er orðin svo mikil að svokölluð VPN (Virtual Private Network) þjónusta hefur aflað sér mikilla vinsælda á síðustu árum. Með því að kaupa slíka þjónustu fara allar heimsóttar vefsíður, allir tölvupóstar, öll Youtube-myndbönd og öll önnur netsamskipti dulkóðuð til og frá tölvunni. Þessi þjónusta er ekki bara fyrir nörda; það er hægt að setja upp eina slíka með nokkrum músarsmellum og hún kostar oft á bilinu 500-1.000 krónur á mánuði. Sumar eru ókeypis. Allar koma þær í veg fyrir að aðrir geti fylgst með því hvað þú gerir á netinu.

**➜ Tal stjórnmálamanna um leiðir til að hefta aðgengi að klámi eða öðru efni á netinu er því byggt á grundvallarmisskilningi og vanþekkingu á tæknimálum.**

Eftirlit með netumferð er gagnslaust ef hver sem er getur auðveldlega dulkóðað alla sína netumferð. Það er álíka gáfulegt og að setja á fót tolleftirlit sem rýnir í alla pakka nema þá sem hafa verið innsiglaðir. Tal stjórnmálamanna um leiðir til að hefta aðgengi að klámi eða öðru efni á netinu er því byggt á grundvallarmisskilningi og vanþekkingu á tæknimálum. En það er svo sem ekkert nýtt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sprengjur Feneyjanefndar

ÍDAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Nú hefur Feneyjanefnd Evrópuráðsins skilað drögum að áliti sínu á þeim stjórnarskrártillögum sem eru til umræðu á Alþingi. Í einni af fyrstu fréttum vikunnar um álitið kom fram að „enga sprengju“ væri þar að finna. Það er rangt. Álitið geymir þó nokkrar sprengjur.

**Sprengja eitt**

Feneyjanefndin leggur til að kaflinn um mannréttindi verði endurskoðaður. Að mati Feneyjanefndar er m.a. „afar mikilvægt að tekið verði tillit til þess grundvallarmunar sem er á 1) hefðbundnum mannréttindum (frelsisréttindum), 2) félagslegum og efnahagslegum réttindum og 3) skuldbindingum sem varða þjóðfélagið í heild sinni (svokölluðum 3. kynslóða réttindum)“.

Feneyjanefndin segir að frumvarpið setji allar þrjár gerðir réttinda í sama kafla án þess að taka tillit til ólíkrar stöðu þeirra.

Undir þetta má taka. Tökum málfrelsi annars vegar og réttinn til heilbrigðisþjónustu hins vegar. Bæði þessi réttindi eru í II. kafla stjórnarskrárdraganna. Það fyrra, málfrelsið, þarf til dæmis aldrei að skerða vegna „kostnaðar“. Við komust ekki hjá því með það síðara, réttinn til heilbrigðisþjónustu, sama hve mikið við vildum annað.

Nú segja stjórnarskrárdrögin líka að „einkaaðilar skuli, eftir því sem við á, virða þau réttindi sem kveðið er á um í II. kafla“. Samþykki maður þessa (raunar fremur framsækna) hugmynd má ímynda sér að einkaaðilar geti undir einhverjum kringumstæðum verið bundnir af því að brjóta ekki á málfrelsi fólks. En eiga þeir sem reka heilbrigðisfyrirtæki að tryggja rétt fólks til heilbrigðisþjónustu? Á það við? Er það ljóst?

Vel að merkja: Feneyjanefndin segir ekki að við megum ekki hafa öll þau réttindi í stjórnarskránni sem upp eru talin í drögunum. En sé það gert þá þurfi kannski að vanda betur til verks, t.d. að skipta mannréttindakaflanum upp til að ljósara verði hver beri skyldur hvenær og undir hvaða kringumstæðum megi skerða þau réttindi sem um ræðir.

**Sprengja tvö**

Hér eru ummæli sérfræðinga Feneyjanefndarinnar um það stjórnkerfi sem stjórnarskrárdrögin draga upp:

„Það stjórnkerfi sem lagt er til er fremur flókið og markast af ósamræmi.“

„Þegar á heildina er litið hefur Feneyjanefndin ástæðu til að sjá hættu á pólitísku þrátefli og óstöðugleika sem getur með alvarlegum hætti grafið undan góðum stjórnarháttum ríkisins.“

Þetta eru þyngri orð en oftast sjást í ályktunum Feneyjanefndar. Í því ljósi hlýtur hæpið að teljast að hægt verði að „laga stjórnkerfið“ milli annarrar og þriðju umræðu í þinginu. Eigi að taka ábendingarnar alvarlega þarf að endurskoða tillögurnar um stjórnkerfið gaumgæfilega og senda þær svo aftur til yfirlestrar Feneyjanefndarinnar.

**Sprengja þrjú**

Hvað varðar fyrirkomulag ráðningar dómara og það hlutverk sem forsetanum, ráðherrum og þingi er ætlað í því mælir nefndin mjög eindregið gegn þeirri leið sem lögð er til.

„Feneyjanefndin leggur þannig áherslu á að Alþingi sé ekki rétti staðurinn til að ræða hæfni [umsækjenda um dómarastöður] og að aðferðin sem frumvarpið leggur til feli í sér skýran möguleika á pólitískum ráðningum. Þetta vekur upp alvarlegar spurningar með tilliti til evrópskra viðmiða og getur ekki talist ásættanlegt.“

Hér er tekið mjög sterkt til orða. Stjórnarskrárgjafi sem vill taka sig alvarlega verður að bregðast við þessum ábendingum og senda drögin til yfirlestrar aftur að því loknu.

> Þetta eru þyngri orð en oftast sjást í ályktunum Feneyjanefndar. Í því ljósi hlýtur hæpið að teljast að hægt verði að „laga stjórnkerfið“ milli annarrar og þriðju umræðu í þinginu.

**Að lokum**

Í umsögn um finnsku stjórnarskrána frá 2007 er að finna setningu um að „stjórnarskráin sé í samræmi við evrópsk viðmið um lýðræði, réttarríki og mannréttindi“. Slíka setningu er ekki að finna í bráðabirgðaáliti Feneyjanefndar um þau drög sem nú liggja fyrir. Þvert á móti er margt þar með því allra beinskeyttasta sem sést hefur.

Hvað er þá best að gera? Viljum við skapa þá hefð að knappur þingmeirihluti geti alltaf hunsað mjög eindregin tilmæli evrópskra sérfræðinga um stjórnskipan og þrýst stjórnarskrárbreytingum í gegn með hæpnum einhliða fullyrðingum um að í raun hafi þegar verið brugðist við álitinu? Eða eigum við að skapa þá hefð að menn taki mark á slíkum álitum, geri nauðsynlegar breytingar í rólegheitum og sendi svo málið aftur út til Feneyjanefndarinnar? Væri það ekki hefð sem við gætum öll verið stolt af?

# Spillingin er alls staðar

FJÁRMÁL
Arnór Bragi Elvarsson
nemi í umhverfis- og byggingaverkfræði, HÍ



Í Háskóla Íslands sitja um það bil fimmtán þúsund manns á skólabekk. Það eru u.þ.b. 5% þjóðarinnar. Til samanburðar er stærsta fyrirtæki landsins, Bakkavör Group, með 18 þúsund starfsmenn um allan heim. Háskólinn er nokkuð stórt batterí.

Í miðri kosningabaráttu til setu í Stúdentaráði kemur upp sú staða að birt er frétt um tvo ráðsmeðlimi úr Stúdentaráði 2011-2012 sem misnotuðu úttektarkort á kostnað Stúdentaráðs. Fjárdrátturinn nam rúmri hálfri milljón króna. Undirritaður ímyndar sér að þetta sé hlutfallslega sambærilegt því ef þingmaður fengi aðgang að debetkortareikningi Ríkissjóðs og keypti sér bíl og húsnæði á kostnað sjóðsins, væri slíkur reikningur til.

Gerð er grein fyrir því að ráðsmeðlimir minnihluta Stúdentaráðs bentu á þennan óútskýrða útgjaldalið í ársreikningi Stúdentaráðs. Ef þessir meðlimir væru ekki glöggir, hefði þá ekkert verið gert? Burtséð frá því, þá hefur skuldin verið greidd og stjórn Stúdentaráðs segir málinu lokið. En er virkilega réttlætanlegt að engin eftirmál verði? Má þagga niður í þessum stormi?

Margir kalla Stúdentaráð HÍ stökkpallinn til setu á Alþingi. Ég spyr: Viljum við kenna stjórnmálamönnum framtíðarinnar að skuli þeir draga fé, nýta sér umboð sitt og brjóta lög, þá þurfi þeir ekki nema að endurgreiða skuldina í því tilfelli að það komist upp um slík brot? Er þetta lexía sem við viljum kenna börnunum okkar?

> Ef þessir meðlimir væru ekki glöggir, hefði þá ekkert verið gert? Burtséð frá því, þá hefur skuldin verið greidd og stjórn Stúdentaráðs segir málinu lokið. En er virkilega réttlætanlegt að engin eftirmál verði? Má þagga niður í þessum stormi?

**Engar fundagerðir gefnar út**

Undirritaður tekur undir orð oddvita Röskvu og kallar eftir frekari gegnsæi, bæði í fjármálum og fundargerðum Stúdentaráðs, en sitjandi Stúdentaráð hefur hingað til hunsað eigin lög og ekki gefið út fundargerðir funda sinna fyrir líðandi kjörtímabil, þrátt fyrir annars góða frammistöðu.

Maður hefði haldið að Stúdentaráð, hagsmunasamtök sem tala fyrir hönd 15 þúsund háskólanemenda, væru siðmikil saklaus samtök sem berjast fyrir hagsmunum námsmanna og krefjast nýs heftara í VR-II, sem er löngu orðið tímabært. En ljóst er að spillingin er alls staðar.

# Hvers vegna nauðgun er versta ofbeldið

KYNFERÐISBROT
Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir



Mikil umræða hefur orðið eftir umdeildan dóm Hæstaréttar þar sem sú háttsemi að troða fingrum inn í leggöng og endaþarm konu var skilgreind sem líkamsárás en ekki kynferðisbrot. Forsendur dómsins voru að brotið hefði ekki veitt hinum ákærða kynferðislega ánægju. Ýmsir hafa leitast við að varpa ljósi á lagalega hlið málsins en minna hefur verið fjallað um sálræna hlið þess. Eðlilegt er að spyrja hvort sé verri lífsreynsla, að verða fyrir kynferðisofbeldi eða annars konar líkamsárás, og þá hvers vegna?

**Veist að mannhelgi**

Það er margt líkt með kynferðisofbeldi og líkamsmeiðingum á borð við spörk, högg og aðrar limlestingar. Í öllum tilvikum upplifir þolandi sársauka, niðurlægingu, ótta og vanmátt. Alvarlegustu afleiðingar ofbeldis eru dauði en samkvæmt hegningarlögum kemur nauðgun næst á eftir morði. Hvers vegna? Það sem gerir nauðgun alvarlegri en annað ofbeldi er að veist er að mannhelgi viðkomandi einstaklings.

Þegar ein manneskja þröngvar sér inn í líkama annarrar fer hún inn fyrir helgustu mörk hennar. Við slíkan verknað brýtur gerandi sjálfsákvörðunarrétt þolanda á bak aftur og neyðir hann inn í fullkominn vanmátt, hjálparleysi, sársauka og ótta á sama tíma og hann er inni í líkama þolanda. Auk þess að upplifa sig saurgaða eiga margir þolendur erfitt með að treysta öðrum og njóta nándar eftir slíka reynslu. Þannig vegur nauðgun bæði að tilfinningu þolenda fyrir eigin heilleika og trausti til annarra.

> Alvarlegustu afleiðingar ofbeldis eru dauði en samkvæmt hegningarlögum kemur nauðgun næst á eftir morði. Hvers vegna?

**Áhyggjuefni**

Nauðgun er ofbeldi þar sem ein manneskja ryðst inn í líkama annarrar. Það er áhyggjuefni að þegar ofbeldið er grímulaust, eins og í fyrrnefndu máli, er það ekki kallað nauðgun. Ég vona að sú niðurstaða byggi ekki á þeirri forneskjulegu hugmynd að nauðganir stafi af óheftri kynhvöt karlmanna.

Almenningur þarf að geta treyst því að betri þekking og dýpri skilningur á eðli nauðgana hafi skilað sér inn í æðsta dómstól landsins.

ÚTSALA
Allt að 40% afsláttur !
Heilir sturtuklefar Verð frá kr.38.900
Sturtuhorn m/botni Verð frá kr.21.900
Sturtuhurðar Verð frá kr.16.900
Sturtuveggir 6-10mm Verð frá kr.21.900
Baðkarshlífar Verð frá kr.10.900
Baðinnréttingar
allt að 70% afsláttur
Yfir 40 mismunandi
innréttingar í sýningarsal
Verð frá kr.12.900
Speglar með ljósum
allt að 50% afsláttur
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili
* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *
* Opið virka daga frá kl. 9-18 * laugardaga kl. 11 - 15 *

# Gylfa Magnússyni svarað

FJÁRMÁL



Heiðar Már Guðjónsson
hagfræðingur

Ég skrifaði grein um kerfisbundinn misskilning Gylfa Magnússonar sem birtist í Fréttablaðinu mánudaginn 11. febrúar. Í svari sínu, sem birtist þremur dögum síðar, ákveður ráðherrann fyrrverandi að taka eitt atriði út af þeim sex sem ég nefndi og gera að aðalefni greinar sinnar. Ástæða þess er að hann telur að ég hafi fjárhagslega hagsmuni umfram aðra landsmenn af því að niðurstaða málefna Orkuveitu Reykjavíkur þróist með einum hætti frekar en öðrum. Ég hafði vonast til þess að umræðan um efnahagsmálin gæti verið málefnaleg, sérstaklega þegar rætt er við háskólamenn.

**Um Orkuveitu Reykjavíkur**

Ég hef komið með þrjá helstu sérfræðinga heims um skuldamál á fundi OR. Þetta hef ég gert á eigin kostnað, án þess að það hafi kostað OR svo mikið sem eina krónu. Þetta er það sama og ég gerði þegar ég fékk Lee C. Buchheit til landsins í desember 2008 í tengslum við Icesave. Ég hef enga samninga um fjárhagslega aðkomu að þessu máli og vænti einskis, heldur greiði ég fyrir þessa vinnu úr eigin vasa.

Erlendar skuldir OR eru tuttugufaldar tekjur hennar í erlendum myntum, kaup OR á gjaldeyri til að mæta þessum skuldum veikir lífskjör almennings. Þessar skuldir eru ekki tilkomnar vegna veituþjónustu fyrirtækisins við almenning heldur vegna mislukkaðrar spákaupmennsku fyrirtækisins. Gylfi vill að almenningur beri tjónið að fullu. Ég hef lagt til að leitað verði samninga um að fagfjárfestarnir sem tóku vitandi vits þátt í áhættunni með lánveitingum beri hluta tjónsins. Seðlabankinn tiltekur fyrirtækið, eitt fyrirtækja ásamt Landsbankanum, í skýrslu sinni um fjármálastöðugleika og ógnir við hann. Gylfi getur því ekki breytt því að skuldastaða fyrirtækisins er ósjálfbær og neitar að viðurkenna vandann eins og í öðrum málum.

**Um SpKef og Byr**

Gylfi neitar að mat hans hafi verið kolrangt og heldur því fram að hann hafi ekkert annað getað gert í stöðunni. Það er rangt. Það hefði átt að loka þessum stofnunum strax því taprekstur þeirra var framlengdur og kostaði skattgreiðendur fimmtíu milljarða.

**Um Icesave**

Gylfi er enn þeirrar skoðunar að aldrei hafi átt að láta reyna á lagahlið málsins. Það er ótrúlegt mat. Hann biðst þó afsökunar á orðum sínum um Ísland sem „Kúbu norðursins“, sem hann segir vanhugsuð og kjánaleg. Það sem hann ætti þó að biðjast afsökunar á eru þöggunartilburðir hans í Icesave-umræðunni með því að reyna að hræða almenning til fylgis við skoðun sína í krafti embættis síns.

**Um Landsbankann**

Gylfi segir að mikil réttaróvissa um gengislán bankakerfisins hafi verið öllum ljós þegar Landsbankinn var endurreistur. Í því ljósi er óskiljanlegt að Gylfi skyldi ákveða að kaupa gengislán bankans af kröfuhöfum án fyrirvara um réttaróvissuna. Hann keypti með öðrum orðum eignir sem hann hafði ekki hugmynd um hvers virði voru. Enginn grandvar maður gerir slíkt.

Gylfi heldur því fram að mistök hans við stofnun ríkisbankans muni ekki lenda á almenningi. Hann lætur því ósvarað hvers vegna Seðlabankinn, í skýrslu sinni um fjármálastöðugleika, nefnir Landsbankann sérstaklega sem eina helstu ógnina við hann.

**Um erlenda skuldastöðu**

Seðlabankinn er frægur að endemum fyrir mat sitt á skuldastöðu þjóðarinnar. En sú frægð hefur farið fram hjá Gylfa sem vitnar í úreltar tölur bankans sem komu út nokkrum vikum fyrir Icesave-kosningar 2011 og hafa síðan verið uppfærðar reglulega til að sýna rétta mynd af skuldastöðu þjóðarinnar sem er margfalt verri en gefið var til kynna fyrir kosningar.

Gylfi segir að tölur AGS um skuldastöðu séu þær bestu en lætur þess ógetið að þær tölur eru allar komnar frá Seðlabankanum sem „týndi“ 155 milljörðum af erlendum skuldum síðasta sumar þegar „verið var að færa þær á milli tölvukerfa“.

Hvernig útskýrir Gylfi sífellda veikingu krónunnar og gjaldeyrishöft fyrst að erlend skuldastaða hefur ekki verið betri í tíu ár, eins og hann heldur fram? Það er alkunna að ástæða veikingar krónunnar er ósjálfbærni íslenskra utanríkisviðskipta. Það fer meiri gjaldeyrir úr kerfinu en kemur inn í það.

**➜ Í svari sínu, sem birtist þremur dögum síðar, ákveður ráðherrann fyrrverandi að taka eitt atriði út af þeim sex sem ég nefndi og gera að aðalefni greinar sinnar. Ástæða þess er að hann telur að ég hafi fjárhagslega hagsmuni umfram aðra landsmenn af því að niðurstaða málefna Orkuveitu Reykjavíkur þróist með einum hætti frekar en öðrum.**

**Um nauðasamninga**

Gylfi heldur því fram, í ljósi rangs mats á erlendri skuldastöðu, að ganga eigi frá nauðasamningum við erlenda kröfuhafa. Ég hef varað við því í meira en ár. Það er ljóst hvor hefur rangt fyrir sér hér, því mat vogunarsjóðanna á eigin endurheimtum hefur lækkað gríðarlega frá því í haust, þegar Gylfi vildi að nauðasamningar yrðu undirritaðir, og nemur lækkunin hundruðum milljörðum króna. Ef Gylfi hefði fengið einhverju ráðið hefði það aldrei orðið.

# Uns verðtryggingin okkur aðskilur…

FJÁRMÁL



Karl Garðarsson
skipar 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Sviplaus skrifaði ég undir skjölin. Skilnaður að borði og sæng var staðreynd eftir 17 ára samband þar sem engan skugga hafði borið á. Á þessum tíma var ég búinn að greiða af þér samtals 204 sinnum. Upphaflegt lán nam 5 milljónum króna – ég var búinn að borga samviskusamlega rúmar 12 milljónir af þér og eftirstöðvarnar námu 5,6 milljónum. Þetta var ekki sár skilnaður ef þið haldið það, enda var satt best að segja ekki mikil ást í þessu sambandi við Íbúðalánasjóð. Eins og hamstur á hjóli hafði ég reynt að halda í við þig öll þessi ár. Mér tókst að halda mig á hjólinu en frétti af mörgum sem féllu af því. Fékk lítið þakklæti frá þér þrátt fyrir allar greiðslurnar. Líklega var upphaflega lánsupphæðin of lág til að ég ætti skilið þakklæti.

**Heimilisböl**

Þetta rifjaðist upp á flokksþingi Framsóknarflokksins um helgina þegar samþykkt var ályktun um afnám verðtryggingar á neytendalánum, en húsnæðislán flokkast þar undir. Loksins var kominn flokkur sem var tilbúinn til að taka afdráttarlausa afstöðu til þessa heimilisböls sem er að keyra þúsundir heimila í þrot. Loksins stjórnmálamenn sem þora að taka á vandanum. Tilfinningin var undarleg. Ég seig niður í sætið.

Þremur dögum eftir skilnaðinn við Íbúðalánasjóð gekk ég inn í bankann minn. Það voru að koma jól en lítið um skreytingar í aðþrengdu bankakerfi. Þjónustufulltrúinn tók á móti mér með pókersvip og dreifði úr pappírunum fyrir framan mig. Ég bar mig vel, þóttist lesa smáa letrið og skrifaði svo hratt undir, en forðaðist að líta á lánsupphæðina sem var margfalt hærri en í upphaflega láninu sem ég var að skilja við. Íbúðalánasjóður heyrði sögunni til en í staðinn var kominn nýr aðili í líf mitt sem bar nafn lífeyrissjóðs. Nýtt 40 ára verðtryggt öruggt samband var staðreynd. Reyndar leist mér betur á óverðtryggða sambandið sem sjóðurinn bauð mér líka upp á, en greiðslubyrði þess í byrjun var allt of mikil fyrir tóma budduna. Það var því ekkert val. Kostnaður við lántökuna nam rúmum 600 þúsund krónum. Endalausar línur með skilgreiningum á hinum og þessum gjöldum. Um áramótin fékk ég fyrsta greiðsluseðilinn – lánið hafði hækkað um 120 þúsund krónur á 14 dögum. Ég get hins vegar ekki beðið eftir árinu 2053. Þá borga ég síðustu afborgunina – 93 ára.

Ég fór rakleiðis út í búð og keypti lottómiða.

**➜ Fékk lítið þakklæti frá þér þrátt fyrir allar greiðslurnar. Líklega var upphaflega lánsupphæðin of lág til að ég ætti skilið þakklæti.**

# Sátt um sjávarútveg

SJÁVARÚTVEGUR



Vífill Karlsson
hagfræðingur

Í nýjum Hagvísi Vesturlands kemur fram að ungt fólk (20-40 ára) kallar fyrst og fremst eftir atvinnuöryggi. Þetta var efst á forgangslista þess löngu fyrir bankahrun og gerir enn. Það biður ekkert sérstaklega um hærri laun, fín menningarhús, betri vegi eða annað sem fær oft meiri athygli ráðamanna og fjölmiðla. Það vill atvinnuöryggi og burt með óvissuna.

Þó þetta séu sjónarmið ungs fólks á Vesturlandi má ætla að Vesturland sé á vissan hátt fulltrúi margra samfélaga utan höfuðborgarsvæðisins. Á sunnanverðu Vesturlandi er nokkuð fjölbreytt atvinnulíf og er hluti af höfuðborgarsvæðinu en landbúnaður (Dalir) og sjávarútvegur (Snæfellsnes) eru burðarásar atvinnulífsins á því norðanverðu og því á vissan hátt dæmigerðari fyrir samfélög á landsbyggðinni fjær.

En það er annað umhugsunarvert í þessum Hagvísi. Það er nefnilega hvergi meira af ungu fólki á Vesturlandi en í sveitarfélögum sem byggja mest á sjávarútvegi (Snæfells- og Grundarfjarðarbær).

Það bendir til að sjávarbyggðir hafi verið eftirsóknarverðar til búsetu. Þegar rýnt er í tölur sem Hagvísirinn byggir á kemur í ljós að árið 1991 var ungt fólk hlutfallslega fleira í þessum sveitarfélögum en á höfuðborgarsvæðinu, en hafði snúist við árið 2011. Enn fremur að forskot sem þessi sveitarfélög höfðu árið 1991 á spútnikksveitarfélög Vesturlands, Akranes og Borgarbyggð, hafði minnkað um helming árið 2011. Það er því ljóst að sjávarbyggðir hafa gengið í gegnum óvenjulegar þrengingar á þessu tímabili þrátt fyrir óskorað forskot í upphafi þess.

**Fjöregg hvers samfélags**

Fólk á þessum aldri er öllum byggðum sérstaklega mikilvægt þar sem það er hraustasti og vinnusamasti aldurshópurinn, fæðir og elur upp börnin og byggir upp sín heimili. Það leggur því grunn að framtíðinni og drífur áfram verslun og viðskipti. Því er ljóst að þetta fólk er fjöregg hvers samfélags og þar með ætti það að vera sérstakt keppikefli hverra stjórnvalda að stuðla að búsetu þess í byggðarlögum um land allt, hafi þau raunverulegan áhuga á því að stuðla að dreifðri búsetu á Íslandi.

Þess vegna er mjög mikilvægt að þær breytingar sem gerðar verða á frumvarpi um stjórn fiskveiða verði í sátt við sem flesta svo ekki verði farið í stórfelldar breytingar aftur þegar ný ríkisstjórn kemur að borðinu. Það væri að æra óstöðugan við þær aðstæður sem þjóðin býr við eins og efnahagsmálum er háttað nú um stundir.

Flestir geta eflaust tekið undir það að lögum þessum þurfi að breyta til að koma til móts við kröfur í samfélaginu og að friður ríki þar með um þessa atvinnugrein. Af breytingunum hlytist hins vegar mikill skaði ef ekki næðist um þetta almenn sátt vegna þess að hagkvæmt er að stunda útgerð dreift um landið þar sem fiskimiðin eru. Hér er um fjöregg þjóðarinnar að ræða og einu lífsbjörg margra landsvæða.

Þetta snýst heldur ekki eingöngu um sjávarútveginn því hann styður við aðrar atvinnugreinar sem byggja á landnýtingu eins og ferðaþjónustu, landbúnað og jafnvel orkufrekan iðnað. Enn þá er ferðaþjónusta það óarðbær utan höfuðborgarsvæðisins að hún verður ekki drifin án þess að fólk sem þar vinnur hafi íhlaup í aðra vinnu, eins og sjávarútveg, utan háannatíma.

Hafa verður í huga að hátt í 90% gjaldeyristekna þjóðarinnar er aflað af fyrrnefndum atvinnugreinum, gjaldeyri sem mun skipta okkur miklu í endurreisninni. Þess vegna getur veiking sjávarútvegsins sett skaðleg dómínóáhrif af stað.

**➜ Flestir geta eflaust tekið undir það að lögum þessum þurfi að breyta til að koma til móts við kröfur í samfélaginu og að friður ríki þar með um þessa atvinnugrein.**



# Go Red, hjartasjúkdómar og kvíði

HEILBRIGÐISMÁL



Mjöll Jónsdóttir
sálfræðingur Hjartamiðstöðvarinnar

Í febrúar eru níu ár frá því langtímaverkefnið Go Red hófst á alþjóðavettvangi. Átakið snýst um að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjartasjúkdóma og hvernig draga megi úr líkum á sjúkdóminum. Staðreyndin er nefnilega sú að 70% af allri þekkingu okkar um hjartað er byggð á rannsóknum sem gerðar eru á karlmönnum, ekki konum. Hin dæmigerða mynd af hjartaáfalli er því byggð á dæmigerðum einkennum karla. Margir segja að konur upplifi ódæmigerð einkenni hjartasjúkdóma þegar þær fá hjartaáfall, aðrir segja að konur upplifi dæmigerð einkenni kvenna þegar þær fá hjartaáfall, það hafi hins vegar gleymst bæði að rannsaka og kynna þessi einkenni nægjanlega vel. Þess vegna var ráðist í Go Red-verkefnið, til þess að afla fjármuna til rannsókna og leggja í alþjóðaátak til að dreifa þekkingunni.

Þessi grein er af þessu tilefni rituð með þeim tilgangi að varpa ljósi á tengsl kvíða við hjartasjúkdóma. Það merkilega er nefnilega að einkenni kvíða minna um margt á einkenni sem gætu komið frá hjartanu. Dæmi um algeng einkenni kvíða er hraður hjartsláttur, tilfinning um þyngsli fyrir brjósti, erfiðan eða þungan andardrátt, stingur eða verkur í brjósti, svimi og sviti.

**Kvíði algengur**

Kvíði er algengur hjá hjartasjúklingum. Það er ógnvænlegt að veikjast lífshættulega og óttinn um endurtekin veikindi hrjáir marga. Ef þessi ótti verður viðvarandi og dvínar ekki eftir að jafnvægi og bata er náð og læknir hefur úrskurðað ástæðulaust að óttast, þá gæti óttinn verið að þróast yfir í kvíða. Fyrir marga þýðir þetta að einkenni kvíða eru túlkuð sem einkenni frá hjarta. Sjúklingar trúa ekki orðum lækna um að allt sé í lagi. Margir velkjast um í heilbrigðiskerfinu, fara í læknisskoðanir, hjartalínurit, ómskoðanir og hjartaþræðingar en sama hvað aðhafst er þá finnst ekkert að og einkennin þráast við. Nema rétt eftir skoðun þegar einkennum léttir. Skoðunin létti á kvíðanum. En léttirinn er skammvinnur. Kannski var ekki gerð rétt rannsókn. Kannski fór eitthvað fram hjá lækninum. Kvíðinn eignast líf sem aldrei fyrr, enda lítið sem hjartalyf geta gert til að létta á kvíða.

Það eru til ýmsar leiðir til að losna við kvíða. Til dæmis eru til margrannsakaðar aðferðir sem sálfræðingar beita í meðferð sinni og sé rétt staðið að málum og sjúklingar tilbúnir til að gera það sem þarf fer kvíðinn fljótt að gefa eftir. Margir upplifa þá aukinn líkamlegan bata þar sem einkenni minnka, hugrekki eykst og margir takast þá einnig af meiri krafti á við líf sitt, breyttan lífsstíl og aðlagast betur breyttum aðstæðum. Allt eykur þetta heilbrigði og minnkar líkur á áframhaldandi veikindum.

**Konur fá seinna greiningu**

Þá er það hin hlið kvíðans. Konur geta auðvitað einnig upplifað dæmigerð karlaeinkenni hjartaáfalls eins og stingandi verk fyrir brjósti sem leiðir út í vinstri handlegg en oft eru einkenni hjartaáfalls hjá konum óljósari eins og t.d. meltingartruflanir, óútskýrður slappleiki og þreyta, sviti, ógleði, svimi, já og kvíði. Konur lenda því oftar í því en karlar að leita læknis vegna einkenna sem eiga uppruna sinn í hjartanu en fá þau svör að þær þurfi bara að léttast, hreyfa sig, fara í frí og hvíla sig, minnka stress eða að þetta sé bara kvíði. Það er ekki að ástæðulausu að dönsku hjartasamtökin hafa staðið fyrir herferð undanfarin ár sem ber yfirskriftina „ef þú færð hjartaáfall, þá skaltu vona að þú sért karlmaður“, því sökum meiri þekkingar á hjartasjúkdómum karla fá þeir fyrr rétta greiningu og meðferð og þegar hjartað er annars vegar skiptir tími sköpum.

Í hraða samfélagsins og þar með í heilbrigðisþjónustunni, niðurskurði og síauknu álagi hefur það aldrei verið mikilvægara en nú að bera ábyrgð á eigin heilsu. Allar konur þurfa að kynna sér einkenni hjartasjúkdóma kvenna og bera saman við fjölskyldusögu sína og áhættu miðað við lífsstíl.

Ég hvet lækna til að taka orð kvenna alvarlega, vera vakandi fyrir ólíkum einkennum þeirra og gera frekar óþarfa nákvæma læknisskoðun en senda konur heim með leiðbeiningarbækling um heilbrigða þyngd. Ég hvet konur til að kynna sér boðskap Go Red (t.d. á gored.is eða goredforwomen.org ) og vera vakandi fyrir kvíðanum í báðar áttir. Ekki taka kvíða sem útskýringu án undangenginnar læknisskoðunar til að útiloka hjartasjúkdóma. Taktu heldur útskýringu og greiningu á kvíða gilda eftir að læknir hefur skoðað þig vel og sagt að hjartað sé í lagi og fáðu þá aðstoð við að taka á kvíðanum.

**➔Kvíði er algengur hjá hjartasjúklingum. Það er ógnvænlegt að veikjast lífshættulega og óttinn um endurtekin veikindi hrjáir marga.**

KRÓNUTILBOÐ

FLUGFELAG.IS | 75 | ÁR Á FLUGI

BÓKANLEGT FRÁ KL. 10.00 Í DAG




Aldeilis ÓDÝRT!
PANTAÐU Í DAG, EKKI Á MORGUN, JÁ Í DAG!

**1 króna fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar**
(skattar eru 1.725 kr. frá Reykjavík og 1.550 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands)
18. febrúar – 4. mars 2013
**Þetta einstaka tilboðsfargjald**
• gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
• er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
• býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
Bókanlegt frá 15. febrúar

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

islenska/sia.is FLU 62782 02/13

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**ÓLAFUR BJARKI RAGNARSSON**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 10. febrúar. Hann verður kvaddur fimmtudaginn 21. febrúar í Fossvogskirkju kl. 15.00.

**Sigríður Ólafsdóttir** **Pétur Már Pétursson**
**Ragnar Ólafsson** **Hólmfríður Jóna Guðmundsdóttir**
**Kristinn Ólafur Ólafsson** **Helga Þórisdóttir**
**Haraldur Ólafsson**
**Helgi Ólafsson** **Wanpen S. Ólafsson**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

**GÚSTAF LÁRUSSON**
**húsasmíðameistari**
**Jöldugróf 8, Reykjavík,**

lést 12. febrúar sl. á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram í Bústaðakirkju 21. febrúar kl. 13.00.

**Þórhildur Magnúsdóttir**
**Ásta Gústafsdóttir** **Eyjólfur Magnússon**
**Hildur Gústafsdóttir** **Björn Eysteinsson**
**Hulda Smith** **Othar Smith**
**Auður Gústafsdóttir**
**Margrét Gústafsdóttir**
**Guðrún Gústafsdóttir** **Þorsteinn Hansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**GRÓA EGILSDÓTTIR**
**Höfða, Akranesi,**

lést mánudaginn 11. febrúar. Hún verður kvödd hinstu kveðju í Akraneskirkju þriðjudaginn 19. febrúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar vinsamlegast láti Höfða njóta þess. Um leið og við þökkum sýnda samúð og vinarhug færum við starfsfólki Höfða þakkir fyrir einlæga og hlýja umönnun.

**Hrafnhildur Hannibalsdóttir**
**Kristján Már Hannibalsson** **Ingunn Ríkharðsdóttir**
**Hafþór Már Hannibalsson** **Björk Svava Ingólfsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð við andlát og jarðarför

**JÓNS JÓNSSONAR**
**frá Melum.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Grundar, deild V-3.

**Þóra Ágústsdóttir**
**Jón Hilmar Jónsson** **Sigríður Karvelsdóttir**
**Ágúst Frímann Jónsson** **Kristín Björnsdóttir**
**Helga Jónsdóttir** **Ólafur Þorsteinsson**
**Ingunn Jónsdóttir** **Ísar Guðni Arnarson**
**Elísabet Jónsdóttir** **Sigurgeir Ólafsson**
**Guðlaug Jónsdóttir** **Karl Kristján Ásgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS



Virðing Reynsla & Þjónusta
Allan sólarhringinn

571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



**FÓTBOLTAHEIMURINN SKEMMTILEGUR** Borghildur hefur alltaf verið virk í fótboltaheiminum og fylgst með boltanum hér heima og í Englandi, þar sem tryggð hennar liggur hjá Tottenham. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kvenkyns formaður í fyrsta sinn í sögunni

Borghildur Sigurðardóttir braut blað í 55 ára sögu Breiðabliks á miðvikudaginn.

„Ég hef alltaf verið mikið í fótboltanum svo fólki í kringum mig þykir það bara eðlilegt. Það var kannski helst fyrst þegar ég og maðurinn minn vorum að byrja saman að vinir hans urðu hissa á því að ég var alveg jafn spennt fyrir leikjum og hann, ef ekki meira. Síðan eru nú liðin mörg ár og allir orðnir vanir þessu núna,“ segir Borghildur Sigurðardóttir, nýkjörinn formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks.

Borghildur er fyrsta konan í rúmlega 55 ára sögu félagsins til að gegna embættinu en hún var á miðvikudagskvöldið kjörin til að taka við af Einari Kristjáni Jónssyni, sem ákvað að stíga til hliðar eftir sjö ára formannssetu. Hún segir þann stimpil sem er á fótboltaheiminum að hann sé karlaheimur sífellt vera að dofna, þó að konur séu enn þá í miklum minnihluta innan KSÍ og í öðrum knattspyrnudeildum. „Ég lít samt ekki svo á að kyn mitt hafi haft með það að gera að ég var kosin í hlutverkið heldur held ég, og vona, að valið byggist frekar á þeim störfum sem ég hef sinnt fyrir félagið undanfarin ár,“ segir hún en síðustu fjögur ár hefur hún sinnt ýmsum störfum innan deildarinnar, auk þess sem hún hefur verið afar virk á hliðarlínunni síðustu fimmtán ár. „Börnin mín þrjú hafa öll æft með Breiðabliki og tvö þeirra eru þar enn í dag. Ég myndi segja að ég væri þessi týpíska fótboltamamma sem er alltaf mætt á hliðarlínuna,“ segir hún og hlær.

Þó Borghildur mæti á alla leiki karla og kvennaliðs Breiðabliks í Pepsi-deildinni gefur hún sér líka tíma til að fylgjast með boltanum utan landsteinanna. „Ég er með puttann á púlsinum í enska boltanum líka og þar er Tottenham mitt lið. Ég lifi alveg og hrærist í þessum fótboltaheimi, enda er hann alveg rosalega skemmtilegur,“ segir hún.

Ný stjórn Breiðabliks er ekki með nein meiriháttar plön um breytingar heldur segir Borghildur planið vera að draga andann djúpt og koma sér inn í málefnin. „Það er búin að vera mjög stöðug og góð stjórn síðustu ár svo við viljum bara halda áfram hennar góða verki. Þetta er auðvitað ein stærsta knattspyrnudeild landsins með um 1.100 iðkendur og 60 starfsmenn, svo það er mikið utanumhald og í nógu að snúast,“ segir formaðurinn nýi greinilega spenntur yfir hlutverkinu.

tinnaros@frettabladid.is



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

**HERBORG LAUFEY HAUGEN**
**(F. ÓLAFSDÓTTIR)**
**Ljósheimum 22,**

lést þriðjudaginn 12. febrúar.

**Anni G. Haugen**
**Margrét Arnljótsdóttir**
**Halla Sigríður Margrétardóttir Haugen** **Jón Hjörtur Þrastarson**
**og barnabarnabörn.**



✝

**BRYNJÓLFUR JÓNSSON**
**frá Lækjarbotnum í Landsveit,**
**til heimilis að Nestúni 15,**
**Hellu,**

verður jarðsunginn frá Skarðskirkju í Landsveit laugardaginn 16. febrúar klukkan 14.00.

**Aðstandendur**



✝

Ástkær eiginkona, móðir og amma,

**LÁRA EÐVARÐSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 9. febrúar. Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 21. febrúar klukkan 13.00.

**Óskar Sörlason**
**Tryggvi Hermannsson** **María Huynh**
**Eðvarð Hermannsson** **Elsa Jónasdóttir**
**Emil Þór Emilsson** **Ingibjörg Einarsdóttir**
**Kristinn Már Emilsson** **Margrét Alexandersdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Frænka okkar,

**FANNEY HALLDÓRSDÓTTIR**
**snyrtisérfræðingur,**

áður til heimilis að Fellsmúla 9, Reykjavík, lést á Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ þann 1. febrúar sl. Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þórarinn Sófusson**
**Gústav Sófusson**
**Helga Sófusdóttir**
**Helga Jónsdóttir**
**Stefán Jónsson**



✝

Elskuleg eiginkona mín, systir
okkar og mágkona,

**KRISTÍN M. BLOMSTERBERG AHL**

lést í Svíþjóð þann 14. janúar sl.
Útförin hefur farið fram.

**Bengt Ahl**
**Anna Lísa Blomsterberg** **Hlini Pétursson**
**Friðrik Blomsterberg** **Alda G. Jóhannesdóttir**
**Sigrún Blomsterberg**
**Ellen Blomsterberg** **Einar Sigurðsson**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og
amma,

**SIGURRÓS KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Álfaskeiði 64, Hafnarfirði,**

lést á Sólvangi 10. febrúar. Útförin fer fram frá Jófríðarstaðakirkju, Hafnarfirði mánudaginn 18. febrúar kl. 13.00.

**Kristrún Ingibjartsdóttir** **Magnús Björgvinsson**
**Þóroddur F.G. Jónsson**
**og ömmubörnin.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**SNILLDARTAKTAR Í SALNUM**

**Gítarsnillingurinn Björn Thoroddsen verður með tónleika í Salnum á morgun kl. 16.00 þar sem hann sýnir á sér nýjar hliðar um leið og hann heldur upp á 55 ára afmæli sitt. Á efnisskránni má finna rokk, kántrí, blús, popp og jafnvel þungarokk.**


15% AFSLÁTTUR

af OSO hitakútum,
Wösab olíufylltum ofnum
og Vortice loftræstiviftum.



NORSK FRAMLEIÐSLA

BLÖNDUNARLOKI FYLGIR






Gæða viftur fyrir baðherbergi, eldhús, vinnustaði o.fl.

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is




# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur.

Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingaleggjum sem fylltir eru með girnilegri kúskúsfyllingu. Fyllingin er með reyktri papriku, sólþurrkuðum tómötum, basilíku og furuhnetum. Uppskriftin er fyrir fjóra. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan ljúffenga rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

**FLOTT UPPSKRIFT** Meistarakokkurinn Úlfar Finnbjörnsson matreiðir girnilegan kjúklingarétt. MYND/ANTON

## KJÚKLINGALÆRI FYLLT MEÐ KÚSKÚS

- 4 heil kjúklingalæri
- 2 dl kúskús
- 2 dl sjóðandi vatn
- 3 msk. grilluð paprika í krukku, skorin í bita
- 3 msk. sólþurrkaðir tómatar, skornir í bita
- 3 msk. furuhnetur
- 2 msk. basilíka, smátt söxuð
- Salt og nýmalaður pipar

**AÐFERÐ**

Skerið upp með lærbeininu og losið það frá leggnum á liðamótunum. Setjið kúskúsið í skál og hellið sjóðandi vatni yfir. Setjið álpappír yfir skálina og geymið í 10 mín. Bætið þá papriku, sólþurrkuðum tómötum, furuhnetum, basilíku, salti og pipar í kúskúsið og blandið vel saman. Kryddið lærin að innan og utan með salti og pipar. Fyllið þau því næst með kúskúsfyllingunni. Leggið lærin í litlar eldfastar skálar og bakið í 25-30 mín við 185 gráður. Berið fram með góðu salati og brauði.




Heilsuréttir Nings

Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Réttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli. Allir réttir okkar eru að sjálfsögðu án transfitu og MSG.



Sushi er frábær hollustufæða

NINGS




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is




# KÓSÝKVÖLD Í SUNDI

**VETRARFJÖR** *Vetrarútihátíðin Éljagangur fer fram um helgina á Akureyri. Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin er haldin og dagskráin verður full af fjöri.*

Við viljum fá fólk út að leika og sýna fram á hvað möguleikarnir á að njóta útivistar yfir vetrartímann eru miklir," segir Hulda Sif Hermannsdóttir, einn skipuleggjenda vetrarútihátíðarinnar Éljagangs sem fram fer nú um helgina á Akureyri. Þetta er í þriðja sinn sem hátíðin er haldin og er dagskráin afar fjölbreytt.

„Það er ótrúlega mikið í boði í ár og nýir aðilar hafa bæst við á hverju ári," segir Hulda Sif. „Hér er nægur snjór og allir ættu að geta fundið eitthvað sem þeim líkar. Hér eru viðburðir þar sem gestir nota sitt eigið afl, til dæmis fara í fjallið, en í Hlíðarfjalli verða ýmis námskeið og uppákomur alla helgina. Eins verða í boði gönguferðir, svo sem göngur upp á fjallið Kerlingu og morgunskokk um bæinn klukkan hálf sjö á morgnana. Einnig verður mikið af ýmiss konar mótorsporti, sleðaspyrna þar sem bæði er hægt að fylgjast með og taka þátt, Íslandsmeistaramót í ískrossi á Leirutjörn og svo mætti lengi telja," segir Hulda.

Hún segir hátíðina með fyrra fallinu í ár og nú hitti svo á að grunnskólar Akureyrar eru í vetrarfríi. Hún á því von á að bæjarbúar fjölmenni á hátíðina en einnig drífur að aðra gesti.

„Við búum svo vel hér á Akureyri að eiga Hlíðarfjall og hér er aðstaða til að stunda útisport frábær. Dagskráin er þó líka fjölskyldumiðuð og til dæmis verður hundasleðakynning í Hömrum við Kjarnaskóg. Krakkar geta jafnvel fengið að fara eina bunu á hundasleða sem er skemmtileg upplifun. Í Skautahöllinni verður hægt að fylgjast með hestum tölta á ísnum og á Ráðhústorginu mun brettafólk leika listir sínar á brettastökkpalli. Við vonumst síðan til að snjórinn haldist sem lengst svo krakkarnir geti notað brettapallinn áfram eftir hátíðina," segir Hulda.

En er einhver viðburður sem hún sjálf ætlar ekki að láta fram hjá sér fara?

„Sundlaugin hér á Akureyri er auðvitað æðisleg jafnt sumar sem vetur en á hátíðinni verða þar sérstök kósýkvöld alla helgina milli klukkan 17 og 21. Þá verður spiluð slökunartónlist og boðið upp á Purity Herbs, snyrtivörur frá Akureyri, til notkunar í klefunum. Þá verða nuddarar á ferðinni í pottunum og bjóða axlanudd. Þarna verður æðislegt að koma við eftir langan dag í fjallinu," segir Hulda.

Dagskrá Éljagangs má nálgast á www.eljagangur.is og á Facebook.

**heida@365.is**



**SNJÓKARLINN Í SMÍÐUM** Hulda Sif Hermannsdóttir, einn skipuleggjenda Éljagangs, ásamt Matthíasi Arnarsyni á Ráðhústorginu þar sem bygging risasnjókarls var í fullum gangi fyrir hátíðina. MYND/HLYNUR F ÞORMÓÐSSON



**BRETTAKAPPAR** Brettakrakkar sýna takta á Ráðhústorginu. MYND/ÞÓRIR TRYGGVASON



**ÍSKROSS Á LEIRUTJÖRN** MYND/ÞÓRIR TRYGGVASON



**TILÞRIF** Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi á Akureyri um helgina. MYND/ÞÓRIR TRYGGVASON

# HOLL OG GÓÐ TÓMATSÚPA

Tómatar eru hollir og næringarríkir. Heit og bragðmikil súpa er þar fyrir utan alltaf góð þegar kalt er í veðri. Eftir bollu- og saltkjötsát í vikunni væri kannski ágætt að fá sér eitthvað létt í kvöld. Tómatsúpa og gott brauð gæti þá orðið fyrir valinu. Þetta er einföld uppskrift sem miðast við fjóra. Í hana eru notaðir tómatar í dós en vissulega má nota ferska tómata vilji maður það frekar.

**ÞAÐ SEM ÞARF:**

1 dós tómatar í bitum
Hálfur bolli jómfrúarólífuolía
Salt og nýmalaður pipar
1 sellerístilkur, smátt skorinn
1 lítil gulrót, smátt skorin
1 laukur, smátt skorinn
2 hvítlauksrif, söxuð
1 bolli kjúklingasoð
1 lárviðarlauf
2 msk. smjör
Hálfur bolli smátt skorin basilíkulauf
Hálfur bolli rjómi (má sleppa)

Hitið ofninn í 200°C. Setjið tómatana í eldfast mót, geymið tómatsafann, bragðbætið með salti og pipar og jómfrúarolíunni. Bakið í ofninum í 15 mínútur.

Á meðan tómatarnir eru í ofninum er olía og smjör sett í pott og sellerí, laukur og hvítlaukur steikt í um það bil 10 mínútur þar til allt er orðið mjúkt og fínt. Gætið að því að ekki brenni við. Þá er tómötum bætt út í, safanum, kjúklingasoðinu og lárviðarlaufi. Látið malla í 15-20 mínútur. Þá er rjóma bætt saman við og basilíkulaufum. Notið töfrasprota eða matvinnsluvél til að mauka súpuna og berið fram með góðu brauði. Ef fólk vill sterkari súpu má alltaf bæta smá eldpipar saman við eða öðru kryddi eftir smekk. Einnig má bæta við kjúklingasoði ef súpan reynist of þykk. Fallegt er að bera súpuna fram í bollum eða málum.






F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# VEITINGAHÚS

FÖSTUDAGUR **15. FEBRÚAR 2013**

**Kynningarblað** Sjávarréttir, steikur, skyndibiti og kokkteilar.






**Nýr** hádegismatseðill

101 hotel

reykjavik

# *Skyndibitakóngurinn*

Sjónvarpskokkurinn Guy Fieri (fæddur Ferry) er einn þekktasti matgæðingur Bandaríkjanna. Hann ferðast á milli skyndibitastaða í Ameríku og smakkar það sem þeir bjóða í þáttunum Diners, Drive-Ins and Dives. Fieri er lifandi persónuleiki á skjánum með litað hár og sólgleraugu á höfðinu. Árið 2010 gerði Food Network-sjónvarpsstöðin hann að andliti stöðvarinnar.

Fieri, sem varð 45 ára í janúar, rekur fimm veitingahús í Kaliforníu undir nafninu Johnny Garlic's og eitt var opnað í New York á síðasta ári undir nafninu Guy's American Kitchen and Bar. Fiery byrjaði ungur að starfa á veitingahúsum en er þó ekki lærður matreiðslumaður. Hann nam hótelfræði við háskólann í Nevada í Las Vegas og útskrifaðist þaðan árið 1990. Áhuginn beindist þó ávallt að matargerð en hann hóf störf hjá matvælafyrirtækinu Stouffer's í S-Kaliforníu eftir nám. Árið 1996 opnaði hann sinn fyrsta veitingastað.

Árið 2006 hóf Fieri þáttagerð í sjónvarpi og gerði sex þætti sem nefndir voru Guy's Big Bite en síðan komu þættirnir Diners, Drive-Ins and Dives árið 2007. Þessir þættir lifa enn góðu lífi á Food Network og eru sýndir þar daglega. Fleiri þættir hafa komið í kjölfarið og stundum er fjölskylda hans með í þáttunum. Guy Fieri hefur gefið út þrjár bækur. Hann býr í Kaliforníu ásam konu sinni, Lori, og tveimur sonum. Fieri safnar gömlum amerískum bílum og þar á meðal eru Chevy Chevelle (1971), Pontiac Firebird (1968), Jeep CJ-5 (1976), Chevy Impala SS (1996) og Chevy C10 pickup (1967).



Sjónvarpsstöðin Food Network gerði Fieri að andliti stöðvarinnar árið 2010. Þar er hann með þættina Diners, Drive-ins and Dives þar sem hann ferðast á milli skyndibitastaða í Ameríku og smakkar það sem þeir hafa upp á að bjóða.

Humarsalan.is
Hornafjarðarhumar
HUMARSALAN



Gústav Axel Gunnlaugsson matreiðslumeistari segir það sérstaka upplifun að borða á Sjávargrillinu. MYND/GVA

# Einstök upplifun

**Sjávargrillið** á Skólavörðustíg 14 er jarðbundinn skandinavískur veitingastaður þar sem eingöngu úrvals hráefni ratar á diskana. Á matseðlinum er eitthvað fyrir alla.

Við erum rétt að verða tveggja ára en við opnuðum staðinn 14. apríl árið 2011," segir Gústav Axel Gunnlaugsson, kokkur og einn eigenda Sjávargrillsins á Skólavörðustíg 14. „Við erum þrír sem eigum staðinn en ég sé um að kokka," bætir hann við, en hann hreppti titilinn matreiðslumaður ársins árið 2010.

Gústav segir Sjávargrillið miklu meira en bara veitingastað.

„Það er sérstök upplifun að koma hingað inn. Ég get eiginlega ekki lýst því, fólk verður bara að upplifa það sjálft," segir hann. En hver er þá besti rétturinn á matseðlinum? „Allt," segir Gústav hlæjandi. „Við erum fiskistaður með meiru en það er líka kjöt á boðstólum og margt annað. Kúnnahópurinn okkar er mjög breiður því við erum með allt fyrir alla, salöt og pastarétti, kjöt og fisk og líka barnamatseðil. Í hádeginu er mjög vinsælt að detta hér inn í fisk dagsins og rétt dagsins en réttur dagsins er oftast eitthvert kjötmeti. Á kvöldin eru veislurnar okkar vinsælastar. Þá getur fólk pantað veislu sem kemur á mitt borðið og allir fá sér svo af, bara eins og í matarboði. Við erum með humarveislu, fiskveislu, sælkeraveislu og líka grillpartí og það er engin fjöldatakmörkun. Það getur allt niður í einn pantað veislurnar."

Gústav segist eingöngu nota úrvals hráefni í matargerðina og fær nýjan fisk á hverjum morgni.

„Við notum íslenskt hráefni eins mikið og við getum og ég mundi segja að Sjávargrillið sé jarðbundinn skandinavískur staður. Sumir líkja matseðlinum okkar við nýnorræna matargerð en við fylgjum í raun ekki reglum nýnorrænnar matargerðar. Við höfum okkar lag á þessu."

# Safaríkari steikur

Einstakur kolaofn Steikhússins framkallar meiri hita og magnaðra grillbragð sem gerir kjötið safaríkara og betra.

Steikhúsið við Tryggvagötu opnaði með hvelli síðasta sumar. Hjónin Tómas Kristjánsson og Sigrún Guðmundsdóttir reka veitingastaðinn ásamt Níels Hafsteinssyni framreiðslumanni og Eyjólfi Gesti Ingólfssyni matreiðslumanni. Tómas segir sérstöðuna liggja í kolaofni staðarins, þeim eina sinnar tegundar hérlendis. „Kolaofninn er frá Mibrasa á Spáni. Við höfum leitað upprunans í steikarmenningu, alla leið aftur í kolin. Þannig fáum við miklu meiri hita í ofninn og magnaðra grillbragð. Auk þess verður lyktin engu lík og kjötið safaríkara og betra."

Annað sérkenni Steikhússins er meðferð þess á nautakjöti sem felst í 28 daga meyrnun. „Þetta á við um þessa helstu nautakjötsvöðva, eins og Ribeye, T-bone og Porterhouse. Kjötið verður lungamjúkt eftir 28 daga meyrnun í kjörhita og nær að brjóta sig almennilega."

Steik er ekki bara steik. Í boði er meðal annars lamb, fiskur, hnetur, fuglar og hross. Með steikinni má svo velja meðlæti að eigin smekk og sósu.

„Þessa dagana bjóðum við til Vetrarveislu. Hún samanstendur af þremur litlum forréttum sem koma saman á borðið. Síðan velja gestir milli fjögurra aðalrétta; nauta-, lamba-, skötusels- eða hnetusteikur. Að lokum er val milli tveggja eftirrétta, lakkrískonfektostaköku eða volgrar súkkulaði- og karamelluköku með ferskum berjum og vanillurjóma. Vetrarveislan hefur slegið í gegn enda er verðið lágt miðað við hve hlaðin hún er."



Einn sérrétta Steikhússins, Ribeye-steik, þristeiktar franskar og bearnaise-sósa. MYND/VALLI

Steikhúsið er með óheyrilega langan vínseðil, svo langan að hann er á iPad í stað pappírs. „Við erum mjög sanngjörn í álagningu á vínum því rétt valið vín er kórónan á kvöldverðinn og því viljum við ekki að fólk setji fyrir sig verðið."

Steikhúsið er með í Food & Fun dagana 27. febrúar til 3. mars. Þar mun gestakokkurinn Matt Britt frá Bandaríkjunum elda á meðan hátíðin stendur yfir.

Upplýsingar og matseðil má finna á www.steik.is.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Sigurjón Viðar Friðriksson, sigurjon@365.is, s 512-5447 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Lífið

FÖSTUDAGUR
15. FEBRÚAR 2013

JÓHANNA BJÖRG CHRISTENSEN ER NÝKOMIN HEIM AF TÍSKUVIKUNNI Í KÖBEN 2

FIMM SKREF AÐ BÆTTU SJÁLFS-TRAUSTI OG SÁTT VIÐ EIGIN SÁL OG LÍKAMA 10

BRYNDÍS GYÐA MICHELSEN VAR STRÁKASTELPA SEM VILDI EKKI VERA Í KJÓL 12



## Íslendingar láta hlutina gerast

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVERJIR HVAR?

**HEILSAN Í FYRIRRÚMI** Hollustan skiptir Íslendinga augljóslega miklu máli ef marka má traffíkina á þeim matsölustöðum sem bjóða upp á holla bita um þessar mundir. Margt var meðal annars um manninn á Gló í vikunni en þar sást bardagamaðurinn mikli



**Gunnar Nelson** gæða sér á góðum mat. Einnig mátti sjá þær **Bergljótu Þorsteinsdóttur** ljósmyndara, Svövu Björgu Harðardóttur hárgreiðslumeistara og Önnu Margréti Jónsdóttur, fyrrverandi ungfrú Ísland. Hún var þó ekki eina fegurðardrottningin á staðnum því þar var einnig **Ingibjörg Egilsdóttir**.







**Lífið**

*Hamingja, fólk og annað frábært*

Umsjón blaðsins
**Kolbrún Pálína Helgadóttir**
kolbrunp@365.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
**Ellý Ármanns**
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Valgarður Gíslason
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
**www.visir.is/lifid**

Förðun Yesminar
Berglind Magnusson



# TÍSKUVIKA

## HEILLUÐ AF ÞESSUM HEIMI FRÁ BARNÆSKU

*Jóhanna Björg Christensen, ritstjóri NUDE Magazine*

Jóhanna sótti sína þriðju tískuviku í Kaupmannahöfn á dögunum sem hún segir jafnframt þá bestu fram að þessu.

*Hvar og hvenær upplifðirðu þína fyrstu tískuviku?* Ég fór fyrst á tískuvikuna í Kaupmannahöfn fyrir þremur árum og hef farið á þær allar síðan.

*Nú hefurðu sótt tískuvikur í nokkrum löndum síðan, hvar er hún skemmtilegust?* Mér finnst hún í raun skemmtilegust í Kaupmannahöfn. Þar höfum við aðgang að öllu því sem okkur langar til að upplifa og það er ótrúlega skemmtileg stemning og afslappað andrúmsloft sem skiptir miklu máli. Það er auðvitað gaman að sjá stóru nöfnin á hinum tískuvikunum, eins og t.d. í París og New York, og borgirnar sjálfar eru æðislegar.

*Hefurðu alltaf haft mikinn áhuga á tísku?* Já, alltaf, ég missti aldrei af Fashion TV þegar ég var barn og byrjaði að kaupa mér Vogue þegar ég var í kringum tólf ára. Ég hef alltaf verið heilluð af þessum heimi, bæði tískunni, ljósmyndunum, tímaritunum og fólkinu. Það er mjög mikið af skemmtilegum og litríkum persónuleikum í þessum bransa og ef maður verður leiður á vinnunni inn á milli þá er alltaf stutt í nýtt „season“ og maður fyllist orku og áhuga á ný.

*Hvað er það sem heillar þig helst við þennan heim?* Ætli það sé ekki upplifunin í heild sinni og tilfinningin sem kemur yfir mann þegar sýningin, fötin, umhverfið og tónlistin ná að spila fullkomlega saman. Þegar maður fer á 25-35 sýningar á einni viku er hætt við að allt renni saman og því er það mjög mikilvægt fyrir hönnuðina að reyna að ná þessari „wow-tilfinningu“. Þess vegna er ég yfirleitt hrifnust af stóru sýningunum sem eru vel pródúseraðar og gefa manni heildarupplifun sem gleymist seint.

*Hvernig var á tískuvikunni þetta árið?* Ég held að þetta hafi verið besta tískuvikan hingað til. Við skemmtum okkur ótrúlega vel og skipulagið var líka mjög gott og ekki nærri því eins mikil bið og oft áður.

*Hvaða hönnuður stóð upp úr?* Malene Birger veldur mér aldrei vonbrigðum. Hún hélt tíu ára afmælissýningu í Konunglega leikhúsinu á Kongens Nytorv þar sem óhóflegt magn af kampavíni var í boði og allir í sínu fínasta pússi. Módelin gengu á sviðinu við tóna frá meðal annars David Bowie og í lokin hneigði hún sig á miðju sviðinu á meðan glimmerið streymdi úr loftinu. Hún er ekki danska tískudrottningin fyrir ekki neitt!

*Og hvað megum við eiga von á að skili sér í götutískuna hér á landi af því sem þú sást á pöllunum?* Við sáum aftur mikið af munsturmixi þar sem settar voru saman t.d. munstraðar buxur við munstraðan jakka og ég held að það eigi eftir að koma betur í ljós í götutískunni, einnig meira af sportlegum klæðnaði sem var samt fágaður og með skemmtilegum smáatriðum. Það tekur alltaf svolítinn tíma fyrir trendin að festa sig í sessi þó að maður hafi séð þau á tískupöllunum nokkrum sinnum. Ég vona líka að við eigum eftir að sjá aðeins fágaðri stíl, þar sem fólk hugsar meira um smáatriðin og gæðin.

*Draumaflíkin úr haustlínunum?* Hlébarðajakkinn frá Designers Remix, ekki nokkur vafi!

> **Það er auðvitað gaman að sjá stóru nöfnin á hinum tískuvikunum, eins og t.d. í París og New York, og borgirnar sjálfar eru æðislegar.**




## TÍSKUVIKAN Í KAUPMANNAHÖFN





Jóhanna og ofurfyrirsætan Caroline Brasch Nielsen.





Malene Birger hélt glæsilega tíu ára afmælissýningu í Konunglega leikhúsinu á Kongens Nytor á tískuvikunni nýverið. Sýningin endaði á veglegu glimmerregni.

# FALLEGIR LOÐKRAGAR
# - NÝ SENDING -



**Kragi Þvottabjörn**
**VERÐ 22.900,-**



**Kragi Þvottabjörn**
**VERÐ 13.900,-**



**Eyrnaband Silfurrefur**
**VERÐ 14.900,-**



**Kragi Svartur Þvottabjörn**
**VERÐ 12.900,-**



**Trefill Ljósbrúnn Refur**
**VERÐ 12.900,-**



**Trefill Þvottabjörn**
**VERÐ 9.900,-**



**Trefill Silfurrefur**
**VERÐ 14.900,-**



**Húfa Kanínuskinn**
**VERÐ 12.900,-**



**Eyrnaband Kanínuskinn**
**VERÐ 4.500,-**



**Húfa Svört**
**VERÐ 5.900,-**



**Húfa kanínuskinn**
**VERÐ 3.900,-**

## MYCONCEPTSTORE.IS

Verslun: innst í Dalbrekku ofan við Nýbýlaveg / Sími: 519 6699 / Vefverslun: www.myconceptstore.is



## Uppáhaldsflíkin

# ALEXANDER MCQUEEN-KJÓLL DRAUMURINN

**Íris Telma Jónsdóttir** snyrtifræðingur

**Uppáhaldsflíkin þín?** Gráa kanínuskinnsvestið mitt.
**Af hverju?** Það gengur bara alltaf, ég er búin að eiga það ótrúlega lengi og nota það svo mikið að það er orðið hálf sköllótt.
**Hvaðan er flíkin?** Frá Portobello-markaðnum.
**Hvenær klæddistu henni síðast?** Ég er voða mikið í þessari flík, allavega svona tvisvar sinnum í viku. Ég get notað hana í hvernig veðri sem er, yfir peysu eða leðurjakka, virkar einhvern veginn bara alltaf.
**Hvað er það síðasta sem þú keyptir í fataskápinn?** Ég keypti mér mjög spes vintage-peysu, opna í bakið, á ebay, voðalega fín og svo keypti ég mér reyndar líka skó, hrikalega töffaralega Jeffrey.
**Draumaflíkin?** Alexander Mcqueen-kjóllinn hennar Kate Hudson sem hún var í á Golden Globe þetta árið.

## GRAMSAÐ EFTIR GÓSSI



Þó svo að útsölunum sé á flestum stöðum formlega lokið má enn finna nokkrar slár og körfur merktar útsölu. Þeir sem eru sniðugir og séðir og umfram allt þolinmóðir geta því fundið klassíska gullmola í fataskápinn.











Andrea Röfn, Vera Hilmars og Soffía Dóra frá Eskimo og Magdalena og Elísabet frá Elite sáu um fyrirsætustörfin.

**Make-up** Ísak Freyr
**Hár** Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack
**Ljósmyndun** Ari Magg
**Aðstoð** Auður Karitas

# TÖFF HAUST
# PÖNK Í BLAND VIÐ BLÚNDUR

***Það er hvorki komið vor né sumar en samt keppast fatahönnuðir nú við að sýna línur næsta hausts, bæði hérlendis sem og erlendis. Hér má sjá brot af því besta frá Freebird haustið 2013.***

Þetta skot er það sem við köllum „Campaign shoot Winter 2013“ eða Auglýsingamyndataka fyrir Freebird-línuna haustið 2013,“ segja hönnuðirnir Gunnar Hilmarsson og Kolbrún Petrea Gunnarsdóttir um nýjustu hönnun sína en Lífið fékk að fylgjast með störfum þeirra nýverið.

„Freebird-línan haust 2013 heitir „Winter Fairytale“ og myndirnar skapa það andrúmsloft. Undirtitill línunnar eða vinnuheiti var „Modern Nomad“ eða Nútímahirðingi.“ Kolla og Gunni sáum sjálf um alla stíliseringu í tökunni en þau blönduðu rómantískum hlutum við gamla pönkaraskó og leðurbuxur. „Það gerðum við til að ná þessum „contrast“ af mjúku og hráu sem okkur finnst svo gaman að blanda saman. Blúndur og pönk, ekki leiðinlegt það.“



Móðir
Kona
Meyja

# VIÐ ERUM FLUTT Í SMÁRALIND



Um síðustu helgi opnuðum við verslunina okkar á nýjum stað í Smáralind og má með sanni segja að mikið hafi gengið á enda frábær opnunartilboð í gangi. Við höfum ákveðið að gera þessa helgi spennandi líka og verður fjöldinn allur af vörum á opnunartilboði. Kíkið í heimsókn og við tökum vel á móti ykkur :)

# 25%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

**FÖSTUDAG -SUNNUDAG**

Smáralind | 571-0003 | www.mkm.is

modirkonameyja

# YESMINE SKÖPUN ER MINN ORKUGJAFI

**Yesmine Olsson sjónvarpskokkur hefur náð miklum vinsældum hér á landi en nú er þriðja þáttaröðin af Framandi og freistandi til sýningar á RÚV. Lífið spjallaði við Yesmine um matarástina, Ísland og móðurhlutverkið.**



MYND/VALLI

*Danshöfundur, heilsuráðgjafi, sjónvarpskokkur, rithöfundur. Það er óhætt að segja að þú sért fjölhæf og hæfileikarík og að þú látir drauma þína rætast. Hefurðu alltaf verið svona drífandi?* Ég var ekkert sérstaklega dugleg í skóla og fannst bara frekar leiðinlegt en í staðinn beindist öll orkan að íþróttaiðkun og tónlistarsköpun. Ég æfði og keppti í fjölmörgum íþróttum á yngri árum og tók þátt í alls konar syningum.

*Vissirðu alltaf hvaða stefnu þú vildir taka í lífinu?* Ég ætlaði mér alltaf að starfa sem danshöfundur og dansari og vinna með tónlist. Þegar ég flutti til Íslands tók ég u-beygju og fór að vinna sem einkaþjálfari sem ekki var á plani og seinna sem matreiðslubókahöfundur og sjónvarpskokkur sem var enn lengra frá upprunalegu plani. Ég hef samt alltaf verið tengd skemmtanaiðnaðinum á Íslandi og unnið við fjölda skemmtilegra verkefna svo sem Idol, X-factor, Ungfrú Ísland, Söngvakeppni Sjónvarpsins, Dans, dans, dans og Frostrósir.

*Hvernig kom það til að þú komst til Íslands?* Árið 1992 kynntist ég íslenskum strák frá Akureyri og hann flutti með mér út. Vegna vinnu minnar bjuggum við í Svíþjóð, Kaupmannahöfn, London, New York og Reykjavík. Þegar því ævintýri lauk átti ég fjölda góðra vina á Íslandi og bauðst sömuleiðis góð vinna svo ég ákvað að prófa að setjast hér að um tíma. Einn af þessum góðu vinum var Addi. Ég hafði þekkt Adda í þrjú ár áður en við byrjuðum saman. Hann átti lítinn strák og var hann aðalástæðan fyrir því að við ákváðum að búa á Íslandi.

*Alin upp í Svíþjóð, leitar hugurinn ekkert þangað?* Hann gerir það, ég sakna pabba mjög mikið en hann er fyrirmynd mín. Ég reyni að fara eins oft og ég get í heimsókn og hann til okkar. Ég missti mömmu þremur mánuðum eftir að Ronja Isabel dóttir mín fæddist, en hún er nú sex ára. Fjölskylda mömmu er stór og skemmtileg og gerir hún allar heimsóknir okkar til Svíþjóðar ánægjulegar. Ég á líka frábæra eldri systur sem ég sakna oft. Í þáttaröð minni á RÚV sem er í gangi núna fær fólk að kynnast þessu fólki mínu, því þá heimsæki ég sumarhús fjölskyldu minnar og elda þar með ættingjum og vinum. Við Addi vorum að hugsa um að flytja til Svíþjóðar haustið 2010 en þá fékk hann vinnu sem verkefnastjóri í Hörpu sem var ákaflega spennandi og vildi ég styðja hann í því.

*Telurðu lífsgæðin hér á landi góð miðað við annað sem þú hefur séð og kynnst?* Ég held að ég sé hér vegna þess að Íslendingar kunna að njóta lífsins og láta hlutina gerast. Ég vil láta hlutina ganga og ekki þurfa að bíða. Íslendingar eru þannig. Hér er allt hægt ef maður er tilbúinn að vinna að því. Ísland er líka fullt af hæfileikaríku og skapandi fólki, sem er mikill innblástur þegar maður vinnur skapandi störf.

*Sem sagt gott að búa á Íslandi?* Ísland hefur alltaf verið öruggur staður í mínum huga, hreinn og fallegur, saklaus heimur sem við þurfum að passa vel upp á. Ég held að lífsgleðin og orkan til að skapa fái stuðning af töfrunum í loftinu hér og þessu dásamlega umhverfi.

*Þér hefur gengið vel að blanda öllum þínum verkefnum saman í gegnum tíðina, sérðu fyrir þér að þú munir alltaf vera með mörg járn í eldinum eða er matreiðslan að taka yfir?* Góð spurning. Ég er mjög þakklát fyrir það að hafa getað unnið skapandi störf því það að skapa er minn orkugjafi, hvort sem það er dans, matur eða tónlist. Ég tel að það að geta gert fleira en eitt í einu virki vel hér á landi, þar sem margir listamenn og fólk í skemmtanageiranum er í fleiru en einu starfi til að ná inn þokkalegum heildartekjum. En einmitt núna er maturinn mér efst í huga því það er nóg að gera.

*Þættirnir þínir á RÚV hafa gengið vel – hvernig líður þér* ▶

**ALDUR**
39

**STARF**
Sjálfstætt starfandi kokkur og danshöfundur

**HJÚSKAPARSTAÐA**
Gift Arngrími Fannari Haraldssyni

**BÖRN**
Stjúpsonurinn Haraldur Fannar, 13 ára og Ronja Isabel, 6 ára



Teppapeysa fyrir alla fjölskylduna
Íslensk hönnun og framleiðsla
www.koffort.is
koffort - lopavörur.



*Fjölskyldan, vinnan og vinirnir…*






Yesmine með dóttir sinni Ronju á Rauðasandi. Með fjölskyldunni í Svíþjóð. Bollywood-sýningin sem sýnd var í Hörpu 2011. Yesmine og Vikas Khanna.

*Það var stórt skref að fara í sjónvarp og enginn vissi hvernig móttökur þættirnir myndu fá því að setja útlending í sjónvarp sem talar bjagaða íslensku var áhætta fyrir RÚV.*





# VERULEIKI FRAMHALDSSAGA

**SAGA AF VERU, RAUNUM HENNAR OG HUGLEIÐINGUM**

**Anna Rún Frímannsdóttir**
íslenskufræðingur og rithöfundur skrifar

Hvernig geta foreldrar ætlast til þess að börnin þeirra verði eins og allir aðrir þegar þau skíra þau sérstökum og fágætum nöfnum eins og til dæmis Kleópatra, Þórgnýr, Tjaldur, Skúta og Hneta. Já, eða þá Vera eins og ég var skírð fyrir ellefu árum við lítinn fögnuð stærstu systur minnar sem galaði yfir kirkjuna þegar presturinn spurði um nafn mitt: ,,Furðu-Vera“. Mömmu og pabba var ekki skemmt þó Alvhildi ömmu þætti þetta sprenghlægilegt. Prestinum fannst þetta afar óviðeigandi en glotti þó út í eitt þegar mamma endurtók nafnið mitt lágt og hálf skömmustulega: ,,Hún á að heita Vera.“ Það er ekki það að Vera sé ekki fínasta nafn. Það er eitt af uppáhaldsnöfnunum hennar mömmu. Hún fékk hugmyndina að nafninu mínu þegar hún las sögu fyrir eldri systkini mín um álfafólk sem átti sér búsetu í Hellisgerði hér í Hafnarfirðinum þar sem ég bý. Mér finnst svolítið töff að heita eftir sögupersónu í álfabók, það er mátulega öðruvísi. Annars hefði ég að öllum líkindum verið skírð eftir einhverri ömmu minni eða langömmu og héti þá kannski Sigga, Anna eða Gunna. Það eru allt ágætis nöfn líka en pínulítið óspennandi í sjálfum sér. Það heitir hálf þjóðin þessum nöfnum. Það hjálpar manni að heita sögupersónunafni, þá getur maður leyft sér að vera sérstakur á svo margan máta, allt nafninu manns að þakka. Mér finnst næstum því nauðsynlegt að vera öðruvísi en aðrir og legg mig sérstaklega fram við það. Það væri líka ekkert sérlega skemmtilegt ef allir væru eins útlítandi og hugsandi. Þá værum við eins og leiðinleg vélmenni, í gráum fötum, sviplaus og með enga útgeislun. Útgeislun! Ég elska fólk sem geislar af gleði og hamingju og smitar frá sér glaðværð og góðmennsku. Þannig vil ég vera alla daga. Ég trúi því að ég geti bætt heiminn með einu litlu brosi eða hrósi.

Stundum geng ég um göturnar í nágrenninu skælbrosandi, af engu tilefni. Ég er bara svo glöð yfir lífinu allt í kringum mig. Mér finnst ég líka svo óendanlega heppin að búa á Íslandi þar sem snjórinn verður næstum mittishár á veturna og sumrin eru næturbjört. Á sumrin er næstum ómögulegt að fara að sofa, það er eins og landið og náttúran séu að segja okkur að vaka þessa þrjá mánuði yfir sumartímann. Mér finnst ég stundum vera að missa af lífinu á sumrin þegar ég er sofandi. En lífið er svo dásamlegt í allri sinni dýrð. Ég held svei mér þá að ég sé ástfangin af lífinu. Það er líka svo skemmtilegt að vera krakki og geta leikið sér án þess að hugsa um hvort það sé eitthvað hallærislegt við það að renna sér öfugt á snjóþotunni með lokuð augun eða standa á höndum úti í búð, syngja á almannafæri eða hlæja upphátt þegar það er kannski ekki viðeigandi. Af hverju verður sumt fullorðið fólk leiðinlegra með aldrinum? Það fer eftir reglum í einu og öllu og bregður ekki út af vananum. Nema kannski hann Viðar, nágranni minn, sem fer stundum í sólbað með sængina sína. Það er alveg hrikalega fyndið en mjög notalegt. Ég hef prófað það! Þá brennur maður líka ekki á skrokknum. Hann Viðar er stórkostlegur kall sem þorir að vera öðruvísi. Ég heyrði vinkonu mömmu eitt sinn segja að ég væri svolítið spes og kannski ekki eins og fólk er flest en ég kýs að líta svo á að allir aðrir séu öðruvísi en ég.

FRAMHALD Í NÆSTU VIKU




## Ísland hefur alltaf verið öruggur staður í mínum huga, hreinn og fallegur, saklaus heimur sem við þurfum að passa.

*fyrir framan tökuvélarnar?* Mér líður mjög vel af því að ég finn að fólk er ánægt með það sem ég er að gera. Það var stórt skref að fara í sjónvarp og enginn vissi hvernig móttökur þættirnir myndu fá, því það að setja útlending í sjónvarp sem talar bjagaða íslensku var áhætta fyrir RÚV. Núna er hins vegar þriðja serían í sýningu og þættirnir fá mjög gott áhorf. Ég er mjög stolt og þakklát fyrir það að Helgi Jóhannesson, pródúsentinn minn og Sigrún Stefánsdóttir, fyrrverandi dagskrárstjóri RÚV, höfðu trú á mér. Mér líður einnig vel með að það er kominn smá litur í íslenska sjónvarpið því að á Íslandi er fullt af börnum sem hafa ekki 100% íslenskan uppruna og ég held að það sé gott fyrir þau að sjá að það er fólk eins og það alls staðar í samfélaginu.

*Þú hefur ferðast mikið við gerð þáttanna ekki satt, var einhver einn staður sem hafði meiri áhrif á þig en annar?* Þetta var svolítið fyndið. Síðastliðið vor, þegar ég var nýkomin heim úr matreiðsluskóla og þjálfun í New York hjá Vikas Khanna, sem oft er kallaður Gordon Ramsey Indlands og rekur veitingastaðinn Junoon, fékk ég þá hugmynd að fara þangað aftur og jafnvel til Indlands að taka upp efni en fann svo þessa sterku tilfinningu fyrir að halda mig meira við minn bakgrunn sem er ekki bara undir indverskum áhrifum heldur einnig sænskum. Á sama tíma var mér einmitt boðin vinna á Seyðisfirði sem er einn af mínum uppáhaldsstöðum á landinu og mér fannst upplagt að nota tækifærið og taka upp þar. Ég gaf því Indland og New York upp á bátinn í bili og tók Seyðisfjörð og Svíþjóð í staðinn. Seyðisfjörður gaf mér mikinn innblástur með fegurð sinni og öllu því skemmtilega fólki sem þar býr. Í Svíþjóð eldaði ég með ættingjum mínum og vinum undir berum himni, mér fannst upplagt að sýna hvað við bökum og borðum þar sem er öðruvísi en hér.

*Eru fleiri verkefni tengd matargerðinni fram undan?* Nú eru þrjú ár síðan ég gaf síðast út bók og það er fullt af uppskriftum sem mig langar að koma frá mér. Stefnan er tekin á nýja bók fyrir haustið.

Ég er svo að vinna sem gestakokkur hjá ýmsum fyrirtækjum og held matreiðslunámskeið víða um landið. Næsta námskeið í Reykjavík verður 26. febrúar, meiri upplýsingar um það má finna á heimasíðunni minni www.yesmine.is.



MYND/VALLI

*Þú hefur unnið mikið bak við tjöldin í Eurovision sem danshöfundur, tókstu þátt þetta árið?* Síðustu tvö árin hef ég unnið fyrir RÚV og aðstoðað við sviðsetningar, sem er starf sem ég kann mjög vel við. Sérstaklega eftir að keppnin færðist í Hörpu og orðin ansi stór pródúksjón. Það er gaman að vera með og finna hvað þetta er að þróast og verða betra með hverju árinu. Danshöfundar eru sem sagt ekki bara að kenna fólki að dansa heldur að aðstoða við heildarhugmyndina að atriðinu. Í mínu tilfelli aðstoða ég danshöfunda, lagahöfunda og pródúsenta meira við að sameina það sem gerist á sviðinu gagnvart myndavélunum.

*Ef þú lítur yfir farinn veg og hugsar um allt sem þú hefur áorkað – hvað stendur upp úr?* Það er erfitt að svara því, ég hef gert svo margt skemmtilegt og verið svo heppin að kynnast og vinna með fjölda fólks víða um heim sem er á toppnum í sínu fagi. Ég er þó einna stoltust af matreiðsluþáttunum mínum og Bollywood-sýningunni sem ég setti upp í Hörpu haustið 2011 þar sem ég sameinaði mín helstu áhugamál; mat, dans og söng. Ég bjó til ævintýraheim þar sem maturinn var úr mínum bókum og fjöldi dansara var með mér á sviði að sýna skemmtileg atriði úr indverskum Bollywood-myndum.

*Hvernig gengur þér að sameina athafnalífið og fjölskyldulífið?* Það getur verið smá púsl þar sem mín vinna er oft í skorpum en svo á ég líka góð frí á milli. Ég á yndislegan eiginmann og okkur tekst að láta þetta allt ganga upp þó svo að vinnutími hans geti líka verið óreglulegur. Börnin hafa líka áhuga á því sem við hjónin erum að gera og fá oft að taka þátt í okkar verkefnum sem mér finnst mjög mikilvægt.

## Lífsstíllinn



**A EÐA B TÝPA?** A.

**TE EÐA KAFFI?** Te.

**UPPÁHALDSGOTTERÍIÐ?** Dumplings.

**HVAÐA HREYFINGU STUNDARÐU?** Eftir ár af meiðslum og að hafa greinst með ónýtan skjaldkirtil hef ég loksins hafist handa á ný og er komin í Boot Camp og Hot-jóga.

**UPPÁHALDSSNYRTIVÖRUR?** MAC-make up, Bobbi Brown, Smashbox og Ginger Lily-baðsápa frá Molton Brown.

**DEKRIÐ?** Ég er ekki nógu dugleg að fara í spa en mjög hrifin af “take away spa” frá Signatures of Nature´s í Smáralind. Annars dekra ég meira við mig með því að njóta góðs matar og víns.

**TÍMARIT?** Nýtt Líf, Clean Eating, Vogue India og Psychologies.

**HEIMASÍÐA?** www.yesmine.is og www.ruv.is/framandiogfreistandi

**SJÓNVARPSÞÁTTUR?** Framandi og freistandi á fimmtudögum eftir Kastljós, hafði einnig mjög gaman af Homeland.

AUGLÝSING: LYTESS KYNNIR




# GRENNANDI AÐHALDSFATNAÐUR

**Snyrtivörufatnaður frá Lytess hefur verið á markaði frá árinu 2003 en hann er búinn grenningarformúlu sem er ofin inn í fatnaðinn og verður formúlan virk við snertingu og núning við húð. Lytess er leiðandi á markaði og er með einkaleyfi á þessari tegund fatnaðar en 180 prósenta aukning hefur verið í sölu á vörum fyrirtækisins undanfarin fimm ár.**

Lytess-fatnaðurinn kemur í staðinn fyrir krem og aðrar grenningarlausnir sem lofa viðskiptavinum ummálsminnkun. Krem þarf að bera á kvölds og morgna og þarf oft nokkrar túbur til að árangur sjáist. Snyrtistofur sem bjóða grenningarmeðferðir þarf að heimsækja reglulega og aðrar lausnir þarf að taka inn. Lytess-fatnaðinum þarf að klæðast í minnst átta klukkutíma á dag en ekki þarf að leiða hugann að því neitt frekar. Mælt er með því að meðferð standi í sex mánuði.

„Kosturinn sem Lytess hefur umfram aðrar grenningarvörur er að meðferðin virkar allan daginn og þegar fatnaðurinn er í notkun er stöðug dreifing á formúlunni á þeim svæðum sem fatnaðurinn hylur. Snyrtimeðferð þarf að endurtaka nokkrum sinnum og stendur mun skemur yfir í einu. Kostnaðurinn er sömuleiðis mun minni enda hægt að nota flíkurnar aftur og aftur," segir Margrét Helgadóttir, markaðsstjóri hjá heildsölunni Cu2 sem flytur vörurnar inn.

Lytess-fatnaðurinn er saumlaus, án parabena og þolir þvott. Hann inniheldur meðal annars koffín, forskolín, sishuan, piparkjarna og bókhveiti en þessi efni auka brennslu og losa um fitufrumur. Þá er í honum ruscus, rauðir þörungar, japanskt pagoda og ginkgo biloba sem allt er þekkt fyrir að vera vatnslosandi. Að endingu er í þeim mangósmjör, shea butter og sætar möndlur sem eru nærandi og rakagefandi. „Framtíðarplön Lytess eru að framleiða fatnað sem tekur á ýmsum líkamskvillum, svo sem þurri húð, exemi, húðslitum, æðahnútum, bakverkjum og liðverkjum svo dæmi séu nefnd. Möguleikarnir eru óþrjótandi en fyrirtækið setur mikið fjármagn í rannsóknir og þróun," segir Margét.

Hér á landi verður til að byrja með boðið upp á Slim express sem er tíu daga meðferð og fæst hún í þremur gerðum. Í Slim express-fatnaðinum eru efni sem leiða til sýnilegs munar á útlínum líkamans á aðeins tíu dögum, þó mælt sé með að fatnaðurinn sé notaður í að minnsta kosti mánuð til að ná fram hámarksárangri. Í Slim express eru öflug efni sem brenna fitu og virka vatnslosandi og hreinsandi. Þau fyrirbyggja uppsöfnun fitufrumna, grenna og slétta húðina. Fatnaðurinn er auk þess þægilegur og sést ekki undir öðrum fötum.

Þá verður boðið upp á Sculpt & slim sem er átján daga meðferð. Hún endurmótar vöxtinn, grennir og nærir húðina og gefur gott aðhald. Árangurinn sést eftir átján daga en mælt er með því að fatnaðurinn sé notaður í að minnsta kosti mánuð. Fatnaðurinn styður við maga og bak án þess að þrengja að, en útkoman er sléttari magi. Sculpt & slim fæst í tveimur gerðum. Annars vegar er um að ræða aðhaldsbuxur þar sem áhersla er lögð á mitti, bak og maga. Hin gerðin er fyrir bak, mitti, mjaðmir, rass og læri.

Sculpt & lift er svo tuttugu daga meðferð. Um er að ræða brjóstahaldara sem lagfærir, styrkir, mótar og nærir brjóstin. Sjáanlegur árangur kemur fram eftir tuttugu daga. Haldarinn inniheldur elemi, sem herðir vefina og styrkir húðina. Vefnaðurinn endurmótar brjóstin og styrkir bakið.

„Samkvæmt markaðsrannsóknum íhuga flestar konur að minnsta kosti einu sinni á ári að fara í megrun. Nýlegar kannanir sýna að því miður eru flestar konur óánægðar með einhvern hluta líkama síns og telja að þeim myndi líða betur ef þær myndu grennast. Margar konur eru stöðugt að leita leiða til þess að grennast, vilja losna við appelsínuhúð eða fá stinnari líkama. Flestar kannast við að byrja í einhverju prógrammi eða meðferð en oft fjarar átakið út. Margar bera fyrir sig tímaskorti en það vandamál er úr sögunni með Lytess."

› Sjá nánar á visir.is/lifid

# SJÁLFSRÆKT TÖLUM VIÐ OKKUR EINS OG VIÐ TÖLUM VIÐ GÓÐAN VIN

*Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem upplifa líkamlega sátt óháð líkamsþyngd og hafa jákvæða sjálfsmynd eru almennt hamingjusamari.*

Anna Sigurðardóttir og Bryndís Einarsdóttir sálfræðingar hjálpa konum að takast á við neikvæðar hugsanir.





Örnámskeið Siggu Lund „Sjálfstraust óháð líkamsþyngd" hefur vakið nokkra athygli. Námskeiðið er skipulagt af fjölmiðlakonunni og er í samvinnu við Heilsustöðina og Curvy.is og fer fram þann 19. febrúar í Salnum í Kópavogi. Á námskeiðinu verður lögð áhersla á að konur öðlist betra sjálfstraust. Þannig verða þær betur í stakk búnar til að takast á við þær hegðunarbreytingar sem eru nauðsynlegar til að bæta heilsuna.

Námskeiðið er meðal annars byggt á námskeiði Bryndísar Einarsdóttur og Önnu Sigurðardóttur, leiðbeinenda og sálfræðinga, Betra sjálfstraust óháð líkamsþyngd, sem þær annars kenna í Heilsustöðinni.

Þær segja að sá sem er með neikvæða sjálfsmynd hafi lítið álit á sjálfum sér og sé gagnrýninn í eigin garð. „Þegar við eyðum miklum tíma í að hafa áhyggjur af útliti og þyngd er hætta á að við festumst í vítahring neikvæðra hugsana. Þetta neikvæða hugsanaferli eykur líkur á líkamlegum og andlegum heilsufarsvandamálum, m.a. kvíða og þunglyndi. Það er því nauðsynlegt að vinna með þessar neikvæðu hugsanir og sjálfsgagnrýni svo hægt sé smám saman að verða betri eigin vinur. Sá vinur sem er alltaf til staðar, hvetur okkur áfram og huggar, fyrirgefur mistök og þykir vænt um okkur eins og við erum," segja þær Bryndís og Anna.



## 5 SKREF AÐ BÆTTU SJÁLFSTRAUSTI

1 Þegar við vinnum að markmiðum okkar er mikilvægt að beina athygli að því sem við viljum uppskera og öðlast, (t.d. ég vil vera hraustari, mig langar að líða betur) í stað þess að beina athygli að því sem við viljum forðast (t.d. ekki vera svona feit, ekki borða svona óhollan mat).

2 Þegar við veljum okkur líkamsrækt sem veitir okkur ánægju, í stað þess að hafa einungis það markmið að grennast, minnka líkurnar á að við gefumst upp og við upplifum aukna vellíðan og sjálfstraust.

3 Verum minnug þess að hvert og eitt okkar er einstakt. Því er betra að forðast það að miða sig við aðra heldur gera sitt besta eftir eigin getu og aðstæðum.

4 Ef okkur finnst hlutirnir ganga illa eða eigum erfitt með að sjá leið út úr erfiðum aðstæðum, veljum þá að tala við okkur eins og við værum að tala við okkar besta vin eða vinkonu. Þá myndum við sennilega velja fallegri orð og uppbyggilegri, hvetja vin okkar áfram og segja honum að allt fari vel.

5 Til að finna meiri sátt við sjálfan sig og eigin líkama er gott að byrja á að skoða það jákvæða sem er nú þegar til staðar í lífi manns, hvort sem það er fólk, aðstæður eða gjörðir. Skrifaðu niður á blað allt sem er jákvætt og veitir þér ánægju og farðu að veita því meiri athygli dagsdaglega.






Hollur morgunmatur er góð byrjun á deginum.

## HEILSUSAMLEGIR MORGNAR Á FLJÓTLEGAN MÁTA

*Morgnarnir eru þitt tækifæri til að hefja nýtt upphaf með góðum morgunverði.*

Ekki er verra að byrja daginn á einhverju sem nærir og styrkir, tekur enga stund í undirbúningi og gefur þér næga orku til að takast á við verkefni dagsins. Þessi grautur er tilvalinn í það verkefni. Þrátt fyrir að grauturinn sé aðeins gerður úr þremur efnum er hann stútfullur af góðri næringu. Grauturinn er gerður úr tveimur litlum fræjum, kínóa og chia, en ekki láta stærðina á þessum örsmáu fræjum plata því þau eru algjörlega fullkomin fæða hvor á sinn hátt. Chia-fræin eru ríkasta plöntuuppspretta af omega-3 fitusýrum í heiminum og gefa þér langvarandi orku og úthald yfir daginn ásamt því að geta dregið úr sykurlöngun. Kínóa-fræin eru aftur á móti talin hin fullkomna prótínfæða ásamt því að vera glútenlaus sem gerir þau auðmeltanlegri fyrir marga.

### Grauturinn

**1 dl chia-fræ í bleyti (1 á móti 4 af vatni)**
**1 dl kínóa-fræ eða -flögur (1 á móti 3 af vatni)**
**Smá salt (val)**
**¼ af fræjum úr granatepli eða einn súkkulaðimoli**

**1.** Skolið kínóa-fræin og setjið í pott ásamt vatni, um 1 dl kínóa og 3 dl vatn. Látið suðu koma upp og lækkið þá undir og látið sjóða í 5-15 mín.
**2.** Sameinaðu í boxi eða skál um 1 dl af chia-fræjum á móti 4 dl vatni, hrærðu eða hristu vel og leyfðu þessu að bíða í ísskáp/stofuhita á meðan kínóað sýður eða þar til þau hafa bólgnað út í vatninu.
**3.** Hrærðu nú vel saman köldu chia-fræjunum sem hafa þanist út í vatni og heitu kínóa í skál (og bættu þá salti við hér ef þú kýst).
**4.** Grautinn getur þú skreytt með fræjum úr granatepli eða með einum lífrænum súkkulaðimola sem þú lætur bráðna í grautnum (best er að sleppa saltinu ef súkkulaðið verður fyrir valinu).

*Júlía Magnúsdóttir, heilsumarkþjálfi, næringar- og lífsstílsráðgjafi hjá Lifðu til fulls*

AUGLÝSING: ICEPHARMA KYNNIR




# GETUM VIÐ HJÁLPAÐ ÞÉR AÐ DRAGA ÚR HÁRÆÐASLITI OG RÓSROÐA?

**Íslenskar vetrarhörkur fara ómjúkum höndum um hörund karla og kvenna. Skin Doctors kynnir sérhæfðar lausnir við algengum húðvandamálum sem virka og nú nýtt krem sem vinnur á rósroða og háræðasliti.**

Skin Doctors-húðvörurnar eru þróaðar af lýtalæknum sem settu fyrirtækið á laggirnar til að svara eftirspurn eftir skilvirkari lausnum í húðumhirðu, án skurðaðgerða.

Með sanni má segja að húðvörur Skin Doctors brúi bil á milli hefðbundinna húðvara og lýtaaðgerða. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt fram á marktækan árangur enda er húðvörulína Skin Doctors sérhönnuð til að leysa ákveðin húðvandamál. Allir finna sína sérhæfðu lausn hjá Skin Doctors.

Hvert og eitt krem inniheldur virkt efni sem þjónar sérhæfðum tilgangi. Öll efni eru vísindalega prófuð og hafa sýnt fram á árangur hvert fyrir sig.

Skin Doctors býður fyrsta flokks lausnir þegar kemur að endurnýjun húðar ásamt því að veita húðinni yngra og ferskara útlit.

Skin Doctors-vörurnar fást í Lyfjum & heilsu í Kringlunni, Lyfju, snyrtivörudeildum Hagkaups og Fríhöfninni.



## FALLEG, LÝTALAUS HÚÐ

**Capillary Clear er frábær viðbót við línuna sem sérhæfð lausn fyrir andlit en þar til nú hefur aðeins gefist kostur á að nota Vein Away sem er aðallega ætlað á líkama. Capillary Clear er himnasending fyrir þá sem þjást af háræðasliti og rósroða í andliti. Kremið inniheldur virkt jurtasamband sem rannsóknir sýna að dregur stórlega úr háræðasliti og mislitum blettum á húð á fjórum vikum. Kremið inniheldur einnig virka rakagjafa sem sjá til þess að húðin helst mjúk og falleg.**





Fyrir


Eftir

## HÁRÆÐASLIT OG RÓSROÐI

Háræðaslit og rósroði í andliti er hvimleitt vandamál og engin varanleg lausn til. Háræðaslit kemur oftast fram vegna erfða og lélegrar blóðrásar og verður sýnilegra með tímanum. Einkenni geta versnað við hitabreytingar, sólarljós, kryddaðan mat, áfengi og heita drykki. Rósroði kemur oftast fram á kinnum, höku, nefi og enni og er þekkt vandamál þar sem háræðaslit er til staðar.

## STAÐREYNDIR UM SKIN DOCTORS

- Engir læknar, engar nálar, enginn sársauki
- Henta öllum húðgerðum
- Þróaðar af virtu lyfjafyrirtæki í samvinnu við lýtalækna
- Sporna gegn náttúrulegu hrörnunarferli
- Endurnýja húð og gefa fallegri áferð
- Hjálpa til við að jafna út húð á erfiðum svæðum

› Sjá nánar á visir.is/lifid

# HELGARMATURINN

*Íris Dögg Einarsdóttir ljósmyndari irisdoggeinars.com*



*Þessi súpa er í miklu uppáhaldi hjá mér. Rauðrófur innihalda mikið af vítamínum. Uppskriftina er að finna í matreiðslubók Þorbjargar Hafsteinsdóttur með smá vægilegum breytingum og er fyrir fjóra.*

**2 miðlungs kjúklingabringur, skornar í bita eða strimla**
**2 skalottlaukar**
**Virgin ólífuolía**
**1 miðlungsstór rauðrófa, burstuð og skorin í stafi**
**1 stór gulrót, skorin í sneiðar**
**1 miðlungs rauðlaukur, skorinn í tvennt og svo skorinn í sneiðar**
**1 lítil fennika, fínt skorin**
**1 stórt hvítlauksrif**
**4 ferskir timjankvistir eða 2 stórar tsk. timjan**
**½ tsk. kanill**
**1 msk. kúmen**
**2 lárviðarlauf**
**1 msk. Herbamare-jurtakraftur eða bara kjúklingakraftur. Það gæti þurft meiri kraft í súpuna þar sem ég bæti iðulega við tvöföldum skammti af vatni**
**1 msk. sjávarsalt**
**1 l vatn**
**100 g lífrænt tómatþykkni**

Ég byrja á því að steikja kjúklinginn og skalottlaukinn upp úr ólífuolíunni þangað til hann er orðinn gullinbrúnn. Svo set ég kjúklinginn til hliðar og set allt grænmetið, nema fennikuna, í pottinn með meiri olíu og steiki á miðlungshita þangað til laukurinn verður glær. Set svo kryddið út í, þar næst vatnið og svo kraftinn og tómatþykknið. Ferska fenniku set ég út í seinast.
Mér finnst gott að setja matskeið af rjómaosti ofan í súpuskálina er ég ber matinn fram – mæli eindregið með því. Súpuna ber ég iðulega fram með nýbökuðu brauði.



## ...spjörunum úr

**Bryndís Gyða Michelsen**

**ALDUR?** 21 ÁRS

**Starf?** Athafnakona, meðeigandi Hun.is, nemi og fyrirsæta.

**Hvern faðmaðir þú síðast?** Ætli það hafi ekki bara verið Ingrid Karis ljósmyndara eða stúlkurnar sem ég var að farða fyrir tískusýningu fyrr í dag.

**En kysstir?** Gísla, manninn minn.

**Hver kom þér síðast á óvart og hvernig?** Gísli kom mér síðast á óvart þegar hann sagði mér að við værum að fara til Vegas eftir þrjá daga.

**Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi?** Ég er mjög sérvitur á ýmsa hluti og sumir myndu líklega segja að ég væri hjátrúarfyllri en góðu hófi gegnir.

**Ertu hörundsár?** Ég er komin með nokkuð breitt bak hvað það varðar, enda ekki gott í mínu starfi að vera mjög hörundssár.

**Dansarðu þegar enginn sér til?** Það kemur fyrir.

**Hringirðu stundum í vælubílinn?** Já, svona í neyðartilfellum.

**Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig?** Þeir vinir mínir sem ég hef eignast eftir að ég varð unglingur vita held ég flestir ekki að ég var algjör strákastelpa í æsku og það var alls ekki hægt að koma mér í kjóla nema með miklum samningaviðræðum og helst vildi ég alltaf vera í stjörnugallanum mínum. Það mátti heldur ekki snerta hárið á mér og ég lét klippa á mig drengjakoll. Á öskudaginn var ég svo karl.

**Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina?** Vakna eldsnemma.


# NUTRILENK ACTIVE

NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA


Eva Dögg




# NutriLenk Active er undraefni fyrir liðina

Eva Dögg sem er 33 ára kona frá Dalvík greindist með vefjagigt fyrir rúmum 3 árum sem hefur m.a. valdið stirðleika í liðum. Fyrst eftir að hún greindist fékk hún margskonar lyf sem hjálpuðu lítið og handavinna og fleiri létt verk urðu henni ofviða sökum verkja.

**Svaf illa,var þung á morgnana, stirð og átti erfitt með einföldustu verk.**

„Ástandið var ömurlegt! Ég svaf illa vegna verkja og það hafði áhrif á orkuna, ég var leið, þung og stirðleiki hrjáði mig. Mér finnst gaman að handavinnu og gat orðið ekkert gert"

**Hélt að NutriLenk væri bara fyrir eldri konur**

„Unnusti minn sem vinnur með eldra fólki, sagði mér frá skemmtilegum eldri konum sem höfðu fengið betri liðheilsu með NutriLenk Gold. Í október 2011 ákvað ég að prófa en mér var sagt þar sem ég væri í yngri kantinum að ef til vill væri NutriLenk Active betra fyrir mig í stað Gold sem eldri konurnar voru að taka.

**1 hylki á dag heldur mér góðri**

Ég tók 2 hylki á dag í 15 daga og fann strax gríðarlegan mun og tek nú 1 hylki á dag og gleymi aldrei að taka það inn. Ég tók smá hlé einu sinni og geri það ekki aftur!

Í dag líður mér mun betur, laus við stirðleika og dásamlegast er að ég get prjónað og heklað eins og ég vil. Ég þreytist ekki á að segja vinum mínum frá NutriLenk Active sem er náttúrlegt efni og hefur gefið mér lífið aftur"

*- Eva Dögg*



PRENTUN.IS

## Hvað getur NUTRILENK Active gert fyrir þig?

- NUTRILENK Active inniheldur vatnsmeðhöndlaðan hanakamb sem inniheldur hátt hlutfall af náttúrulegum efnum svokallaðri Hýalúrónsýru sem getur hjálpað við að endurbyggja og viðhalda jafnvægi í liðum.
- NUTRILENK Active getur aukið liðleika og liðheilbrigði og séð til þess að liðirnir þínir séu heilbrigðari og vel smurðir, svo þú getir æft að fullum krafti án hindrana.
- NUTRILENK Active getur auðveldað liðunum að jafna sig eftir æfingar.
- NUTRILENK Active getur hentað ungu fólki á hröðu vaxtarskeiði að lina vaxtaverki.

NUTRILENK Active er unnið úr sérvöldum hanakömbum og inniheldur því engin fiskiprótein eða skelfisk, hvert hylki inniheldur 28 gr. Hýalúrónsýru.

**Þægilegt - aðeins eitt hylki á dag.**

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

Skráðu þig á facebook síðuna
Nutrilenk fyrir liðina
*- því getur fylgt heppni!*

**NutriLenk Active er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**

## ALDARGAMALT GÆÐAMERKI

**Michelin-leiðsögubækurnar eru** gefnar út árlega í yfir tólf löndum. Frægust og elst er rauða bókin þar sem eru upplýsingar um evrópsk hótel og veitingahús. Þar eru einnig gefnar hinar víðfrægu Michelin-stjörnur.




Michelin-leiðarvísirinn var fyrst gefinn út árið 1900. Árið 1933 kynntu bræðurnir André og Édouard Michelin fyrsta heildstæða leiðarvísinn um veitingahús í Frakklandi og stjörnukerfið yfir gæði matar. Ein stjarna hlýtur veitingahús fyrir mjög góða matargerðarlist í sínum flokki, tvær stjörnur endurspegla frábæra matargerðarlist. Þrjár stjörnur fá veitingahús fyrir framúrskarandi matargerðarlist sem er þess virði að fólk geri sér sérstaka ferð á staðinn. Árið 2009 voru 26 þriggja stjörnu veitingahús í Frakklandi og 81 þriggja stjörnu veitingahús í heiminum.

## PRESSUGERSKAKA MEÐ ÁLEGGI

**Pitsur fengust** sennilega fyrst á Íslandi árið 1960 þegar veitingahúsið Naustið í Reykjavík auglýsti ítalskan matseðil. Fyrsti eiginlegi pitsuveitingastaðurinn, Hornið, var opnaður árið 1979. Pitsur voru ýmist kallaðar pizzur eða „pressugerskökur með áleggi", fyrst þegar farið var að baka þær hér á landi. Þegar Z var felld úr íslenskri stafsetningu lagði íslensk málnefnd til heitið flatbaka. Pitsa eða pítsa var þó oftar notað en íslensk orðabók gefur þó upp ritháttinn pizza innan sviga.

*heimild: www.wikipedia.org*



# Huggulegt hanastél

**Loftið Lounge er hvalreki fyrir þá sem vilja dreypa á freistandi kokkteilum í góðum félagsskap, kærkomnu næði og fagurri umgjörð. Þar er Happy Hour síðdegis hvern dag.**

Sjón er sögu ríkari þegar verðlaunaþjónar lýðveldisins flambera epli fyrir framan gesti og hella logandi soðinu ofan í kokkteilglas," segir Andri Davíð Pétursson, veitingastjóri Loftsins Lounge sem er einmitt á loftinu í hinu gullfallega Egils Jacobsen-húsi í Austurstræti.

„Við sóttum í skraddaraandann úr saumastofu Egils og því er stemningin ofin gamaldags sjarma og að stíga hér inn er eins og að hverfa aftur til ársins 1930," útskýrir Andri um heillandi innviði og andrúmsloft Loftsins sem innanhússhönnuðurinn Hálfdán Pedersen skapaði.

„Hér fer vel um gesti í hlýlegum huggulegheitum. Loftið fellur gestum eldri en 27 ára vel í geð og svona stað hefur vantað í næturlífssenu Reykjavíkur. Það er svo oft sem fólk langar að tylla sér inn yfir drykk og spjalli en hrökklast út vegna hávaða og skarkala."

Dyrnar á Loftinu eru opnaðar klukkan 16 alla daga og þá hefst Happy Hour sem stendur fram til 19. Um helgar er Loftið opið til fjögur að morgni en vertinn lokar dyrunum klukkan tvö til að skapa heimilislega partístemningu. Gestir geta þá dillað sér við tónlist plötusnúðar hússins sem er enginn annar en KGB.



Andri á glæsilegu Loftinu þar sem kokkteilar eru hristir sem aldrei fyrr. Í vikunni vann Hilmar Alexander, einn af barþjónum Loftsins, til fyrstu verðlauna í Absolut Invite-keppninni. Fyrstu helgina í mars verður hann einn af tveimur fulltrúum Íslands í Absolut Invite-keppninni í Stokkhólmi. MYND/ANTON

„Aðalsmerki Loftsins eru svalandi kokkteilar og vín á framúrskarandi verði. Á Happy Hour kostar lítill bjór 400 krónur, léttvínsglas 500 og sérvaldir kokkteilar þúsund krónur. Barþjónar okkar búa að tilraunastofu á bak við þar sem þeir prófa sig áfram með nýjar útfærslur á heimsþekktum kokkteilum; bæta nýju við eða gera þá enn betri."

Þess má geta að fyrstu helgina í mars mun franski gestabarþjónninn Alexandre Lambert hrista drykki á Loftinu í tilefni hátíðarinnar Food & Fun.

Loftið Lounge er í Austurstræti 9.

# Steikur í vinalegu umhverfi

**Gestir Gamla vínhússins geta gengið að því vísu að fá ljúffengar steikur á góðu verði. Vel er tekið á móti gestum í vinalegu og heimilislegu andrúmslofti. Veitingastaðurinn er til húsa í Hafnarfirði og í Reykjavík.**

Gamla vínhúsið rekur tvo veitingastaði á höfuðborgarsvæðinu, í Hafnarfirði og í Reykjavík. Veitingastaðurinn hefur alla tíð lagt áherslu á gómsætar steikur en býður auk þess upp á úrval fleiri rétta. Það eru hjónin Unnur Arna Sigurðardóttir og Karl Víkingur Stefánsson sem stofnuðu staðinn og hafa rekið alla tíð.

Unnur Arna segir sérrétti hússins vera ljúffengar steikur og nefnir sérstaklega vinsælasta rétt staðarins sem er nautasteik með léttsteiktu grænmeti, frönskum kartöflum og béarnaise-sósu. „Þetta er langvinsælasti rétturinn okkar og í raun hefur verið brjálað að gera síðan við hófum að bjóða upp á hann. Ekki skemmir verðið fyrir en hann kostar aðeins 2.600 kr. Við höfum einnig verið að þreifa okkur áfram með piparsteik úr hrossafilet sem gestir okkar eru rosalega hrifnir af. Þessi réttur er næstvinsælasti réttur okkar og sá þriðji í röðinni er hrefnusteik. Okkur finnst virkilega gaman að sjá hvað gestir okkar hafa verið duglegir að prófa þessa tvo síðarnefndu rétti. Þeir eru mjög ánægðir með þá og koma aftur og aftur. Erlendir ferðamenn sem sækja staðinn hafa líka verið duglegir við að prófa þessa tvo rétti sem eru framandi fyrir marga þeirra. Þeir eru til dæmis margir vitlausir í hrefnusteikina."

Eldri staðurinn var opnaður í Hafnarfirði í nóvember árið 2006 í sögufrægu húsi þar sem veitingarstaðurinn A. Hansen var um margra ára skeið. Staðurinn í Reykjavík stendur við Klapparstíg í miðbænum þar sem veitingastaðurinn Pasta Basta var lengi til húsa. „Báðir staðirnir bjóða upp á sambærilegan matseðil þar sem áhersla er lögð á steikur. Úrval forrétta er þó ólíkt milli staðanna.



Vinsælasti réttur hússins, nautasteik með léttsteiktu grænmeti, frönskum kartöflum og béarnaise-sósu.



Unnur Arna Sigurðardóttir, annar eigenda Gamla vínhússins, segir staðinn bjóða upp á vinalega og notalega stemningu. MYND/GVA

Í Hafnarfirði bjóðum við meðal annars upp á villisveppasúpu og snigla í forrétt en staðurinn í Reykjavík býður líka upp á íslenska kjötsúpu og fiskibollur."

Unnur Arna segir þau stöðugt vera að prófa sig áfram með nýjan rétt. Nú séu þau til dæmis að bjóða upp á bláskel sem bragðist einstaklega vel. „Síðan má ekki gleyma að við bjóðum upp á ljúffenga fiskrétti, kjúklingasalat, úrval af pitsum og frábæra hamborgara. Þannig að hér fá allir eitthvað við sitt hæfi." Gamla vínhúsið býður upp á gott húsvín á góðu verði á báðum stöðum. Staðurinn í Reykjavík býður auk þess upp á sérlistavín þar sem hægt er að nálgast dýrari og betri vín.

Í hádeginu bjóða báðir staðirnir upp á girnilegt hádegistilboð þar sem mínútusteik og piri piri kjúklingur er í boði á 1.190 kr.

Gamla vínhúsið er vinalegur staður að sögn Unnar Örnu. „Hér reynum við að vera vinaleg og heimilisleg. Okkur finnst gaman að þjóna fólki og vera með góðar steikur á góðu verði. Þannig vonumst við til þess að sjá sem flesta."



## ELSTI STARFANDI VEITINGASTAÐUR HEIMS

**Samkvæmt Heimsmetabók** Guinness er spænski veitingastaðurinn Sobrino de Botín elsta starfandi veitingastaður heims. Staðurinn er staðsettur í Madrid og var opnaður árið 1725 af Spánverjanum James Botin og eiginkonu hans en hét upphaflega Casa Botín. Eftir að hjónin féllu frá eignaðist frændi James veitingastaðinn og breytti nafni hans í Sobrino de Botín og hefur nafnið haldist óbreytt allar götur síðan.

Matseðill Sobrino de Botín byggir að mestu leyti á hráefni og matarhefðum frá svæðinu kringum höfuðborgina. Sérréttir hússins eru meðal annars ofnsteikt lamb og svín en réttirnir eru eldaðir í viðarkyntum ofni sem fylgt hefur veitingastaðnum frá upphafi.

Fleiri veitingastaðir í Evrópu gera tilkall til titilsins elsti starfandi veitingastaður heims. Þar má meðal annars nefna Stiftskeller St. Peter sem staðsettur er í klaustri í austurrísku borginni Salzburg. Eigendur hans fullyrða að þar hafi veitingar verið seldar síðan árið 803. Veitingastaðurinn Zum Franziskaner, sem staðsettur er í höfuðborg Svíþjóðar, er sagður stofnaður árið 1421 og fullyrt er að La Tour d'Argent í París er hafi verið starfandi síðan á sextándu öld.

Meðan sagnfræðingar og veitingamenn deila geta þeir sem eiga leið um stræti Madridborgar litið inn á Sobrino de Botín en panta þarf borð með að minnsta kosti viku fyrirvara. Nánari upplýsingar má finna á vef veitingastaðarins, www.botin.es.

# Allir velkomnir á 1919

Veitingastaðurinn 1919 á Hótel Radison Blu í Pósthússtræti er með glæsilegan alþjóðlegan matseðil með brasilísku ívafi. Frode Jansson segir Íslendinga oft halda staðinn eingöngu ætlaðan hótelgestum. Hann er hins vegar öllum opinn og maturinn einstaklega ljúffengur.

Á neðstu hæð Pósthússtrætis 2 er veitingastaðurinn 1919 staðsettur. Húsið var reist árið 1919 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar arkitekts af Eimskipafélagi Íslands.

Hótelveitingastaðir eru oft sniðgengnir af fólki sem ekki gistir á hótelinu. Frode Jansson, hótelstjóri Radisson Blu í Pósthússtræti, segir tvær ástæður aðallega liggja þar að baki. „Í fyrsta lagi tel ég að fólk haldi að veitingastaðurinn sé eingöngu ætlaður hótelgestum. Þetta viðhorf á ekki bara við hér í Reykjavík heldur um allan heim.“ Hin ástæðan sem Frode nefnir er að fólk telji hótelveitingastaði dýrari en aðra staði. „Hér á 1919 erum við meðvituð um að við þurfum að vera samkeppnishæf við aðra sambærilega staði í verði. Annars fengjum við enga gesti sem þar með myndu missa af öllum dásamlega matnum sem brasilíski kokkurinn okkar útbýr.“

Matseðilinn á 1919 er einkar glæsilega samsettur en þar er að finna fjölbreytta alþjóðlega rétti með brasilísku ívafi. „Kokkurinn okkar, Silbene Dias, er frá Brasilíu en hráefnið er íslenskt og fær maturinn að njóta hvors tveggja. Þá ætti úrvalið að henta smekk flestra. Sama hvort ætlunin er að fá sér fína steik, pasta eða fisk, bragðgóða súpu, smárétti eða þriggja hæða klúbbsamloku þá er það að finna á matseðlinum okkar.“ Einnig er boðið upp á girnilega grænmetis- og hollusturétti. Hvort sem fólk vill setjast niður og njóta matar á matsölustaðnum eða láta líða úr sér eftir miðbæjarrölt og fá sér drykk í glæsilegri setustofu þá er 1919 málið.



Alþjóðlegt yfirbragð er á veitingastaðnum 1919 á Hótel Radisson Blu. Þau Frode Jansson hótelstjóri, Carla Matias, framkvæmdastjóri til vinstri, og Silbene Dias yfirkokkur til hægri. Þau sjá um að taka vel á móti gestum og gangandi. Mynd/gva

Verðið er ekkert sem þarf að hræðast, vel er tekið á móti gestum og dyrnar opnar öllum. „Það er sérinngangur á veitingastaðinn 1919 svo ekki þarf að ganga í gegnum móttöku hótelsins, en mörgum þykir það óþægilegt. Húsið og umhverfið er einkar glæsilegt og lögð er mikil áhersla á að viðhalda þeim áhrifum sem fylgja byggingarstílnum og menningarsögu hússins.“



Matseðill 1919 er alþjóðlegur með brasilískum áherslum Silbene Dias yfirkokks.

# Nýtt Barbie-veitingahús í Taívan

Veitingahús sem opnað var nýlega í Taívan hefur vakið heimsathygli þar sem það er innréttað hátt og lágt í Barbie-stíl.

Staðurinn mun að öllum líkindum helst höfða til aðdáenda Barbie-dúkkunnar því allt á staðnum minnir á hana. Sófar og borð eru bleik og starfsfólk er í sérstökum Barbie-búningum. Þá eru stórar myndir á veggjunum af Barbie-dúkkum. Mattel-fyrirtækið, sem framleiðir Barbie, gaf leyfi til að nota vörumerkið. Með þeirri ákvörðun vonast fyrirtækið eftir að Barbie verði tískumerki í landinu.

Þetta er fyrsta Barbie-veitingahúsið í veröldinni og búast má við að ungar stúlkur eigi eftir að flykkjast á staðinn en óneitanlega höfðar merkið frekar til stelpna en stráka. Eigendur vonast til að aðdáendur Barbie-dúkkunnar í Kína, Hong Kong og Japan eigi eftir að koma til Taívan. Búast má við að margar stelpur vilji halda upp á afmæli sitt á þessum bleika stað.

Barbie hefur í 54 ár haft áhrif á ungar stúlkur en hefur sömuleiðis oft verið umdeild. Líklegt má þó telja að nýja, bleika veitingahúsið laði jafnt að litlar stúlkur sem mömmur.



Eftirréttirnir eru óvenjulegir á Barbie-veitingahúsinu.



Þjónustustúlka á nýja Barbie-staðnum sýnir hvað er í boði. MYNDIR/AFP



Litlar stúlkur eru margar hrifnar af bleikum lit og þær eiga örugglega eftir að njóta sín á þessum stað. Vonandi finna strákarnir sig líka á staðnum.

## BÍLAR & FARARTÆKI

iBill.is Netbílasala



Subaru Impreza Wagon LX 4wd. Nýskr. 1/1999, ekinn 225 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 360.000. Rnr.112079.



Toyota Avensis Wagon Sol. Nýskr. 10/2005, ekinn 104 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.000.Einn eigandi frá upphafi. Rnr.112081.

**iBill.is, Netbílasala**
**Smiðjuvegur 4a grænagata, 200 Kópavogur**
**Sími: 578 8181**
**www.ibill.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



OPEL Astra enjoy sjálfsk.. Árgerð 2005, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.160529.



MERCEDES BENZ B 180 ngt (w233). Árgerð 2010, ekinn 103 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.990070.



FORD Escape xls 4wd. Árgerð 2007, ekinn 46 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.140392. VERÐ NÚ kr: 1.890.000,-



NISSAN Navara 4wd double cab at se. Árgerð 2006, ekinn 156 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.190.000. Rnr.110803.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



Renault Trafic 9 manna Árgerð 11/2007, ekinn 103þ.km, bsk, dísel. Flottur 9 manna bíll á staðnum! Verð 2.790.000kr. Raðnúmer 153419. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

100bilar.is bílasala



NÝ COLEMAN SEDONA 8 FET, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 1.699.800kr, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



**TILBOÐ 370ÞÚS.**

Toyota Yaris Sol 1.0 Árg. ,99 ek. 231. þús. Febrúartilboð 370. þús. stgr. Uppl. s: 697 4540 Bjarki.



RANGE ROVER Td6. árg. 2006, ek. 125Þ.KM. Sparneytin 6 strokka turbo disel vél Litur: svartur - dökk grátt leður á sætum. Verð. 5.600.000 Uppl. Í s. 892 0018.



CHEVROLET SUBURBAN 1500 LT. Árg. 2/2008, ek. 73Þ.KM, bensín/ METAN, sjö manna 4 stólar, dökk grátt leðuráklæði. DVD o.fl. Verð 6.990.000.- Uppl. í s. 892 0018.



Nissan Altima 2.5 Sedan Árg. ,05, ek. 148þús, bensín, sjálfsk. Verð 990 þús. S. 777 6919.



Honda CRV eligance, árg.'08, nýkominn úr 90þús.km skoðun. Nýleg nagla og heilsársdekk. Einn eigandi. Verð 2,8 mil. Sími: 868 9484.



Til sölu Runault Master sendibíll stuttur árg. ,05 ek. 160 þ. mikið endurnýjaður, ný tímareim. Verð 1.100 þ. Uppl. í s. 659 4403.




Gríptu tækifærið núna! Nissan Leaf, Ford Focus rafbílar fá frábæra dóma. Útvegum bíla með niðurgreiðslum frá USA. 90% lægri reksturskosnaður. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín, Díselbílar. Betra verð á nýjum og notuðum bílum frá öllum helstu framleiðendum.www.islandus.is S. 5522000

Polo til sölu, ,97. Nýleg kúpling og tímareim. Verð 230 þús. Sími 848 3911.

### 0-250 þús.



Nissan Primera ,96 Ek. 250 þús km. Góð vetradekk einnig sumardekk. Skoðaður. Verð 130 þús. Uppl. í s. 893 5106.

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar, sendibílar, flutningar og flutningaþjónusta. S. 772 1450

### Mótorhjól

Honda CRF 2005 árg. til sölu. Í mjög góðu ástandi. Verðhugmynd 240 þús. Uppl. í S 695 6100.

### Bílaþjónusta

**NÚ ÞÚ SJÁLFSPJÓNUSTA**

Hvaleyrarbraut 2 hfj. Gerðu við bílinn sjálfur lyftur, verkfæri og nóg pláss á staðnum. Opið alla daga S. 663 2042

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.



PARTASaLaR . IS

Sendu eina fyrirspurn á 39 PARTASaLa og þeir svara þér ef hluturinn er til. www.partasalar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Ford fiesta ,98, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## PJÓNUSTA

### Pípulagnir

**HELGI PÍPARI**

Hitamál, viðgerðir, endurlagnir, nýlagnir og allar pípulagnir. S. 820-8604.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI**
**S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

### Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989

**ER ÖSPIN TIL AMA ?**

Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Öll bókhaldsþjónusta, VSK, uppgjör, framtöl, launavinnsla, ráðgjöf, eignaumsýsla og stofnun fyrirtækja. Ábyrg þjónusta - Vönduð vinnubrögð Korrekt viðskiptaþjónusta Borgartúni 24, sími 445 5500

### Málarar

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.



Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.900 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**SMÍÐAR**

Tökum að okkur verkefni fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Hagstætt verð og gott orðspor. GS verktakar S: 864 4789.

### Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**

Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

### Spádómar

**SPÁKONAN SIRRÝ**

Ástir, fjármál, heilsa. Uppl. í s. 552 4244 & 823 6393.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@ gmail.com

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Til sölu

**RAFMAGNSRÚM 90X200**

Til sölu vel með farið 3ja ára rafmagnsrúm 90x200, frá Svefn og Heilsu, nafn á dýnu Iq care. Kostar nýtt 195 þús, selst á 95 þús.

**Upplýsingar í síma 663 4552**

**PIZZAOFN TIL SÖLU-PIZZAOFN ÓSKAST !**

Viljum selja stóran færibandaofn fyrir 16" sem tekur 4 stk í einu, gjarnan í skiptum fyrir minni ofn.

**Upplýsingar í síma: 892-0807**

**Eldvarnarhurðir**

Til sölu hvítmálaðar eldvarnarhurðir sem nýjar með öllu þar með talið sjálflokandi lömum.

Verð aðeins kr.65.000,- án/vsk.

Upplýsingar í síma 822-7303 eirikur@stracta.is

www.stolpiehf.is
**Geymslugámar** til sölu og leigu
Hafðu samband!
**Stólpi Gámar ehf**
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**

Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, örbylgjuofnar á 5Þ, hjólastóll, borðtölva. S. 896 8568.

## skemmtanir

Boltinn í beinni

**Cafe Catalina**

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardagur 16. feb:**
**14:45 Arsenal - Blackburn**
**20:00 *UFC London 2013***
***Gunnar Nelson!***

**Sunnudagur 17. feb:**
**13:50 Man. City - Leeds**
**14:50 Liverpool – Swansea**



Í kvöld spila **Rúnar Þór, Gylfi Ægis** og **Siggi Árna** fyrir dansi!

***Allir velkomnir.***

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

## uppboð

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

Einnig birt á www.naudungarsolur.is

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eignum verður háð á þeim sjálfum, sem hér segir:**

Túngata 17, fnr. 215-3414, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Ingibjörg G Hjálmarsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki hf., þriðjudaginn 19. febrúar 2013 kl. 10:00.

Túngata 17, fnr. 215-3413, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Ingibjörg G Hjálmarsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki hf., þriðjudaginn 19. febrúar 2013 kl. 10:30.

Mararbraut 13, fnr. 215-3190, 640 Húsavík, Norðurþingi, þingl. eig. Hlynur Þór Birgisson, gerðarbeiðandi Íbúðalánasjóður, þriðjudaginn 19. febrúar 2013 kl. 11:00.

Bakkagata 3, fnr. 216-6843, 670 Kópaskeri, Norðurþingi, þingl. eig. Óskar Geir Pétursson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Norðurþing og Tryggingamiðstöðin hf, miðvikudaginn 20. febrúar 2013 kl. 11:30.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
14. febrúar 2013

## tilkynningar

SELTJARNARNESBÆR

### Auglýsing um deiliskipulag á Seltjarnarnesi

Í samræmi við 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1. Breyting á deiliskipulagi Vesturhverfis vegna Melabrautar 33. Breytingin er stækkun byggingarreits til norðurs.
2. Breyting á deiliskipulagi Bakkahverfis vegna Miðbrautar 22. Breytingin er stækkun á byggingarreits til austurs.
3. Breyting á deiliskipulagi Vesturhverfis vegna Miðbrautar 34. Breytingin er hækkun um 1/2 hæð þ.e.a.s valmaþak með mæni 2,7 m yfir núverandi þaki.
4. Sameining og breyting á deiliskipulagi Suðurstrandar og Hrólfsskálamels. Helsta breyting er stækkun byggingarreits fyrir fimleikahús og tilfærsla göngustíga.
5. Deiliskipulagi að Bygggarðasvæði. Þar er gert ráð fyrir átta einbýlishúsum, fjórum raðhúsum með 4-6 íbúðum, með samtals allt að 24 íbúðum, þremur fjölbýlishúsum með u.þ.b. 114 íbúðum og opnu svæði, sem liggur utan lóða, m.a. göturými, göngustíga og opið svæði sem þjónar útivis tar- og leikvallarþörf hverfisins. Tvær heitavatns borholur eru innan deiliskipulagssvæðisins, þær eru í fullri notkun. Þeim er ætluð lóð og helgunarsvæði.

Deiliskipulagið verður til sýnis á bæjarskrifstofum Seltjarnarness að Austurströnd 2, virka daga frá kl. 8:00 til 14:00, frá 14. febrúar til og með 3. apríl 2013.
Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.seltjarnarnes.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til þjónustuvers í bæjarskrifstofunum á Seltjarnarnesi eigi síðar en 2. apríl, 2013. Þeir sem gera ekki athugasemdir við skipulagstillögu fyrir þann tíma teljast samþykkir henni.

*Seltjarnarnesi, 14. febrúar 2013.*

*Skipulags- og byggingarfulltrúi á Seltjarnarnesi*

*Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes.*

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## fasteignir

# Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

### Kjalarvogur 10, 104 Reykjavík



Til leigu um 1.300 fm. lagerhúsnæði. Tvær 4,5 m háar innkeyrsludyr. Góð aðkoma. Vörurekkar geta mögulega fylgt.
**HAGSTÆTT LEIGUVERÐ.** VSK-húsnæði. Lofthæð 4,5 - 5 m.

**Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson, lögg. fasteignasali í s. 534 1024 / 897 7086 eða hmk@atvinnueignir.is**

534 1020
www.atvinnueignir.is

## tilkynningar

MOSFELLSBÆR

### Tillaga að Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 ásamt umhverfisskýrslu

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar auglýsir hér með samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 7. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana tillögu að aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og tilheyrandi umhverfisskýrslu. Tillagan er sett fram í greinargerð, sem inniheldur einnig umhverfisskýrsluna, og á tveimur uppdráttum; þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti, og eru þessi gögn dagsett 15. janúar 2013. Um er að ræða heildarendurskoðun á gildandi aðalskipulagi 2002-2024.

Í tillögunni hefur verið komið til móts við athugasemdir og ábendingar sem Skipulagsstofnun setti fram eftir athugun skv. 30. gr. skipulagslaga.

Tillagan verður til sýnis hjá Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, – í útstillingarkassa á 1. hæð og í afgreiðslu á 2. hæð, – frá og með 15. febrúar 2013 til og með 2. apríl 2013. Hún verður einnig birt á heimasíðu bæjarins; www.mos.is, og loks mun hún liggja frammi á sama tíma hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík, og á Bókasafni Mosfellsbæjar.

Á kynningartímanum verður ennfremur haldinn almennur borgarafundur um tillöguna og verður hann auglýstur síðar.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna og/eða umhverfisskýrsluna er til og með 2. apríl 2013. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað til skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ.

11. febrúar 2013,
Finnur Birgisson
skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun


Kynlíf er GOTT!
PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS
849-0698
ALLA DAGA 10-22


## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

GREEN PEOPLE
Organic Lifestyle

**20% KYNNINGARAFSLÁTTUR**
af lífrænu húð-, hár - og snyrtivörum frá Green People. Fyrir alla fjölskylduna: Dömu-, herra-, unglinga- og barnalína. 100% náttúrulegt. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Slökunarnudd, heilsunudd, íþróttanudd, sogæðanudd. Sulanudd. Svæði 200. Tímapantanir í S. 771 2117.

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Dýrahald

Gullfallegir hvolpar til sölu. Blendingar af Shar-pei og Labrador. Tilbúnir til afhendingar strax. S 692 5671

## Barnavörur



**BARNAVAGN TIL SÖLU**
SIMO kerruvagn (norskur) keyptur ,98 í Fífu, notaður undir 2 börn. Kerrupoki, skiptitaska, sem ekki sér á og lök í burðarúmið fylgir með. Litur allt saman mjög vel út. Selst á 35 þús. Uppl. í s. 840 4061

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Til leigu nálægt kringlu svæðinu 11fm stórt og fallegt herbergi með öllu eftirtöldu einnig því til einkaafnota : húsgögnum, einkatölvu, einkasjónvarpi og dvd. Aðgengi að eldhúsi, baði og þvottavél. Leigist aðeins reglusömum einhleypingi. Allt innifalið á mjög lágu verði eða 40. þús kr á mánuði. Svör með nauðsynlegustum uppl. kaffikanna11@hotmail.com

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Heildsala óskar eftir starfskrafti 3 daga í viku. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt „heildsala"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**SPJALLDÖMUR 908 5500**
Ertu einmanna?
Langar þig til þess að tala við símadömu.
Opið þegar þér hentar, hlökkum til að heyra í þér.




NAOMI WATTS EWAN McGREGOR

# THE IMPOSSIBLE

A FILM BY J. A. BAYONA






NAOMI WATTS
TILNEFND TIL
GOLDEN GLOBE
VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA
Í AÐALHLUTVERKI

## NAOMI WATTS
## TILNEFND TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
## SEM BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

100/100
„Ógnvænlega vel gerð.“
VARIETY

100/100
„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu.“
NEW YORK OBSERVER

100/100
„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd, sem lætur engan ósnortinn“
The Hollywood Reporter

★★★★
„Ein af betri myndum ársins 2012.“
Mbl.

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

# Komin í bíó

SAMBÍÓIN

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** vera til, **6.** spil, **8.** meðal, **9.** framkoma, **11.** tveir eins, **12.** afspurn, **14.** gistihús, **16.** í röð, **17.** viður, **18.** hætta, **20.** klaki, **21.** brak.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útdeildu, **3.** gangflötur, **4.** ölvun, **5.** máttur, **7.** sammála, **10.** hlóðir, **13.** sigað, **15.** andaðist, **16.** næði, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lifa, **6.** ás, **8.** lyf, **9.** fas, **11.** ll, **12.** umtal, **14.** hótel, **16.** tu, **17.** tré, **18.** ógn, **20.** ís, **21.** marr.

**LÓÐRÉTT: 1.** gáfu, **3.** il, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** samhuga, **10.** stó, **13.** att, **15.** lést, **16.** tóm, **19.** nr.


# Helgarblað Fréttablaðsins




FITON / SÍA



## Eignarhald útlendinga tilfinningamál

Landið verður ekki svart þó útlendingar eigi það. Rætt við Svisslendinginn Rudolph Lamprecht Walter sem á sjö jarðir á Íslandi. Hann segir spurninguna um eignarhald útlendinga á jörðum snúast um tilfinningar.

### Meðal efnis um helgina



## Á bak eftir langt hlé

Anna Rebecka Einarsdóttir sem lamaðist eftir hestaslys fór á fyrsta sinn á bak nú í vikunni. Hún lýsir ótrúlegri lífsreynslu sinni.



## Borað á fjarlægri plánetu

Ævintýri könnunarjeppans Curiosity á Mars halda áfram.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ


# Fúlsað við töframönnum

**BAKPANKAR**
Stígs Helgasonar

Við leit mína að morðingja Láru hef ég notast við reglur stofnunarinnar, ályktunarhæfni, tíbeska aðferðafræði, eðlisávísun mína, og heppni. En núna þarf ég eitthvað nýtt, sem við skulum – þar til betra orð finnst – kalla … töfra.“

**ÖLL** lendum við stundum í öngstræti. Meira að segja Dale Cooper, mesti fagmaður sem birst hefur á sjónvarpsskjá. Þegar allt annað þraut neyddist hann til að reiða sig á kukl í rannsókn sinni á morði Láru Palmer í smábænum Twin Peaks. Og það virkaði, af því að hann var flottastur.



**UM** þessar mundir væri gott að hafa hér mann eins og Dale Cooper, eða hreinlega Mulder og Scully, sem gætu notað yfirskilvitlegt innsæi sitt til að bregða ljósi á atburðarásina í kringum heimsókn kollega þeirra hingað til lands sumarið 2011. Svo þvælt er málið orðið að það dugir varla minna en liðsstyrkur FBI við rannsóknina.

**ÉG** hef nefnilega, eins og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og aðrir stjórnarandstæðingar, séð nógu marga sjónvarpsþætti og bíómyndir til að vita að fulltrúar FBI eru algjörlega með þetta. Þeir eru fluggáfaðir, góðir að slást, láta fólk ekki komast upp með neitt múður og ekki nema svona tíundi hver þeirra er á mála hjá vondu köllunum.

**ÞAÐ** sem þó er vitað um málið ber þess líka vitni að þarna fari alvöru fólk. Að morgni 24. ágúst var ákveðið að leyfa fulltrúunum að koma. Þá tók ekki við nokkurra daga drepleiðinleg bjúrókrasía vestanhafs, heldur var hersingin mætt seinna um daginn, líklega með einkaþotu og biksvört sólgleraugu. Og þeir sem halda að það þurfi bara eina Clarice Sterling eða svo til að ræða við nítján ára tölvunörd eru á villigötum. Í slíkt verk einhenda sér átta þrautþjálfaðir alríkislögreglumenn, eins og vera ber.

**HÉR** lentu þessir öðlingar hins vegar á vegg sem heitir Ögmundur Jónasson og er orðinn býsna kvarnaður eftir ítrekaða árekstra. Svo eigruðu þeir um göturnar í heila viku áður en þeir hrökkluðust heim á leið, að sjálfsögðu með stráklinginn með sér – hann vildi eins og við hin njóta sem mestra samvista við þessi göfugmenni.

**ÖLL** þessi umræða minnir mig á atvik úr mínu eigin lífi, þegar tveir jakkafataklæddir og óhemjukurteisir menn gáfu sig á tal við mig á Hringbrautinni, ávörpuðu mig á ensku og spurðu ótal spurninga eins og ég væri mikilvægasti maður heims. Mér varð reyndar fljótt ljóst að þetta væru mormónar og bað þá vinsamlegast að troða áróðrinum upp í bakpokann á sér – en óskaði þess í laumi að þetta hefðu verið agentar Bandaríkjanna en ekki guðs.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Heiðurstónleikar

## Eldborgarsal Hörpu 13.apríl

Eiríkur Hauksson

Jóhann Helgason

Eyþór Ingi

Magni Ásgeirsson

Pétur Örn Guðmundsson

Stórhljómsveit undir stjórn Jóns Ólafssonar

Dægurflugan kynnir heiðurstónleika ELO í Hörpu. Miðasala hefst í dag kl. 12:00 á www.harpa.is og í síma 528 5050. Miðaverð: 4.990 kr. til 8.990 kr., 500 kr. af hverjum seldum miða renna til styrktar Mottumars.

Icelandic Cancer Society

MOTTU MARS

HARPA

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



**759** KR. KG

KJÖRFUGL **HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS




**1398** KR. KG

KJARNAFÆÐI **FERSKT KRYDDAÐ HEIÐALAMB**

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



**695** KR. KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR



**1959** KR. KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR




**259** KR. KG

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ KRYDDA SJÁLFUR



FROSIÐ LAMBA KJÖT

**1195** KR. KG

KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI**

## ÍSLENSK ÞORSKLIFUR




**189** KR. 115g

**189** KR. 120g

NORÐANFISKUR **HEITREYKT OG PATÉ**

pepsi

## FROSIN ÍSLENSK BLEIKJA



**1498** KR. KG

norðanfiskur

*FROSIN* **BLEIKJA BREINHREINSUÐ M.ROÐI**

## SJÓFRYST ÝSUFLÖK



**1259** KR. KG

norðanfiskur

*SJÓFRYST* **ÝSUFLÖK ROÐ & BEINLAUS**




300 KR. VERÐLÆKKUN

**1059** KR. KG

SKAGFIRSKUR SVEITABITI 26%

**300 KR. VERÐLÆKKUN**

1059 KR.KG *VERÐ ÁÐUR 1359 KR.KG*




**159** KR. STK

OS SMJÖR **ÓSALTAÐ 250g**




**198** KR. 2 ltr.

# NÝTT KORTATÍMABIL Í BÓNUS

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
SAFARÍKAR
FRÁ SPÁNI
195 KR.KG
298
KR. 1 KG
DANSKAR GULRÆTUR 1 KG
298
KR. 1 KG
AMERÍSKAR SÆTAR KARTÖFLU
359
KR. KG
NÝ SENDING KÍNVERSK
姜薑 ENGIFERRÓT
BÓNUS
FERSKT SPÍNAT 200 GR
359
KR. 200g
BÓNUS SPÍNAT 200gr
359
KR. KG
FRÁ SPÁNI ICEBERGSALAT
Mango
598
KR. 1 KG
Strawberry
JORDBÆR
JORDGUBBA
459
KR. 1.2 KG
498
KR. 750gr
PAKKAÐ AVOCADO 750g
698
KR. 200g
LÍFRÆN CHIAFRÆ
LÍFRÆNT
Solla
froosh
fruit: bottled
look good naked.
vitamin volcano.
drink your greens.
all fruit. no bull.
in fruit we trust.
298
KR. 250ml
MUSCLETECH
HYDROXYCUT
HARDCORE
PRO SERIES
6598
KR. 120 stk
HYDROXYCUT
FÆÐUBÓTAREFNI 120 TÖFLUR
698
KR. 450g
LÍFRÆNT VILLIHUNANG
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

# Mónókróm á Café Haiti

## Andrés Þór Gunnlaugsson leikur ásamt tríói sínu.

Gítarleikarinn Andrés Þór verður á djössuðu nótunum á Café Haiti í kvöld ásamt kontrabassaleikaranum Þorgrími Jónssyni og trommuleikaranum Scott McLemore.

Á efniskránni verða lög eftir Andrés af nýjustu plötu hans „Mónókróm“. Platan hefur hlotið góða dóma í erlendum djassmiðlum og fékk þrjár tilnefningar í djass- og blúsflokki til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem afhent verða í næstu viku. Að sögn Andrésar munu þeir einnig leika nýtt og eldra efni. „Svo má vel vera að við spilum eitthvað allt annað til viðbótar. Þetta er jú djass,“ segir Andrés Þór.



**MÓNÓKRÓM** Plata Andrésar Þórs hefur vakið mikla athygli og hlotið hrós víða.



**Deildarbungubræður**

á Kringlukránni
föstudags og laugardagskvöld

Sjáumst.

KRINGLU KRÁIN

PÓSTURINN

## Stöðvarstjóri í Stykkishólmi

Pósturinn óskar að ráða í starf stöðvarstjóra í Stykkishólmi. Viðkomandi hefur umsjón með afgreiðslu, vinnslu og dreifingu á svæðinu. Pósthúsið í Stykkishólmi er skilgreint sem kjarnastöð og sér um dagleg samskipti við undirstöðvar.

**Menntun/reynsla**
Stúdentspróf og eða rekstrarreynsla.
Tölvu- og bókhaldskunnátta nauðsynleg.
Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti. Ráðning sem allra fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Þór Reynisson (thorr@postur.is) Svæðisstjóri Vesturlands og Vestfjarða í síma 431 1001.

**Umsóknarfrestur er til 21. febrúar 2013.**

Umsóknum skal skilað til:

Íslandspóstur hf.
Starfsmannaþjónusta
Pósthúsasvið
Stórhöfða 29
110 Reykjavík



# Ólgandi tilfinningar

MYNDLIST ★★★★★

**Tómið – Horfin verk Kristins Péturssonar**
Með athugasemdum Hildigunnar Birgisdóttur, Hugins Þórs Arasonar, Sólveigar Aðalsteinsdóttur og Unnars Arnar.
Sýningarstjóri: Markús Þór Andrésson
**LISTASAFN ÁRNESINGA**

Kristinn Pétursson myndlistarmaður hefur verið ótrúlega vakandi persóna í lifanda lífi. Hann innbyrti áhrif úr umhverfinu af áfergju og línur, litir, ljós, fletir, tákn og hlutföll í hversdagslegu lífi urðu honum tilefni hugleiðinga og innblástur að gerð listaverka. Það ólguðu og kraumuðu í honum listrænar tilfinningar svo notuð séu orð hans sjálfs, allt til dauðadags.

Hann lést árið 1981, 85 ára að aldri. Eitt af því ótrúlega við þennan listamann er að síðustu 40 ár ævi sinnar sýndi hann ekki verk sín, þó hann hafi haldið áfram að búa til myndlist, meira að segja framsækna myndlist, allt til enda. Verk hans voru yfirleitt á einhvern hátt á skjön við íslenska samtímamenn og nærumhverfi ef frá eru talin fyrstu starfsár hans.

Auk þess ferðaðist hann og fylgdist grannt með hræringum í alþjóðlegri myndlist.

Það er talsverð uppgötvun fyrir listunnendur sem ekki þekkja til Kristins fyrir fram, að kynnast þessum listamanni og persónu á þessari sýningu þar sem sjónum er beint að þeim verkum sem hann vann að síðustu æviárin, bæði þeim sem eru að eilífu horfin og einnig þeim sem varðveittust. Síðustu skúlptúrar hans eru til dæmis með öllu horfnir, en eins og kemur fram í sýningarskrá eru þetta verkin sem helst myndu vekja forvitni í dag. Í öðru bindi Íslenskrar listasögu segir um þessi verk að þetta hafi verið áhugaverðar formtilraunir með lágmyndum í anda konstrúktívistanna rússnesku.

Sýningin er í raun fjórskipt. Þrjár málverkaseríur eru til sýnis, Tómið, Línuritin og Einlitu verkin, og síðan er sýnishorn af ævistarfinu sem eftir stendur og ekki er glatað, sett upp eins og gagnasafn.

Sýningin er í öllu safninu og byrjar strax við innganginn þar sem hengd eru upp sýnishorn úr óútgefnum bókum Kristins þar sem hann fjallar um lífið og listina.

Í stærsta salnum er kastljósinu beint að listaverkaseríu sem Kristinn kallaði Tómið – núllið – ekki neitt, þar sem hann vann markvisst að því að þrýsta litum og formum út fyrir ramma málverksins. Það er því hreyfing í þessum verkum og hugmyndafræðileg dýpt.

Á gangi á milli stóru salanna tveggja eru þrjú verk frá þeim tíma sem hann vann að myndaröð sem hann kallaði Línuritin, en verkin eru frá 1963. Í næsta sal er síðan verkaröð af einlitum málverkum sem hann kallaði Einlitur flötur á vegg. Listamaðurinn hugsaði þau sem eins konar innsetningu þar sem verkin, veggirnir og umhverfið verða eitt. Þessi salur er verulega eftirminnilegur og spennandi.

Einlitu verkin gerði hann árið 1979, og kannski eru þarna dálítil pönkáhrif hjá „gamla manninum“, enda málverkin gróf, liturinn gegnsær og striginn oft lasburða. Allt það gefur þessari nútímalegu innsetningu karakter.

Í þriðja salnum (gagnasafnið) má síðan sjá á bak við rauð tjöld ógrynni af verkum listamannsins frá ýmsum tímum, meðal annars frá súrrealíska tímabilinu, sem í raun fremur fáir Íslendingar aðrir unnu í, en þarna eru einnig grafíkmyndir, hlutbundnar höggmyndir, meðal annars ein af Einari Benediktssyni skáldi, og einnig dagbækur og skissubækur sem er gaman að grúska í.

Frammi í setustofu er síðan hægt að lesa hin óútgefnu rit Kristins og horfa á myndband þar sem lesið er upp úr textum hans og birtar tölvugerðar tilgátumyndir af horfnum þrívíðum verkum.

Markús Þór Andrésson sýningarstjóri velur þá leið að leita eftir stuðningi fjögurra samtímalistamanna til að máta Kristin við samtímann ef svo má segja. Í fyrstu var ég efins um þessa nálgun en þegar maður kemur inn á sýninguna og sér „athugasemdirnar“ vinna með verkum Kristins hverfa þær efasemdir allar eins og dögg fyrir sólu.

Aðkoma hinna listamannanna, þeirra Hildigunnar Birgisdóttur, Sólveigar Aðalsteinsdóttur, Hugins Þórs Arasonar og Unnars Arnar, er höfstillt og verk þeirra gera ekkert annað en nákvæmlega það sem þeim er ætlað, að lyfta undir list Kristins og leika saman með þeim í ljúfu samspili.

Það er hollt og jafnvel nauðsynlegt fyrir unga listamenn að koma á þessa sýningu til að sjá hvað þessi maður var að hugsa fyrir mörgum áratugum síðan, og rétt að hvetja sem flesta til að drífa sig á sýninguna áður en henni lýkur.

**Þóroddur Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Sýning um athyglisverðan og lítið eitt dularfullan listamann sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 15. FEBRÚAR 2013**

### Fundir

**13.00** Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn í félagsheimilinu að Stangarhyl 4. Á dagskrá verða venjuleg aðalfundastörf.

### Hátíðir

**09.00** Vetrar- og útivistarhátíðin Éljagangur fer fram á Akureyri yfir helgina. Nánari dagskrá má finna á heimasíðunni www.eljagangur.is.

### Upplestur

**18.00** Árni Þór Sigurðsson les þriðja Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Tónlist

**12.15** Listasafn Reykjavíkur og Tríó Reykjavíkur bjóða upp á ljúfan vorboða á tónleikum á Kjarvalsstöðum. Flytjendur eru þau Guðný Guðmundsdóttir og Peter Maté og aðgangur er ókeypis.

**21.30** Tríó gítarleikarans Andrésar Þórs kemur fram á Café Haiti. Á efnisskránni verður bæði nýtt efni og eldra. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Café Rosenberg. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Hljómsveitin Dynfari spilar í fyrsta sinn á Dillon. Tekið verður fyrir efni af plötunni Sem Skugginn. Aðgangur er ókeypis.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

**23.00** Hljómsveitin Valdimar heldur tónleika á efri hæð Faktorýs. Addicted to Drums leggur undir sig hliðarsalinn frá miðnætti.

### Leiðsögn

**12.00** Þóra Sigurbjörnsdóttir, fulltrúi safneignar hjá Hönnunarsafni Íslands, býður upp á hádegisleiðsögn um sýningarnar Gísli B. – Fimm áratugir í grafískri hönnun og Innlit í Glit. Allir velkomnir.

### Fyrirlestrar

**20.00** Lífspekifélagið sýnir fræðslumynd um óhefðbundnar lækningar í húsi sínu að Ingólfsstræti 22.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

Í OPINNI DAGSKRÁ




**17**
TILNEFNINGAR TIL EDDUVERÐLAUNA

# VIÐ ERUM STOLT **AF OKKAR FÓLKI**

Stöð 2 er stolt af sínu fólki. Þessi glæsilegi og metnaðarfulli hópur fékk samtals 17 tilnefningar til Edduverðlaunanna í ár fyrir framúrskarandi dagskrárgerð og afburðastörf, hvert á sínu sviði!

**Til hamingju!**

FÍTON / SÍA

2 HD

**Fáðu þér áskrift** | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

# Trentemöller og félagar slettu vel úr klaufunum á Kaffibarnum

**Danski raftónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Trentemöller spilar á Sónar-hátíðinni annað kvöld en hátíðin hefst í dag. Hann sletti vel úr klaufunum síðast þegar hann kom til Íslands og segist alltaf hlakka til að sækja landið heim.**



**TIL ÍSLANDS** Daninn Anders Trentemöller spilar í Norðurljósasal Hörpu annað kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

Hinn vinsæli danski raftónlistarmaður og plötusnúður Anders Trentemöller spilar á Sónar-hátíðinni í Norðurljósasal Hörpu annað kvöld. Fjögur ár eru liðin síðan hann spilaði síðast á Íslandi á Airwaves-hátíðinni.

„Ég hlakka alltaf til að fara til Íslands. Því miður verð ég bara í þrjá eða fjóra daga, ég hefði viljað vera aðeins lengur," segir Trentemöller, sem man vel eftir síðustu ferð hingað. „Hún endaði með klikkaðri drykkju á Kaffibarnum. Þetta voru síðustu tónleikarnir hjá okkur eftir heimstúr þannig að menn ákváðu að sletta úr klaufunum. En okkur leið ekki vel á flugvellinum daginn eftir á leiðinni til Kaupmannahafnar," segir hann og hlær.

Hann verður ekki með hljómsveit með sér annað kvöld og kemur einungis fram sem plötusnúður. „Ég er að vinna að næstu plötu minni og við erum ekki tilbúnir enn til að spila á tónleikum sem hljómsveit. Þetta verður því bara DJ-sett en þetta verður samt gaman. Það verður líka gaman að spila á Sónar í Reykjavík og sjá hvernig hátíðin fer fram. Ég held að hún verði skemmtileg," segir Trentemöller, sem spilaði á Sónar í Barselóna fyrir tveimur árum.

### Með eigið útgáfufyrirtæki

Trentemöller hefur gefið út tvær plötur og kom sú síðasta, Into the Great Wide Yonder, út fyrir þremur árum. Nýja platan er væntanleg í haust og kemur hún út hjá hans eigin útgáfu, In My Room. Upptökur á henni fara fram í hans eigin hljóðveri en ekki heima hjá honum eins og oft áður. „Áður gerði ég tónlistina mína í íbúðinni minni og nágrannarnir voru ekki sérlega ánægðir með það. Það er gott að vera með eigið pláss og geta geymt þar slatta af gamaldags-græjum."

### Alltaf gaman að „remixa"

Trentemöller hefur á ferli sínum endurhljóðblandað lög fyrir Moby, Pet Shop Boys, The Knife, David Lynch, Depeche Mode, M83, Gus-Gus og nú síðast Lower Dens með góðum árangri. Næsta verkefni hans er að endurhljóðblanda annað smáskífulagið af væntanlegri sólóplötu Jonathans Pierce, söngvara The Drums. Einnig er líkegt að Pierce verði gestur á plötu Trentemöller. „Það er mitt næsta „remix" en núna er ég að einbeita mér að plötunni minni," segir hann.

Aðspurður bætir hann við að það sé alltaf gaman að endurhljóðblanda lög annarra. „Þegar ég er að endurhljóðblanda nota ég oftast bara raddirnar en geri sjálfur ný viðlög og aðra parta, þannig að ég bæti ekki bara við nýjum töktum. Þess vegna finnst mér þetta vera ný lög en auðvitað er þetta öðruvísi því þetta er efni frá öðrum. Ég hef gaman af þessu en aðalmálið hjá mér er samt eigin lagasmíðar, þær eru alltaf í forgangi, en það er gott að taka sér hlé frá þeim til að búa til „remix"."

> **Áður gerði ég tónlistina mína í íbúðinni minni og nágrannarnir voru ekki sérlega ánægðir með það.**
>
> *Trentemöller*

### Spilaði uppi á píramída

Hinn 21. desember í fyrra var Trentemöller bókaður til að spila uppi á Maya-píramída í Mexíkó í tilefni af yfirvofandi heimsendi samkvæmt tímatali Maya. „Tíu mínútum áður en ég fór á svið var mér sagt að þetta væri ekki alvöru píramídi heldur hluti af skemmtigarði sem ætti að opna eftir tvo mánuði. Það voru mjög fallegir píramídar þarna en þeir voru ekki ekta og menn gleymdu að segja okkur frá því. Þetta var samt gott partí," segir hann og hlær, spurður út í þessa óvenjulegu tónleika.

Eftir Sónar-hátíðina í Reykjavík ætlar Trentemöller að halda áfram með plötuna sína. Í sumar spilar hann á ýmsum tónlistarhátíðum og eftir að platan kemur út í haust fer hann í tónleikaferð til Bandaríkjanna og Evrópu. „Það er komið ár síðan við kláruðum síðasta túr og ég hlakka til að spila nýju lögin og sjá hvernig þau virka á tónleikum."

freyr@frettabladid.is


# MERKJASALA HJARTAHEILLA

## Tökum vel á móti sölufólki 11. til 17. febrúar

Eftirtalin fyrirtæki styðja merkjasölu Hjartaheilla

**Reykjavík**
Auglýsingastofan ENNEMM
Ásbjörn Ólafsson ehf
Breyting ehf
D&C ehf
Ergo fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka
Eyjólfur Bergþórsson
Forum lögmenn ehf
Frami, félag leigubifreiðastjóra
FS Flutningar ehf
Grænn markaður ehf
Guðmundur Jónasson ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
H.H. ráðstefnuþjónustan sf
Haagensen ehf
Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf
Hreyfimyndasmiðjan ehf
HS pípulagnir ehf
Ísfrost ehf
Kraftaverk pípulagnir ehf
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf
Maritech ehf
Matborðið ehf
Merkismenn ehf
Nýja sendibílastöðin hf
Ósal ehf
Páll V Einarsson slf
Pixlar ehf
Plastpípur ehf
Rafás ehf, rafverktakar
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Samleið ehf
Sentþér auglýsingavörur ehf
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Smurstöðin Klöpp ehf
SP tannréttingar ehf
Stimplagerðin ehf
Tannlæknastofa Sigurðar Benediktssonar
Tannlæknastofa Sigurðar L. Viggóssonar
Té sf pípulagningaþjónusta
Tölvu- og tækniþjónustan ehf
Úra- og klukkuverslun Gilberts Ó Guðjónssonar
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Vagnasmiðjan ehf
Varma & Vélaverk ehf
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Vélaviðgerðir ehf
Vörubíla- og vinnuvélaverkstæðið sf
Vörubílastöðin Þróttur hf
Xanadú, snyrtistofa sími: 577 2121
**Kópavogur**
Axis-húsgögn ehf
Barnavöruverslunin Varðan
Inter Medica ehf
Íslenskt sjávarfang ehf
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Lyra ehf
Menn og mýs hf, hugbúnaðargerð
Rafgeisli ehf
Skerping ehf
Straumver ehf
**Garðabær**
Aflvélar ehf
Hárgreiðslustofan Cleó ehf
Okkar bakarí ehf
Pípulagningaþjónusta B Markan ehf
Rafboði
**Hafnarfjörður**
Betri stofan ehf
Bókhaldsstofan ehf
Dverghamrar ehf
Opal Sjávarfang ehf
Snyrtistofan Þema snyrti- og fótaaðgerðastofa
Spennubreytar
Umbúðamiðlun ehf
**Reykjanesbær**
Aflbinding-Járnverktakar ehf
Ásberg fasteignasala ehf
Pulsuvagninn Tjarnargötu 9
Reykjanesbær
Rörlagningamaðurinn ehf
Suðurflug ehf
**Grindavík**
Einhamar Seafood ehf
Fanndals Lagnir ehf
Marver ehf
TG raf ehf
Veiðafæraþjónustan ehf
**Mosfellsbær**
Fasteignafélag Mosfellsbæjar ehf
Garðagróður ehf
LEE rafverktakar ehf
Mosraf raftækjavinnustofa
**Akranes**
Bílver, bílaverkstæði ehf
Borgdal ehf
Glit málun ehf
**Borgarnes**
Baula, söluskáli
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf
Sigur-garðar sf
Velverk ehf
**Stykkishólmur**
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf
Útgerðarfélagið Kári ehf
Þ.B.Borg trésmiðja ehf
**Grundarfjörður**
Hjálmar ehf
Suða ehf
**Ólafsvík**
Ingibjörg ehf
TS Vélaleiga ehf
VK lagnir ehf
**Hellissandur**
Hjallasandur ehf
Skarðsvík ehf
**Reykhólahreppur**
Reykhólahreppur
Þörungaverksmiðjan hf
**Sauðárkrókur**
Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Kaupfélag Skagfirðinga
Trésmiðjan Ýr ehf
Vinnuvélar Guðmundar og Skúla sf
**Akureyri**
Fótaaðgerðastofa Evu og Eddu
Meindýravarnir Axels
Pípulagningaþjónusta Bjarna F Jónassonar ehf
Slippurinn Akureyri ehf
Þrif og ræstivörur ehf
**Dalvík**
Bruggsmiðjan ehf
Fiskmarkaður Dalvíkur ehf
Flæðipípulagnir ehf
O Jakobsson ehf
**Húsavík**
Alverk ehf
Gistiheimilið Árból
Hóll ehf, vinnuvélar og verktakar
Skóbúð Húsavíkur ehf
**Egilsstaðir**
Ágúst Bogason ehf
Fljótsdalshérað
Tréiðjan Einir ehf
**Höfn í Hornafirði**
Skinney-Þinganes hf
Sveitafélagið Hornafjörður
Uggi SF-47
**Selfoss**
Árvirkinn ehf
Fasteignasalan Árborgir ehf
Gufuhlíð ehf
Jeppasmiðjan ehf
Veitingastaðurinn Menam
Þ.H.blikk ehf
**Flúðir**
Loðdýrabúið ehf
Vélaverkstæðið Klakkur ehf
**Hella**
Þvottahúsið Rauðalæk ehf
**Vestmannaeyjar**
Grétar Þórarinsson ehf, verslun og verkstæði
Net ehf
Ós ehf
Vinnslustöðin hf

HjartaHeill

*Hugaðu að hjartanu, því þú hefur aðeins eitt*

*Öll þjóðin – eitt hjarta*


„EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFAÐ"
DJÖFLAEYJAN
★★★★
„ÁHORFENDUR FÖGNUÐU OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL"
FRÉTTABLAÐIÐ
„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!"
BJÖRK EIÐSDÓTTIR
ritstýra á Séð og heyrt
SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU
Miðasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is
Miðasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga
BLAKKÁT
Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR
Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR • HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON • MAGNÚS GUÐMUNDSSON
Sunnudagurinn 24. feb. - Uppselt
Fimmdudagurinn 28 feb. Örfá sæti laus
Föstudagurinn 1. mars. Uppselt
Föstudagur 15. feb. - Uppselt
Laugardagurinn 23. feb. Uppselt
midi.is
Finndu okkur á facebook

# Hressilegt heimabrugg

TÓNLIST ★★★☆☆

**Gímaldin og Eva Hauksdóttir**
Evulög
EIGIN ÚTGÁFA



EVULÖG „Gímaldin fer sínar eigin leiðir tónlistarlega.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Evulög hefur að geyma lög Gímaldins við texta Evu Hauksdóttur. Gímaldin á að baki nokkrar plötur, en Eva er afkastamikill bloggari. Gímaldin syngur sjálfur á plötunni, en stærstan hluta fær hann samt aðra söngvara til að syngja: Karl Hallgrímsson syngur tvö lög, Trausti Laufdal þrjú, Lára Sveinsdóttir, Rúnar Þór og Megas, pabbi Gímaldins, eitt hvert. Fleiri söngvarar koma við sögu.

Eva er þekkt og umdeild fyrir hispurslausa framsetningu og fyrir skoðanir sínar, t.d. á femínisma. Hér sýnir hún á sér aðra hlið. Ljóðin hennar, sem eru hugleiðingar um lífið, eru fyrst og fremst snotur, þó að smá broddur leynist á stöku stað. Hér er dæmi: „Ef þig svíkur andans kraftur/ekki hætta reyndu aftur/hugurinn ber þig hálfa leið/hitt er nám og vinna/Þér yrði sjálfsagt gatan greið/ef gætirðu kvartað minna“ (Heilræðavísa).

Þetta er mjög hrá og lifandi plata. Hún er greinilega unnin hratt og ekki verið að kippa sér upp við það þó að söngurinn sé ekki alltaf fullkominn. Gímaldin fer sínar eigin leiðir tónlistarlega. Hér eru þetta ýmis tilbrigði við hrátt rokk, sumt minnir á íslenska pönkið. Michael Pollock, fyrrverandi Utangarðsmaður, spilar á gítar í tveimur lögum en pönkið kemur ekki frá honum, hann spilar á slide-gítar í öðru og kassagítar í hinu. Þessi plata er eiginlega andstæða allra þessara vel og vandvirknislega unnu platna sem eru svo algengar í dag. Hér er bara tekið upp og látið flakka og útkoman er oft mjög skemmtileg.

Söngvararnir koma misvel út. Gímaldin hefði alveg mátt syngja meira sjálfur, en þessi söngvarafjöld gefur plötunni samt annan karakter heldur en hún hefði fengið ef hann hefði sungið þetta allt sjálfur.

Á heildina litið er þetta mjög skemmtileg plata. Kannski hefði mátt leggja aðeins meira í hana, ekki of mikið samt því það er þessi hrái karakter sem gerir hana svona skemmtilega. **Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Ágætir textar Evu Hauks við heimabruggað og hrátt rokk Gímaldins.




EVA HAUKSDÓTTIR



**RETROBOT** Hljómsveitin Retrobot vann síðustu Músíktilraunir.

# Skráning hefst senn

**Skráning í Músíktilraunir 2013 hefst á mánudag og lýkur 3. mars. Ungmenni á aldrinum 13 til 25 ára geta sótt um þátttöku með því að senda inn umsókn á Musiktilraunir.is og greiða 7.000 króna þátttökugjald.**

**Fjögur undanúrslitakvöld fara fram þar sem um fjörutíu hljómsveitir keppa að því takmarki að komast áfram á úrslitakvöldið. Um tíu til tólf hljómsveitir fara venjulega í úrslit og hljóta fyrstu þrjár sveitirnar verðlaun af ýmsum toga. Einnig eru bestu hljóðfæraleikararnir valdir sem og vinsælasta hljómsveitin meðal áhorfenda.**

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁSBÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
POWERSÝNING KL. 10.10
A GOOD DAY TO DIE HARD
ZERO DARK THIRTY 5 ÓSKARSTILNEFNINGAR!
VESALINGARNIR 8 ÓSKARSTILNEFNINGAR
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| A GOOD DAY TO DIE HARD | 5.50, 8, 10.10(P) | 16 |
| ZERO DARK THIRTY | 6, 9 | 16 |
| VESALINGARNIR | 7, 10 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 4 | 12 |
| HÁKARLABEITA 2 | 4 | L |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | 4 | L |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
WARM BODIES — HE'S STILL DEAD BUT HE'S GETTING WARMER
A GOOD DAY TO DIE HARD
ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU 700.KR
BULLET TO THE HEAD
HANSEL & GRETEL
PARKER
THE IMPOSSIBLE
GANGSTER SQUAD

ÁLFABAKKA
| | | |
|---|---|---|
| WARM BODIES | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| WARM BODIES VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL | KL. 4 - 6 | L |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 6 - 8 (10:10 3D ótextuð) | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| PARKER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 10:20 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| MONSTERS INC ÍSL.TAL 3D | KL. 3:40 - 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSL.TAL | KL. 3:40 | L |
| SAMMY 2 ÍSL.TAL | KL. 3:40 | L |

KEFLAVÍK
| | | |
|---|---|---|
| WARM BODIES | KL. 8 | 16 |
| A GOOD DAY TO DIE HARD | KL. 10:10 | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 10:20 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS INC ÍSL.TAL 3D | KL. 6 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL | KL. 6 | L |

EGILSHÖLL
| | | |
|---|---|---|
| A GOOD DAY TO DIE HARD | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| WARM BODIES | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 5:50 - 10:30 | 16 |
| PARKER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 8 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSL.TAL 3D | KL. 5:50 | L |

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI
| | | |
|---|---|---|
| WARM BODIES | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 8 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSL.TAL 3D | KL. 5:50 | L |

AKUREYRI
| | | |
|---|---|---|
| WARM BODIES | KL. 6 - 8 | 16 |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL.TAL | KL. 6 | L |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 10:10 | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 8 - 10 | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Yippie-Ki-Yay!
BRUCE WILLIS A GOOD DAY TO DIE HARD LÚXUS
ZERO DARK THIRTY
KON TIKI „MÖGNUÐ MYND" BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM
12 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA DANIEL DAY-LEWIS LINCOLN -EMPIRE
DJANGO 5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR 2 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%
| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 5 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| DIE HARD LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ZERO DARK THIRTY | KL. 8 | 16 |
| DJANGO | KL. 8 | 16 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 3.30 | L |
| LINCOLN | KL. 5 | 14 |
| LAST STAND | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.40 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.20 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%
| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 5 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| KON-TIKI | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LINCOLN | KL. 5.50 - 9 | 14 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.50 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 5 | KL. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| ZERO DARK THIRTY | KL. 10 | 16 |
| HVELLUR | KL. 5.50 | L |
| THE LAST STAND | KL. 8 | 16 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| BEYOND THE HILLS | (16) | 18:00, 21:00 |
| KON-TIKI | (12) | 17:45, 22:00 |
| HOLY MOTORS | (16) | 22:00 |
| HVELLUR | (L) | 18:00, 20:00 |
| NEXPO VERÐLAUNIN | | 20:00 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó
ÍSL TAL TILBOÐ KL. 4 Hákarlabeita 2
TILBOÐ KL. 4 HOBBIT SÝND Í 3D
ÍSL TAL TILBOÐ KL. 4 HVÍTI KÓALABJÖRNINN
LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

# Fékk hugmyndina frá Seinfeld

Björn Thoroddsen spilar rokk og þungarokk á afmælistónleikum sínum.

„Ég er Seinfeld-nörd og einn þáttur gengur út á að gera allt öfugt við það sem maður gerir vanalega. Þaðan kemur hugmyndin,“ segir Björn Thoroddsen.

Gítarleikarinn heldur 55 ára afmælistónleika í Salnum í Kópavogi á laugardaginn. Þar sýnir hann á sér nýjar hliðar þar sem djassinn verður víðs fjarri. Hann verður einn og óstuddur með kassagítarinn og spilar lög með rokksveitum á borð við AC/DC, Deep Purple, Black Sabbath, The Who og einnig Bítlunum. „Þetta eru lög sem ég hef heillast af í gegnum tíðina, alveg frá því maður byrjaði að fikta við gítara,“ segir Björn. „Mig langaði að prófa eitthvað allt annað en það sem ég hef verið að gera.“

Björn hefur haldið eigin gítarhátíð á Íslandi undanfarin ár við góðar undirtektir. Honum hefur verið boðið að halda sams konar hátíðir bæði í Kanada og í Noregi á þessu ári. Í Winnipeg í Kanada heitir hátíðin Guitaroama og þar býður Björn öðrum gítarsnillingum að koma og spila. „Þetta er gríðarleg viðurkenning fyrir mig,“ segir hann en í Noregi verður hátíðin hluti af Bergen International Festival.

„Ég hef verið í þessu gítarumhverfi í nokkur ár og spilað í Bandaríkjunum og Kanada. Svo er ég nýbyrjaður að spila á Norðurlöndunum,“ segir hann. Hjólin hjá honum byrjuðu að snúast eftir að hann spilaði með einni mestu gítarstjörnu heims, Tommy Emmanuel, og fóru menn þá enn meira að falast eftir kröftum hans. -fb



**SEINFELD-NÖRD** Gítarleikarinn Björn Thoroddsen sýnir á sér aðra hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LEIÐINLEGT SLÚÐUR** Hugh Jackman segir sögusagnir um kynhneigð sína pirra eiginkonuna. NORDICPHOTOS/GETTY

## Slúðursögur pirra konuna

Leikarinn Hugh Jackman viðurkennir að sögusagnir um kynhneigð hans fari í taugarnar á eiginkonu hans, Deborru-Lee Furness. Þetta kemur fram í viðtali við The Hollywood Reporter. „Nú nýverið hefur þetta tekið að pirra hana. Hún segir: Þetta er stórt. Þetta er alls staðar.“ Jackman kennir internetinu um og segir konu sína eyða meiri tíma á netinu en hann. Sjálfur les hann helst vefsíður sem fjalla um krikket og vefsíðu The Economist.



**ÓSÁTTAR** Katy Perry er ósátt við að Rihanna hafi endurnýjað samband sitt og Chris Brown. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ósátt við Rihönnu

Slest hefur upp á vinskap söngkvennanna Rihönnu og Katy Perry vegna sambands þeirrar fyrrnefndu og Chris Brown. Samkvæmt heimildum er Perry ósátt við samband Rihönnu og Brown og hefur hún ærna ástæðu til.

„Talsmenn Katy óskuðu eftir því að hún og Rihanna yrðu ekki settar í sömu sætaröð. Katy þykir aðstæðurnar vandræðalegar og kýs að takast ekki á við vandann,“ hefur Hollywood-Life.com eftir heimildarmanni. Rihanna og Brown hættu saman eftir að hann réðst á hana. Það kom því mörgum á óvart þegar þau tóku aftur saman í haust.




## Stefán Logi lánaður til Ull/Kisa



**FÓTBOLTI** Stefán Logi Magnússon verður í dag lánaður til norska B-deildarliðsins Ull/Kisa og mun hann spila með liðinu út tímabilið sem hefst í næsta mánuði. Stefán Logi missti af stórum hluta síðasta tímabils vegna meiðsla en hann hefur verið á mála hjá Lilleström síðan 2009.

Norskir fjölmiðlar segja að aðilar hafi gert munnlegt samkomulag um lánssamninginn í gær og að gengið verði frá því formlega í dag. Samkvæmt samkomulaginu mun Lilleström áfram borga hluta launa Stefáns Loga.

„Ég hef verið lengi meiddur og þarf að fá að spila,“ sagði Stefán Logi í samtali við fótbolti.net í gær. „Ég er vongóður um að ná mér heilum aftur og koma til baka af fullum krafti.“ **- esá**

## Enginn íslenskur komst áfram í stórsvigi

**SKÍÐI** Sex af níu keppendum Íslands á HM í alpagreinum í Schladming í Austurríki kepptu í stórsvigi í gær. Konurnar í aðalkeppninni en karlarnir í undankeppni.

Hjá konunum fengu 60 efstu keppendur eftir fyrri ferð að taka þátt í þeirri síðari. Freydís Halla Einarsdóttir hafnaði í 65. sæti og Helga María Vilhjálmsdóttir í 66. sæti og komust því ekki áfram. Erla Ásgeirsdóttir náði ekki að klára fyrri ferðina.

Í undankeppni karla komust 25 efstu áfram í aðalkeppnina. Íslendingar náðu ekki að koma sér í þann hóp en efstur þeirra varð Brynjar Jökull Guðmundsson sem hafnaði í 40. sæti í undankeppninni. Arnar Geir Ísaksson varð í 41. sæti en Einar Kristinn Kristgeirsson kláraði ekki seinni ferðina.

Aðalkeppni í stórsvigi karla fer fram í dag en keppt verður í svigi karla og kvenna nú um helgina. Aðrir íslenskir keppendur í Schladming eru María Guðmundsdóttir, Sturla Snær Snorrason og Magnús Finnsson.

Tessa Worley frá Frakklandi varð heimsmeistari í stórsvigi en hún kom í mark rúmri sekúndu á undan Tinu Maze frá Slóveníu. Anna Fenninger frá Austurríki varð þriðja. **- esá**

## ÍA samdi við Letta

**FÓTBOLTI** Lettneski miðjumaðurinn Maksims Rafalskis hefur gert tveggja ára samning við ÍA og mun því spila með liðinu í Pepsi-deild karla í sumar. Rafalskis er 28 ára gamall og á að baki þrettán A-landsleiki með Lettlandi á árunum 2009 til 2011. Hann spilaði síðast með Daugava Daugavpils sem varð meistari í Lettlandi á síðasta tímabili. Hann hefur einnig spilað í Rússlandi á sínum ferli en lengst af í heimalandinu.

ÍA hefur verið að leita að miðjumanni eftir að ljóst varð að Jesper Jensen yrði ekki áfram með liðinu. **- esá**

## ÚRSLIT

### EVRÓPUDEILD UEFA

**32-LIÐA ÚRSLIT, FYRRI LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **ZENIT - LIVERPOOL** | **2-0** |
| 1-0 Hulk (69.), 2-0 Sergei Semak (72.). | |
| **SPARTA PRAG - CHELSEA** | **0-1** |
| 0-1 Oscar (82.). | |
| **NEWCASTLE - METALIST** | **0-0** |
| **TOTTENHAM - LYON** | **2-1** |
| 1-0 Gareth Bale (46.), 1-1 Samuel Umtiti (55.), 2-1 Gareth Bale (93.). Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á sem varamaður á 79. mínútu í liði Tottenham. | |
| **AJAX - STEAUA BÚKAREST** | **2-0** |
| Kolbeinn Sigþórsson var í byrjunarliði Ajax en var skipt af velli á 82. mínútu. | |
| **ANZHI - HANNOVER** | **3-1** |
| **BATE - FENERBAHCE** | **0-0** |
| **LEVANTE - OLYMPIAKOS** | **3-0** |
| **DYNAMO KIEV - BORDEAUX** | **1-1** |
| **BAYER LEVERKUSEN - BENFICA** | **0-1** |
| **NAPOLI - VIKTORIA PLZEN** | **0-3** |
| **STUTTGART - GENT** | **1-1** |
| **ATLETICO MADRID - RUBIN KAZAN** | **0-2** |
| **BASEL - DNIPRO** | **2-0** |
| **GLADBACH - LAZIO** | **3-3** |
| **INTER - CFR CLUJ** | **2-0** |

*Síðari leikirnir í 32-liða úrslitum keppninnar fara fram í næstu viku.*

## Ísland féll um níu sæti

**FÓTBOLTI** Ísland er í 98. sæti á styrkleikalista FIFA og fellur um níu sæti frá síðustu útgáfu. Ísland spilaði í millitíðinni vináttulandsleik gegn Rússlandi og tapaði honum 2-0. Rússar standa í stað á milli lista og eru í níunda sæti.

Öll lið í riðli Íslands í undankeppni HM 2014 féllu um sæti á nýja listanum, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Næsta verkefni íslenska landsliðsins er leikur gegn Slóveníu í undankeppni HM 2014 þann 22. mars næstkomandi. **- esá, óój**

### STYRKLEIKALISTI FIFA

**RIÐILL ÍSLANDS Í UNDANKEPPNI HM**

| | |
|---|---|
| **SVISS** | **14. SÆTI (– 1 SÆTI)** |
| **NOREGUR** | **27. SÆTI (– 3 SÆTI)** |
| **SLÓVENÍA** | **54. SÆTI (– 7 SÆTI)** |
| **ALBANÍA** | **71. SÆTI (–8 SÆTI)** |
| **ÍSLAND** | **98. SÆTI (– 9 SÆTI)** |
| **KÝPUR** | **134. SÆTI (– 4 SÆTI)** |

# Vissi svo sem að Lennon væri engin mannvitsbrekka

Brynjar Jóhannesson, formaður knattspyrnudeildar Fram, er ósáttur við upphlaup framherjans Stevens Lennon í Fréttablaðinu í gær. Formaðurinn segir að leikmaðurinn segi ekki satt og rétt frá. „Þetta er alger þvæla,“ segir Brynjar og bætir við að þó allt sé falt sé það ekki á dagskránni hjá Fram að selja leikmanninn.

**FÓTBOLTI** Framherjinn Steven Lennon hjá Fram greindi frá því í Fréttablaðinu í gær að hann væri í samningaviðræðum við stjórn Fram um nýjan samning. Hann sagðist vera ósáttur við að nýja stjórnin vildi láta hann greiða fyrir bíl og íbúð sem gamla stjórnin hefði verið búin að lofa honum.

Brynjar Jóhannesson, nýr formaður knattspyrnudeildar Fram, segist lítið botna í orðum Lennon í viðtalinu.

„Þessi frétt er óskiljanleg. Þetta er alger þvæla,“ segir Brynjar ákveðinn og bætir við.

„Það er ýmislegt rétt í þessu. Það hafa verið viðræður um nýjan samning en það er enginn glæpur. Hann hefur fengið hverja einustu krónu greidda og ekkert tekið af honum. Við erum einfaldlega að taka á máli sem sat eftir hjá fyrri stjórn. Hann er með fáranlegan samning sem er ekkert eins og samningar eru almennt. Það er enginn bíll og ekkert húsnæði eins og hann segir í þessum samningi. Það er talað um eitthvað herbergi. Við vildum einfaldlega laga þetta til. Þessir hlutir verða að vera í samningi. Það er ekki bara hægt að segja hitt og þetta. Ef félagið á að skaffa honum þessa hluti þá verður það að vera í samningi.“



**TEKINN Á TEPPIÐ** Framarar eru ekki ánægðir með yfirlýsingar Lennons og ætla sér að ræða við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Þetta er óskiljanlegt**

Brynjar segist alls ekkert eiga í neinum deilum við Lennon en skilur ekki þau orð leikmannsins að hann hafi ekki heyrt frá félaginu í yfir tíu daga.

„Ég hitti hann á mánudag. Svo talaði ég við hann í fyrrakvöld þar sem hann spurði að því hvort hann mætti ekki fá sér Sky í íbúðina. Spurði hvort hann yrði ekki öruggleg með hana fram í október. Ég sagði að það væri ekkert vandamál. Svo les maður í Fréttablaðinu að hann hafi ekki heyrt í okkur í tíu daga. Það er alveg óskiljanlegt. Það eru engin vandamál og ekkert verið að deila. Hann er að fá greitt eftir samningi og er að fá umfram samninginn bíl og íbúð þó svo það sé ekki í samningnum. Það er því ekki eins og menn séu að drepa hann. Við getum tekið það frá honum ef við viljum en við viljum ekki vera að standa í slíku,“ sagði Brynjar. En hvernig les hann í þetta útspil leikmannsins?

> **Hann virkar núna á mig greyið eins og hann sé frekar einfaldur. Þetta er mjög sérkennilegt útspil.**
>
> *Brynjar Jóhannesson*

„Ég las ekkert annað en að þetta væri einhver KR-tilraun eina ferðina enn. Ég veit svo sem ekkert um það. Hann virkar núna á mig greyið eins og hann sé frekar einfaldur. Ég vissi svo sem að hann væri engin mannvitsbrekka en þetta er mjög sérkennilegt útspil. Þetta lítur ekkert vel út fyrir hann gagnvart hópnum. Ég fatta ekki alveg hvað hann er að fara. Ég nenni samt ekki að pirra mig á þessu því þetta er svo hlægilegt. Þetta er einn af þessum hlutum í boltanum sem maður botnar ekki í.“

Lennon hefur áður lýst því yfir að hann vilji fara í KR. Eru einhverjar líkur á því að Framarar ákveði að selja leikmanninn?

„Það er ekki komið neitt tilboð í hann og við erum ekki að fara að selja hann. Auðvitað er allt til sölu en það stendur ekki til að selja hann. Við fengum leikmenn til liðsins og vorum að búa til hóp og hann er hluti af honum. Hann var eitthvað pirraður er við komum að málum og við fórum yfir það mál. Síðast er ég vissi var það mál frágengið. Þetta kom mér því á óvart. Hann verður ekki látinn fara nema það komi voðalega gott tilboð. Það eru allir falir en við ætlum ekki selja enda ekki auðvelt að fá framherja í dag.“

Eins og áður segir hélt Brynjar að allt væri í góðu milli Lennons og Fram. Í ljósi þessa upphlaups leikmannsins segist hann verða að fara yfir málin með leikmanninum.

„Ég mun eðlilega ræða við hann. Þetta er ekki gott. Menn gera ekki svona. Það er klárt að við munum ræða við hann.“ **henry@frettabladid.is**



Eirberg

Dagljósin vekja þig hægt og rólega með því að minnka magn svefnhormóna (melatónín) og auka framleiðslu hormóna (cortisol) sem hvetja líkamann til að vakna.

**Vaknið endurnærð!**



### Dagljós Active útvarp

- Vekur þig með 15-90 mín. sólarupprás
- Hægt að sofna og vakna við útvarp eða náttúruhljóð

**Verð 29.750 kr.**




### Dagljós Starter

- Nett vekjaraklukka
- Vekur þig með 30 mín. sólarupprás

**Verð 17.750 kr**



# Lumie :)
## dagljósin



### Skrifstofulampi með dagljósi

- Flottur og stílhreinn lampi
- Sérstakar dagljósadíóður
- 10.000 lux í 22 cm fjarlægð

**Verð 39.750 kr.**



### Dagljós Arabica

- Öflugt alhliða sólarljós sem lýsir upp herbergið
- Virkar vel gegn skammdegisþunglyndi
- 10.000 lux í 25 cm fjarlægð

**Verð 29.750 kr.**

## Bæta líðan og auka afköst

**Dagljósin frá Lumie eru sérstaklega hönnuð til að líkja eftir sólarljósi. Rannsóknir hafa sýnt fram á að dagljósameðferð í 30-90 mín. á dag virki vel gegn skammdegisþunglyndi. Meðal einkenna er depurð, sinnuleysi, orkuleysi, aukin svefnþörf og aukin matarlyst.**

> Verslaðu á vefnum > Frí sending að 20 kg > 1 árs skilaréttur

Opið virka daga kl. 9 -18 og laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 Kl.20.10
**MasterChef Ísland**

Þá eru þau Jenný og Gunnar Helgi tvö ein eftir í baráttunni um titilinn Meistarakokkur Íslands og heyja lokabaráttuna í kvöld. Annað stendur svo eftir sem sigurvegari og hlýtur vegleg verðlaun.

## Í KVÖLD



### Everything or Nothing: The Untold Story of 007

**SKJÁR 1 KL. 22.50** Heimildarmynd um myndirnar um njósnara hennar hátignar, James Bond. Fyrsta sagan um 007 kom út árið 1953 og fyrsta myndin var gerð níu árum síðar eða 1962. Myndirnar eru nú orðnar 23 talsins og farið verður í saumana á því hvernig Bond varð svo feikivinsæll.

IMDb 7,5



### The Beaver

**RÚV KL. 21.10** Hjartnæm kvikmynd um Walter Black, sem var áður framkvæmdastjóri leikfangafyrirtækis og mikill fjölskyldumaður, þar til hann varð þunglyndur. Eftir að hafa reynt ýmislegt til að vinna bug á erfiðleikum sínum eignast hann handbrúðu sem breytir öllu.

Rotten Tomatoes 61% IMDb 6,7



### American Idol

**STÖÐ 2 KL 20.55/STÖÐ 2 GULL KL. 22.25** Nú er komið að hinni ógnvænlegu Hollywood-viku í þessum vinsælu raunveruleikaþáttum. Þættir 9 og 10 verða sýndir í kvöld, sá fyrri á Stöð 2 og sá seinni á Stöð 2 Gull.

7,4 IMDb 4,2

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Inni **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Raddir Afríku **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.
**17.20 Babar**
**17.44 Bombubyrgið**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Framandi og freistandi 3** *(8:9) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Gettu betur** *(MH - Borgarholtsskóli)* Spurningakeppni framhaldsskólanema.
**21.10 Bifurinn** *(The Beaver)* Maður sem er þjakaður af sálarmeinum tjáir sig eingöngu með aðstoð handbrúðu. Leikstjóri er Jodie Foster og meðal leikenda eru Mel Gibson, Jodie Foster, Anton Yelchin og Jennifer Lawrence. Bandarísk bíómynd frá 2011.
**22.45 Barnaby ræður gátuna – Hnökri í kerfinu** *(4:7) (Midsomer Murders XII: The Glitch)* Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**00.20 Tenenbaum-fjölskyldan** *(The Royal Tenenbaums)* Gamanmynd um ævintýrin sem gerast þegar fjölskylda undrabarna kemur saman eftir langan aðskilnað. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.25 17 Again**
**14.05 Gray Matters**
**15.40 Spy Kids 4**
**17.10 17 Again**
**18.50 Gray Matters**
**20.25 Spy Kids 4**
**22.00 The Next Three Days**
**00.10 Babylon A.D.**
**01.50 The Transporter**
**03.20 The Next Three Days**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(8:16)*
**08.30 Ellen** *(97:170)*
**09.15 Doctors** *(84:175)*
**09.55 Bold and the Beautiful**
**10.15 Til Death** *(13:18)*
**10.45 The Whole Truth** *(2:13)*
**11.25 Two and a Half Men** *(10:16)*
**11.50 Masterchef USA** *(16:20)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Women** Skemmtileg gamanmynd með Meg Ryan, Annette Bening, Evu Mendes, Debru Messing og Jödu Pinkett Smith í aðalhlutverkum.
**14.50 Sorry I've Got No Head**
**15.20 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(98:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(2:22)*
**19.45 Týnda kynslóðin** *(22:34)* Skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og félaga sem fá til sín landskunna gesti í óhefðbundin viðtöl þar sem gestirnir taka virkan þátt í dagskrárgerðinni.
**20.10 MasterChef Ísland** *(9:9)* Nú er komið að því að krýna fyrsta meistarakokk Íslands.
**20.55 American Idol** *(9:40)* Tólfta þáttaröð þessa vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu.
**22.20 Tenderness** Spennutryllir um hina fimmtán ára gömlu Lori sem kynnist ungum manni, Erik, sem á að baki sér ljótan afbrotaferil og fangelsisdóm og þau fara í ferðalag um Bandaríkin. Russell Crowe leikur lögreglumann sem grunar Erik um græsku og reynir að vera aldrei langt undan.
**23.50 Angel** Rómantísk og áhrifamikil mynd þar sem Sam Neil fer með hlutverk rithöfundar sem á afar róstusaman feril í upphafi 19.aldarinnar.
**01.45 Stir of Echoes: The Homecoming**
**03.20 The Women**
**05.10 Simpson-fjölskyldan** *(2:22)*
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Evrópudeildin: Zenit - Liverpool**
**14.50 Kadetten Schaffhausen - Füchse Berlin**
**16.10 Evrópudeildin: Tottenham - Lyon**
**17.50 Evrópudeildin: Sparta Praha - Chelsea**
**19.30 FA bikarinn - upphitun**
**20.00 Meistarad. Evrópu: fréttaþáttur**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 Evrópudeildarmörkin**
**21.50 Búrið** Skemmtilegur þáttur þar sem hitað er upp fyrir annan bardaga Gunnars Nelson í UFC.
**22.20 UFC in Nottingham** Útsending frá fyrsta bardaga Gunnars Nelson innan UFC-samtakanna.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.55 Sunnudagsmessan**
**17.10 Sunderland - Arsenal**
**18.50 Chelsea - Wigan**
**20.30 Premier League World**
**21.00 PL Classic Matches. Arsenal - Chelsea, 1996**
**21.30 Football League Show**
**22.00 Swansea - QPR**
**23.40 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1998**
**00.10 Tottenham - Newcastle**

## STÖÐ 2 krakkar

**07.00 Brunabílarnir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Histeria!**
**10.20 Ofurhundurinn Krypto**
**10.40 Lukku-Láki**
**11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími**
**17.05 Maularinn**
**17.30 Ofurhetjusérsveitin**
**17.55 iCarly** *(14:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(8:22)* Ferð fjölskyldunnar á bóksölu fyrir notaðar bækur hefur mikil áhrif á Springfield þar sem Hómer kemst yfir Duff-heimsmetabókina. Springfield tekst að setja heimsmet sem enginn myndi vera stoltur af nema íbúar bæjarins. Við heyrum rödd Bens Stiller í þættinum.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(1:22)*
**19.00 Friends** *(11:24)*
**19.20 How I Met Your Mother** *(13:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(12:22)*
**20.10 The Glee Project** *(4:12)* Önnur þáttaröðin af þessum þáttum sem ganga út á að finna og þjálfa upp hæfileikaríkt ungt fólk sem keppir svo um gestahlutverk í einni vinsælustu þáttaröð síðari tíma, Glee.
**20.50 The O.C** *(8:25)* Orange-sýsla í Kaliforníu virðist í fyrstu vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa.
**21.35 Hellcats** *(4:22)* Dramatískir gamanþættir þar sem við fáum að skyggnast inn í kappsaman heim klappstýra og vinskap þeirra á milli.
**22.15 Sons of Anarchy** *(13:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbburinn þarf að takast á við ógnanir eiturlyfjasala, spilltra lögreglumanna og verktaka til að halda velli en rekur löglegt verkstæði og felur sig á bak við fjölskyldugildi.
**23.15 The Glee Project** *(4:12)*
**00.00 The O.C** *(8:25)*
**00.45 Hellcats** *(4:22)*
**01.25 Sons of Anarchy** *(13:13)*
**02.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.20 Doctors** *(136:175)*
**19.05 Ellen** *(98:170)*
**19.50 Það var lagið**
**20.45 Poirot – Taken at the Flood**
**22.25 American Idol** *(10:40)*
**23.40 Það var lagið**
**00.35 Poirot – Taken at the Flood**
**02.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray**
**08.45 Dr. Phil**
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**13.30 The Voice** *(5:15)*
**15.50 Top Chef** *(10:15)*
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.00 Survivor** *(15:15)*
**18.50 Running Wilde** *(13:13)*
**19.15 Solsidan** *(3:10)*
**19.40 Family Guy** *(7:16)* Peter Griffin og fjölskylda ásamt hundinum Brian lenda í ótrúlegum ævintýrum þar sem kolsvartur húmor er aldrei langt undan.
**20.05 America's Funniest Home Videos**
**20.30 The Biggest Loser** *(7:14)* Það sem keppendur eiga sameiginlegt í þessari þáttaröð er að á þeim hafa dunið áföll. Þau fá nú tækifæri til að létta á sér.
**22.00 HA?** *(6:12)* Jói G. er gestgjafi, Sóli Hólm og Gunnar Sigurðsson á Völlum sjá um svörin og Stefán Pálsson semur spurningarnar. Gestir þáttarins að þessu sinni eru þau Ágústa Eva Erlendsdóttir og Ólafur Jóhannesson kvikmyndaleikstjóri.
**22.50 Everything or Nothing:The Untold Story of 007** Einstök heimildarmynd í tilefni af 50 ára afmæli njósnara hennar hátignar. Orrustur voru háðar um réttindin um að koma njósnaranum á hvíta tjaldið þar sem mennirnir á bak við Bond bárust á banaspjótum.
**00.25 Hæ Gosi** *(3:8)*
**01.05 Excused**
**01.30 House** *(22:23)*
**02.20 Last Resort** *(12:13)*
**03.10 Combat Hospital** *(8:13)*
**03.50 CSI** *(16:23)*
**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.50** Northern Trust Open **2013** *(1:4)* **11.50** PGA Tour - Highlights *(6:45)* **12.45** Northern Trust Open **2013** *(1:4)* **15.45** Inside the PGA Tour *(7:47)* **16.10** Northern Trust Open **2013** *(1:4)* **19.10** Golfing World **20.00** Northern Trust Open **2013** *(2:4)* **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Gestagangur hjá Randveri **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun





Fazer
Fazer
THE ORIGINAL
TYRKISK PEBER
ORIGINAL
TOO HOT TO HANDLE?
TYRKISK PEBER

HELGIN



**„Ég er að fara til Gautaborgar á laugardagsmorguninn og ætla að þeyta skífum á djassklúbbi þar þá um kvöldið. Ég bjó í Gautaborg um tíma og á vini þar sem ég ætla að heimsækja í leiðinni, og eins pabba minn sem er búsettur þarna.“**

Ingvar Geirsson hjá Lucky Records

# Valli Sport tekur í krullujárnið fyrir Heru

Umboðsmenn fræga fólksins þurfa að vera fjölhæfir og tilbúnir til að læra nýja hluti, eins og að krulla hár.

„Starf umboðsmanns er langt í frá einhæft. Okkur þarf að vera ýmislegt til lista lagt,“ segir umboðsmaðurinn Valgeir Magnússon, betur þekktur sem Valli Sport.

Valgeir heldur til Síle á morgun með skjólstæðingi sínum Heru Björk Þórhallsdóttur. Þar keppir Hera Björk í sex laga úrslitum alþjóðlegu söngvakeppninnar Viña del Mar International Song Festival, þangað sem hún var valin úr 500 manna hópi. Keppnin fer fram annan laugardag en vikan er þétt bókuð í æfingar og alls kyns framkomur. „Við verðum úti í fimmtán daga og þar sem þetta er risastór keppni þarf að gera ráð fyrir því að ljósmyndarar bíði Heru á hótelinu á morgnana og fylgi henni svo hvert fótspor. Hún þarf því að líta vel út öllum stundum. Keppnin útvegar henni hárgreiðslu og förðun á keppnisdögunum en hina dagana erum við bara tvö, svo við þurfum bara að bera okkur eftir björginni,“ segir Valli og mundar krullujárnið, en sjálfur ætlar hann að gerast sérlegur hárgreiðslumaður Heru yfir þessa daga. „Við verðum úti í svo langan tíma að það er erfitt að fá fagmenn til að fara í burtu svo lengi til að koma með okkur. Auk þess væri það auðvitað verulegur auka kostnaður. Við fengum því hana Emilíu á Emóru sem sér um hárið á Heru til að taka mig í þjálfun við að krulla á henni hárið. Þetta getur nú ekki verið svo erfitt,“ segir hann brattur. - trs



**GETUR EKKI VERIÐ SVO ERFITT** Valli ætlar að bera ábyrgð á hárinu á Heru á meðan þau dvelja í Síle. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



NORDICPHOTOS/GETTY

**TÍSKUSINNAÐUR RAPPARI** Ekki er nóg með að Tinie Tempah hafi fengið fjölda verðlauna fyrir tónlist sína heldur var hann líka valinn best klæddi maður ársins 2012 af tímaritinu GQ.

# Rapparinn Tinie Tempah skrifar í stjörnur á Íslandi

Enski rapparinn heimsfrægi kemur fram á Keflavík Music Festival 2013 í júní næstkomandi.



Rapparinn Tinie Tempah hefur öðlast miklar vinsældir á skömmum tíma og stefnir nú til Íslands, því hann er væntanlegur á Keflavík Music Festival 5.-9. júní næstkomandi.

Patrick Chukwuem Okogwu, betur þekktur sem Tinie Tempah eða einfaldlega T, er fæddur í London árið 1988. Frá því að hann var uppgötvaður árið 2009 hefur frægðarsól hans risið hratt og örugglega. Árið 2010 var tvímælalaust hans ár, en þá gaf hann út sitt fyrsta lag, Pass Out. Lagið náði efsta sæti breska vinsældalistans og hélt sætinu í tvær vikur. Aðeins fjórum mánuðum eftir að Pass Out kom út stóð Tempah á sviði með Snoop Dogg og flutti lagið. Þriðja lag hans, Written in the Stars, náði einnig efsta sæti listans og seldist í yfir 115.000 eintökum í fyrstu vikunni eftir að það kom út. Það er vinsælasta lag Tempah til dagsins í dag og flutti hann það meðal annars á lokahátíð Ólympíuleikanna í London síðastliðið sumar, ásamt Jessie J og Taio Cruz.

Hann var tilnefndur til fjögurra Brit-verðlauna árið 2011 og hlaut tvenn, fyrir besta nýja atriðið og besta lagið. Auk þessa var Tinie tilnefndur fyrir bestu plötuna og sem besti karlsöngvarinn. Þar fyrir utan hefur hann hlotið fjölda annarra verðlauna og tilnefninga.

Þegar rapparinn var spurður um hápunkt þessa magnaða árs 2010 var hann hógværðin uppmáluð og sagði það vera þegar hann fór í heimsókn í gamla grunnskólann sinn og var sýnt tónlistarver sem hafði verið sett upp í hans nafni.

Tempah hefur fylgt velgengninni vel eftir og nafn hans er nú orðið þekkt um allan heim. Önnur plata hans, Demonstration, hefur verið í vinnslu síðustu tvö ár og er væntanleg á árinu. Á henni slást meðal annars þau Chris Martin og Emeli Sandé í för með rapparanum, auk þess sem góðvinur hans Labrinth lætur aftur til sín taka.

Miðasala á Keflavík Music Festival er nú í fullum gangi á keflavikmusicfestival.is og eru miðar á forsöluverði, 9.900 krónur, fram yfir helgi. Á mánudaginn hækkar miðaverðið í 13.500 og á sama tíma hefst salan á miðum í öllum helstu verslunum N1. tinnaros@frettabladid.is

## Hefur unnið með stórum nöfnum



Tempah hefur unnið með fjölda stórra nafna og gefið út nokkur gríðarlega vinsæl lög. Hann hefur meðal annars farið á tónleikaferðalög með **Rihönnu**, Jay-Z og Usher og á meðal aðdáenda hans má telja Harry Bretaprins, P. Diddy og Paris Hilton.

**Labrinth** er mikill vinur Tempah og hafa þeir unnið mikið saman, meðal annars að lögunum Frisky og Earthquake. Bandaríski söngvarinn Eric Turner söng með honum í hans vinsælasta lagi hingað til, Written in the Stars. Swedish House Mafia aðstoðaði hann við smellinn Miami 2 Ibiza. Kelly Rowland úr Destiny's Child vann með honum í laginu Invincible og Emeli Sande gerði svo með honum lagið Let Go. Nýjasti smellur hans, Drinking From a Bottle, vann hann með Calvin Harris, sem er einn þekktasti upptökustjóri í heiminum í dag.

## Best klæddur

Tempah er fleira til lista lagt en að rappa og er hann meðal annars afar tískusinnaður. Hann hefur mikinn áhuga á tísku og stofnaði sitt eigið fatamerki á síðasta ári, hannaði íþróttaskó fyrir Nike og tók sæti í karlanefnd London Collections. Hann er ávallt flottur í tauinu og var til að mynda valinn best klæddi maður ársins 2012 af karlatímaritinu GQ og prýddi forsíðu þess í kjölfarið.






# Íslensk myndlist á snjóbretti Head

Verk eftir Margeir Sigurðsson og Georg Óskar Giannakoudakis prýða snjóbrettin.

„Ég var að læra listræna stjórnun í Barcelona og einn bekkjarfélagi minn fór síðan að vinna hjá Red Bull-auglýsingastofunni sem sér meðal annars um brettaframleiðandann Head. Þeir voru að leita að listamönnum til að skreyta bretti í nýrri línu fyrir veturinn 2013-14. Auglýsingastofan sýndi aðstandendum Head meðal annars tvö verk eftir okkur og þeir urðu svona hrifnir,“ segir Margeir Dire Sigurðsson. Hann og Georg Óskar Giannakoudakis mynda saman listamannatvíeykið Góms og munu verk eftir þá prýða snjóbretti úr væntanlegri línu Head.

Verkin tvö sem Head valdi voru verk sem Margeir og Georg áttu þegar til í möppu en þau voru svo endurhönnuð í samstarfi við teymi fyrirtækisins. Piltarnir vilja ekki gefa upp hvað þeir fengu greitt fyrir verkin.

Inntir eftir því hvort þeir iðki sjálfir snjóbrettaíþróttina svarar Georg á þessa leið: „Ég var mjög mikið á snjó- og hjólabretti þegar ég var yngri og Margeir sömuleiðis en við höfum ekki rennt okkur í nokkur ár núna. Brettin koma í sölu á Íslandi næsta haust og við hlökkum mikið til að sjá landann renna sér á íslenskri myndlist í nánustu framtíð.“

Margeir og Georg fá send tvö bretti frá fyrirtækinu en ætla þó ekki að brúka þau í Bláfjöllum næsta vetur. „Ég tími ekki að rispa mitt þannig að ég ætla að koma því fyrir á góðum stað uppi á vegg hjá mér,“ segir Georg og Margeir tekur undir: „Mitt fer líka upp á vegg, en ætli það endi ekki á því að ég fái mér annað eintak til að renna mér á. Hafa eitt sem sýningareintak og hitt til að renna sér á.“

Þess má geta að Góms opnar sýninguna Overdose & Underdose í Reykjavík Art Gallery í dag klukkan 17. - sm





**TVÍEYKI** Margeir Dire Sigurðsson og Georg Óskar Giannakoudakis mynda tvíeykið Góms. Myndir eftir þá prýða ný snjóbretti frá fyrirtækinu Head. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

NÝTT KORTATÍMABIL

# NÝJAR VÖRUR!
# VOR/SUMAR 2013

VERÐDÆMI

Regatta GREAT OUTDOORS®

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

| Börn | | Dömur & herrar | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bolir | 1.990,- | Bolir | 1.990,- | Stretch buxur | 8.990,- |
| Flíspeysur | 2.990,- | Skyrtur | 3.990,- | Regnbuxur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 4.490,- | Flíspeysur | 3.990,- | Regnjakkar | 2.990,- |
| Zip off buxur | 4.990,- | Softshell peysur | 5.990,- | Hjólajakkar | 5.990,- |
| Softshell buxur | 5.490,- | Core Stretch peysur | 4.990,- | Isotex 20000 jakkar | 16.490,- |
| Regnbuxur | 1.990,- | Buxur | 4.990,- | Skór | 7.490,- |
| Regnjakkar | 2.490,- | Softshell buxur | 7.990,- | Bakpokar | 4.990,- |
| Skór | 6.990,- | Zip off buxur | 8.990,- | o.fl. o.fl. | |

## VETRARVÖRUR ´12-´13 – VERÐHRUN!
Úlpur, snjóbuxur, skyrtur, flíspeysur, softshellpeysur o. fl. á ÓTRÚLEGU VERÐI!!



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing
**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hve glöð er vor æska

**Hallgrími Helgasyni** rithöfundi brá í brún er hann gekk upp Hallarmúlann á miðvikudag og sá þar 300 ungmenni í röð til að komast í atvinnuviðtal á nýjum veitingastað, Lemon, sem verður senn opnaður á Suðurlandsbraut. Á Facebook-síðu sinni veltir hann fyrir sér hvort miklu atvinnuleysi sé um að kenna, hvort Jóhanna Sigurðardóttir verði þar yfirkokkur eftir kosningar, hvort Björk eigi staðinn eða hvort Ben Stiller ætli jafnvel að vinna þar í sumar. Líklegustu skýringuna hlýtur þó að mega rekja til óbilandi sjálfstrausts íslenskra ungmenna, enda auglýsti staðurinn eftir „fáránlega hressu fólki“ með „ótrúlega útgeislun“.



### Fjöldi dansaði í Hörpu

Yfir tvö þúsund manns komu saman í dansi í Hörpu í gær til að sýna þolendum kynbundins ofbeldis stuðning og krefjast þess að kynbundið ofbeldi heyri sögunni til. Viðburðurinn var hluti af alþjóðlegu átaki sem nefnist Milljarður rís og var fólk hvatt til að vera hluti af milljarði fólks sem dansaði gegn ofbeldi gegn konum. Meðal þeirra sem dönsuðu undir stjórn Margrétar Erlu Maack og við tónlist DJ Margeirs voru frú **Vigdís Finnbogadóttir,** þingkonan **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,** Helga Vala Helgadóttir lögmaður, Silja Bára Ómarsdóttir háskólakennari, Stefán Pálsson sagnfræðingur og Snorri Helgason tónlistarmaður. **- kg, þeb**



### Mest lesið vísir

1 Var að undirbúa óvænta Valentínusargjöf
2 Suður-afríska íþróttahetjan Pistorius skaut kærustu sína til bana
3 Laus við kúrekahatt og svipu í rúminu daginn fyrir orrustu
4 Segist loka heilli hæð vegna of mikillar sölu





